

Dellur fyrr og nú

20 EFTIRMINNILEGUSTU ÆÐIN SEM HELTEKIÐ Hafa ÞJÓÐINA



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júlí 2007 – 176. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Trabant á Glastonbury



Strákarnir í hljómsveitinni Trabant fóru ekki varhluta af drullunni sem var á Glastonbury-tónleikahátíðinni fyrir skömmu.

FÓLK 20

Laxinn mun koma



Ingvi Hrafn Jónsson segir það aðeins tímaspursmál hvenær laxinn láti sjá sig. Júnímánuður er sá verstí sem hann hefur upplifað.

FÓLK 30

Reykviskur „sundurleitismi“

„Það er engum vafa undirorpið að fólk dregst að miðbænum meðal annars vegna gömlu húsanna,“ segir Oddný Sturludóttir.

Í DAG 8


Mögnuð Miðja

Blaðamaður Fréttablaðsins skelli sér í KR-búninginn á dögnum og upplifði frá fyrstu hendi hvernig það er að vera hluti af Miðjunni, hinni rómuðu stuðningsmannasveit KR.



ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG




HÆGVÍÐRI í dag verður hægviðri eða hafgola. Yfirleitt bjartviðri norðan til og á Vestfjörðum annars skjáð með köflum. Hætt við síðdegisskúrum og sums staðar þokulofti með ströndum. Hiti víðast 10-17 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Steingrímur bauð Ingibjörgu að verða forsætisráðherra

Steingrímur J. Sigfússon taldi eðlilegt að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir yrði forsætisráðherra í hugsanlegri vinstri stjórn að loknum kosningunum í maí. Hann kannaði afstöðu Framsóknarmanna til þátttöku í slíkri stjórn fyrir kosningar og reifaði síðar hugmyndir um minnihlutastjórn með stuðningi Framsóknar.

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, beitti sér með ýmsu móti fyrir myndun vinstri stjórnar í aðdraganda og í kjölfar alþingiskosninganna 12. maí.

Hann skynjaði áhugaleysi meðal framsóknarmanna á slíku stjórnarsamstarfi fyrir kosningar og eftir þær lýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, efasemdum.

Steingrímur og Ingibjörg Sólrún áttu nokkur trúnaðarsamtöl um pólitísku stöðuna nokkrum vikum fyrir kosningar.

Þau hittust meðal annars í tvígang á heimili Ingibjargar.

Á þeim fundum sagðist Steingrímur vilja að bönd þeirra yrðu styrkt. Auk samkomulags um

embættið í hugsanlegri ríkisstjórn flokkanna, með eða án þátttöku annarra. Sú krafa væri fullkomlega eðlileg.

„Þessu eyddi Ingibjörg en ræddi í staðinn möguleikann á að kanna hvort framsóknarmenn hefðu einhvern hug á samstarfi við okkur ef útkoman yrði slík að nauðsynlegt væri að horfa til þeirra,“ segir Steingrímur í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Steingrímur tók að sér að kanna afstöðu Framsóknar og varð þess áskynja að þar á bæ væri lítill áhugi á samstarfi við vinstri flokkana.

Áður hafði Steingrímur fullvissað Ingibjörgu Sólrúnu um að hann hefði ekkert á móti því að Samfylkingin gerði kröfu um forsætisráðherra-

embættið í hugsanlegri ríkisstjórn flokkanna, með eða án þátttöku annarra. Sú krafa væri fullkomlega eðlileg.

Eftir kosningar lýsti Steingrímur áhuga á myndun minnihlutastjórnar VG og Samfylkingar – jafnvel með þátttöku Frjálslynda flokksins – sem nyti stuðnings Framsóknarflokksins.

Ingibjörg Sólrún tók hugmyndinni með fyrirvörum.

Hún taldi slíka stjórn of veika og hafði áhyggjur af því að Framsóknarflokkurinn gæti haldið henni í gíslingu. „En þetta varð nú ekki, því miður, og þarna held ég að hafi kulnað síðustu möguleikarnir á að til yrði öðruvísi ríkisstjórn en sú sem varð,“ segir Steingrímur.

- bps / sjá síður 12 og 13



PYNTINGAR Á AUSTURVELLI Fólk sem átti leið um Austurvöll í gær rak upp stór augu þegar það varð vart við hrottalegar pyntingar sem þar áttu sér stað. Þegar betur var að gáð kom í ljós að þarna voru á ferð fulltrúar Amnesty International sem vildu með uppátækinu vekja athygli á þeim pyntingaraðferðum sem notaðar eru í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sala eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja veldur straumhvörfum í rekstri:

Fimm sveitarfélög skuldlaus

BYGGÐAMÁL Fimm sveitarfélög af sjö sem seldu eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja geta greitt upp allar skuldir og skuldbindingar sínar. Sveitarfélögin eiga þrátt fyrir það milljarða í sjóði. Sveitarfélögin sem eiga í hlut eru Grindavík, Vestmannaeyjar, Sandgerði, Garður og Vogar. Eignarhlutur sveitarfélaganna í Hitaveitunni hefur rúmlega sjöfaldast á einum og hálfum mánuði. Til dæmis hefur eignarhlutur

Grindavíkurbæjar vaxið úr 634 milljónum í 4,5 milljarða. Skuldir sveitarfélagsins voru við árslok 2006 rúmlega milljarður króna.

„Ekkert hefur verið ákveðið ennþá en ljóst er að þetta eru áður óþekktar stærðir. Það sér það hver maður að þessar fjárhæðir breyta öllu fyrir sveitarfélögin sem eiga í hlut,“ segir Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar.

„Þetta gefur gríðarleg tækifæri til framtíðar, það er ekki hægt að neita því. Þetta breytir stöðunni fyrir samfélagið hér algjörlega,“ segir Óskar Gunnarsson, forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Óskar segir að öll sveitarfélögin sem í hlut eiga hafi hátt þjónustustig. „Það er mikill metnaður á Suðurnesjum en ég er viss um að þau sveitarfélög sem hafa fengið þessa fjármuni munu draga að sér fólk.“ - sh

SAMSUNG LCD & PLASMA SJÓNVÖRÞ
Afburða tækni · Frábær hönnun · Framúrskarandi myndgæði · Gott verð

Ný módel komin!
Opið í Smáralind í dag frá kl. 13-18

ORMSSON
ELLEFU VERSALNIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

Andstaða við yfirtöku eykst: Marel eykur við hlut sinn í Stork samstæðunni

VIÐSKIPTI Marel hefur aukið við hlut sinn í hollensku samstæðunni Stork og situr nú á tæpum sautján prósentum.

Fyrir átti Marel, sem hefur sóst eftir því að kaupa matvæla-vinnsluvélahluta Stork, tæp ellefu prósent.

Fjárfestingafélagið Candover hefur lýst yfir áhuga á að gera 1,5 milljarða evra yfirtökutilboð í Stork. Það jafngildir 127 milljónum króna.

Stuðningur er við tilboðið hjá stórum hópi hluthafa Stork en samþykki 80 prósent þeirra þarf til eigi það að ganga í gegn.

Með eignarhlut Marel's nú, sem er mótfalli tilboði Candover, virðist sá stuðningur ekki til staðar.

- jab

ÓPIÐ TIL **18** Í DAG

ÚTSALA
15-70% afsláttur

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSJA



Ragnheiður, lifið þið þetta af?
„Hingað til höfum við gert það.“

Þegar sjúklingar eru sóttir til Mosfellsbæjar er viðbragðstími sjúkrabíla langt yfir viðmiðunarmörkum. Ragnheiður Ríkharðsdóttir er bæjarstjóri í Mosfellsbæ.

Þrjátíu dagar á skilorði:
Sló og meiddi
lögreglukonu

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi, í Héraðsdómi Norðurlands eystra, fyrir að slá lögreglukonu hnefahögg í brjóstakassa þannig að mar hlaust af.

Atvikið átti sér stað í anddyri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Lögreglukonan hafði afskipti af manningum vegna starfs síns með fyrrgreindum viðbrögðum af hans hálfu. Hann játaði sök fyrir dómi.

Maðurinn sem dæmdur var hefur ekki áður verið dæmdur til refsingar. Með hliðsjón af því, svo og verulegum, óútskýrðum drætti sem varð á rannsókn málsins, þótti ofangreind refsing hæfileg. -js

Erill hjá lögreglunni:
Reyndu að stela
beltagröfu

LÖGREGLUMÁL Allar fangageymslur lögregunnar á höfuðborgarsvæðinu voru fullar á laugardagsmorgun eftir erilsama nótt.

Nokkuð var um eignaspjöll og voru tveir ungrir menn handteknir á Grettisgötu þar sem þeir höfðu skemmt átta bíla.

Þá voru tveir menn gómaðir við það að stela lítilli beltagröfu í Þverholtinu. Mennirnir höfðu komið gröfunni upp á kerru en lögregla náði til þeirra áður en þeir stungu af.

Mikil ölvun var í miðborginni og fengu nokkir að sofa úr sér í fangaklefa. -þo

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílvelta og bifhjól

Bíl var velt við Vesturvör í Kópavogi á fimmtudagskvöld. Ökumaður bílsins slapp við meiðsl. Ekki er vitað um orsakir óhappsins en rannsókn stendur yfir.

Bretar óttast hryðjuverk eftir árás í Glasgow og sprengjufund í Lundúnum:

Viðbúnaðarstig hækkað í Bretlandi

BRETANDEYJAR. AP Viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkaógnar var hækkað á Bretlandseyjum í gærkvöld eftir fund í neyðarnefnd ríkisins. Ákvörðunin var tekin í kjölfar tilrauna til sprengjuárása í Lundúnum og árásar á flugvöllinn í Glasgow. Gordon Brown, utanríkisráðherra Bretlands, staðfesti í gær að um árás hefði verið að ræða þegar tveir menn óku logandi jeppabifreið inn í flugstöðvarbygginguna í Glasgow síðdegis.

Miklar sprengingar urðu þegar bifreiðin hafnaði á byggingunni en mildi þykir að enginn slasaðist. Flugstöðin var rýmd í kjölfarið og öllu flugi aflýst. Þá var öryggisgæsla hert á öðrum breskum flugvöllum meðal annars á Heathrow og Stansted. Tveir menn voru í bifreiðinni og voru þeir handteknir. Enginn hefur lýst árásinni á hendur sér.

Enn hefur enginn verið handtekinn vegna sprengja sem fundust í bifreiðum í Lundúnum á föstudag. Fyrrsprengjan fannst í bifreið sem lagt hafði verið skammt



ÁRÁS Á FLUGVÖLLINN Í GLASGOW Skelkaðir ferðamenn streyma út úr flugstöðvarbyggingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

frá Piccadilly Circus en sú síðari í bifreið skammt frá Hyde-garðinum. Stjórnvöld útiloka ekki að sprengjurnar geti tengst þekktum hryðjuverkasamtökum á borð við al-Kaída.

Ekki er vitað hvort tengsl eru milli atburðanna í Lundúnum og Glasgow. -þo

Sveitarfélög og kirkjugarðaráð:

Samkomulag um kirkjugarða

STJÓRNMÁL Kirkjugarðaráð og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa náð samkomulagi um skyldur sveitarfélaga og kirkjugarðsstjórna vegna nýrra kirkjugarða.

Með reglum verður sveitarfélögum skylt að afhenda lóðir undir kirkjugarða án gjalds, leggja til efni í girðingar og leggja vegi að kirkjugörðunum.

Kirkjugarðaráði er gert skylt að hafa samráð við sveitarfélög um nýframkvæmdir og leggja fram kostnaðaráætlanir. Þetta er í fyrsta sinn sem reglur af þessu tagi eru samþykktar. -sgj

Vann tíu milljónir á einum mánuði

Nokkrir Íslendingar lifa á því að spila póker á netinu. Pókeráhugamenn vilja leyfa pókerfót og segja þau í engu frábrugðin skák- eða golfmótum. Dómsmálaráðherra Danmerkur ætlar að leggja til að pókerfót verði leyfð þar.

SPIL Nokkrir Íslendingar lifa á því að spila póker á netinu. Um daginn vann Íslendingur 6,2 milljónir króna á vefsíðunni Betsson. Annar vann sér inn 10 milljónir króna á einum mánuði nýverið.

Sá sem vann sér inn 10 milljónir hefur haft ágætis tekjur af spilamennskunni. Hann vill ekki koma fram undir nafni en hann er kunnur afreksmaður í íþróttagrein ekki svo ólíkri pókerinum. Hann byrjaði að spila póker á netinu fyrir tveimur árum. Þá var hann lítilliga búinn að gutla í póker með vinum sínum. Hann tapaði 200.000 krónum fyrsta mánuðinn en vann sig smám saman upp og hafði líklega um 5 milljónir króna í tekjur fyrsta árið. Hann spilaði mjög mikið þá, allt upp undir átta tíma á dag. Hann spilar mun minna núna en hefur þó mun meira upp úr krafsinu en hann gerði fyrsta árið. Hann vildi þó ekki nefna ákveðna tölu, sagðist ekki fylgjast mjög mikið með því hversu mikið hann ynni sér inn og héldi ekki utan um það.

Hann telur að þótt hann hafi aldrei unnið jafn mikinn pening og þennan mánuð þegar hann vann tíu milljónir þá sé það lítið mál að endurtaka leikinn ef hann kæri sig um. Hann hafi náð þessum framförum sem þarf til að græða svona mikið. Hann er þó ekki viss um að hann nenni að eyða þeim tíma sem þarf til að vinna sér inn þessar upphæðir. Hann ætli sér þó að halda áfram að lifa á spilamennskunni.

Georg Haraldsson, tölvufræðingur og áhugamaður um póker, vill að pókerfót líkt og það sem lögreglan stöðvaði um daginn verði



FRÁ PÓKERMÓTINU SEM VAR STÖÐVAÐ Lögreglan hefur enn ekki gefið út ákæru vegna pókerfótsins. Pókersamband Íslands verður stofnað í næstu viku til að berjast fyrir málefnum pókerspilara. Sjá nánar á pokernet.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

leyfð. Pókerfót séu ekki eins og hefðbundinn póker en í honum er veðjað um þá peninga sem spilað er með. „Þetta er bara spil eins og brids, sem er einnig hægt að veðja í,“ segir Georg. „Allir lögfræðingar sem ég hef rætt við telja að lögreglan hefði ekki átt að stöðva mótið.“

Póker er ólöglegur í Danmörku

nema í spilavítum en þau eru ríkisrekin þar. Dómsmálaráðherra Dana ætlar að leggja til í haust að pókerfót verði lögleg að því er fram kemur í Berlingske Tidende. Þetta sé orðinn vinsæll leikur og ráðherranum finnst fátíðlegt að hinn almenni heimilisfaðir sé að brjóta lög fyrir það eitt að spila við félagi sína. peturla@frettabladid.is

PÓKERMÓT

Í pókerfóti er ekki veðjað um þá spilapeninga sem notaðir eru. Þeir eru einfaldlega notaðir til stigatalningar. Það sem sigurvegarinn fær er verðlaunaféð í móti. Það eru

ákveðin verðlaun fyrir fyrsta sæti, svo koma önnur verðlaun, þriðju verðlaun og svo framvegis. Þessi mót eru því í engu frábrugðin golfmótum eða skákmótum.

Fá ekki að fljúga til Evrópu:
Ótraust flugfé-
lög stöðvuð

BRUSSEL. AP Öll flugfélög Indónesíu verða sett á svartan lista Evrópusambandsins og meinað að fljúga til landa sambandsins.

„Listinn sýnir að hann er mikilvægur til að koma í veg fyrir að ótraust flugfélög fljúgi til Evrópu,“ sagði Jacques Barrot, varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

„Við eigum eftir að skila inn nýjustu gögnum til framkvæmdastjórnarinnar. Þau sýna að öryggi indónesískra flugfélaga er að aukast,“ segir Budhi Mulyawan, yfirmaður flugmála í Indónesíu.

Fyrir bannið var 91 flugfélag á listanum, þar af 74 frá Afríku. -aví

Lögreglumaður rekin:

Kynlífssýning í fangaklefa

FÍLADÉLFÍA. AP Lögreglumanni í Fíladélfíu í Bandaríkjunum hefur verið víkið úr starfi fyrir að skipa tveimur konum sem voru í fangaklefa að halda fyrir sig kynlífssýningu.

Brotið átti sér stað árið 2003 þegar lögreglumaðurinn skipaði konunum að kyssast, snerta hvor aðra og bera brjóstin.

Konurnar höfðu verið handteknar vegna gruns um eiturlyfjamisferli. Þær höfðu hins vegar engin eiturlyf á sér og var því sleppt án ákæru.

Önnur konan höfðaði mál gegn lögreglunni sem dæmt var í fyrir skömmu. Hún fékk rúma milljón í skaðabætur. -aví

LÖGREGLUFRÉTTIR

Lítið slösuð eftir árekstur

Fjórir voru fluttir á heilsugæslustöð til skoðunar eftir harða aftanákeyrslu á Biskupstungnabraut í gær. Fólkið slasaðist lítillega en bilamir skemmdust mikið. Loka þurfti veginum í klukkustund og olli það nokkrum töfum.

Fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur eftir harðan árekstur á Húmarhátíð:

Kastaðist á gangandi vegfarendur

LÖGREGLUMÁL Maður var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur eftir harðan árekstur á Höfn í Hornafirði í gær. Þrjár slösuðust en meiðsli tveggja voru minniháttar.

Slysið varð með þeim hætti að bifreið var ekið eftir Víkurbraut í veg fyrir aðra bifreið sem ók eftir Hafnarbraut. Við áreksturinn kastaðist annar bílanna upp á gangstétt og hafnaði þar á tveimur gangandi vegfarendum. Þeir slösuðust lítillega en sá sem slasaðist mest var farþegi í aftursæti bifreiðarinnar. Fjórir voru í bilnum og slupu hinir þrjú ómeiddir. Farþega í hinni bifreiðinni sakaði ekki. Að sögn lögreglu var maðurinn sem slasaðist ekki í bílbelti. Mikill mannfjöldi er saman kominn á Húmarhátíðinni á Höfn og þar hefur allt farið vel fram. Ein líkamsárás er þó til rannsóknar en hún átti sér stað á tjaldsvæðinu aðfaranótt laugardags. -þo

SLYS Á HÚMARHÁTÍÐ Önnur bifreiðin kastaðist upp á gangstétt við áreksturinn og lenti á gangandi vegfarendum.

MYND/PORVALDUR STURLUSON



Reykjavík
871 ±2

Landnámsýningin
The Settlement
Exhibition

Lífið á
landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur



Til hamingju!

Húsasmiðjan óskar eldri borgurum þessa lands til hamingju með nýja lagasetningu Alþingis um almannatryggingar og málefni aldraðra. Skv. nýju lögnum skerða atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára og eldri, ekki ellilífeyri frá Tryggingastofnun Ríkisins.

Húsasmiðjan hefur stutt baráttu eldri borgara fyrir þessum sjálfsagða rétti og vonumst við til að halda starfsmönnum okkar lengur við störf auk þess sem við bjóðum nýja eldri borgara velkomna í hópinn. Húsasmiðjan er stolt af því að hafa fólk með mikla reynslu meðal starfsmanna, sem hjálpar okkur að veita viðskiptavinum enn betri þjónustu.



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,09	62,39
Sterlingspund	124,48	125,08
Evra	83,79	84,25
Dönsk króna	11,256	11,322
Norsk króna	10,504	10,566
Sænsk króna	9,055	9,109
Japanskt jen	0,503	0,506
SDR	94,05	94,61
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
114,0066		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Pilturinn sem hrapaði 11 metra niður í gljúfur Laxár í Aðaldal er á batavegi:


Hringdi fyrst í móður sína

SLYS „Fjölskyldan er afar ánægð með störf björgunarsveitanna og lögreglu og viljum skila þakklæti til þeirra. Þeir brugðust vel við,“ segir Þorgrímur G. Daníelsson, sóknarprestur á Grenjaðarstað og faðir Brands Þorgrímssonar, sextán ára pils sem féll 11 metra ofan í Laxá í Aðaldal á föstudag.

Brandur kom að brúnni á reidhjólí á miklum hraða. Hann rakst á brúarhandriðið og steyptist yfir það. Það varð honum til happs að lenda á krónu birkitrés í gilinu sem tók af honum mesta fallið áður en hann hrapaði á klettasnos og þaðan út í ána. Um

11 metra fall er fram af brúnni. Brandur var fyrst lagður inn á sjúkrahúsið á Húsavík en dvelur nú á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þar sem hann gekkst undir aðgerð í gær. Hann slapp furðu vel miðað við aðstæður, hlaut nokkur smábrot á hendi og við olnboga.

Þorgrímur segir að foreldrunum hafi verið brugðið þegar þeir fréttu af slysinu en það hafi þó verið bót í máli að fá fréttirnar beint frá Brandi sem hringdi í móður sína úr GSM-síma sínum þegar hann hafði fíkrað sig upp á árbakkann í gilinu.



HÁTT FALL Það var hér sem Brandur féll fram af brúnni og niður í gilíð. MYND/INGÓLFUR SIGFÚSSON

Nýtt nám í boði við KHÍ: Starfsnám fyrir þroskahamlaða

MEINTUN Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun verður í boði við Kennaraháskóla Íslands frá og með haustinu. Námið var kynnt á fjölmennum fundi á fimmtudag. Markmið námsins er að gefa fólki með þroskahömlun tækifæri til fullgildrar samfélagsþátttöku. Þetta er í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun. Námið fer fram við þroskaþjálf- og tólmundabraut KHÍ og miðar námið meðal annars að undirbúningi fyrir störf í skólum, félagsmiðstöðvum, fristundaheimilum og víðar.

Hlutabréfamarkaðurinn: Mikill viðsnúningur á milli ára

HLUTABRÉF Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 29,5 prósent á fyrri hluta ársins sem jafngildir 59 prósentu hækkun á ársgrundvelli. Á fyrri hluta ársins í fyrra lækkaði vísitalan um 1,2 prósent að sögn Vegvísis Landsbankans.

Á öðrum ársfjórðungi nam hækkunin um 10,8 prósentum. Aukinn hagnaður og væntingar um frekari vöxt félaga, einkum fjármálafyrirtækja, skýra að stórum hluta þær hækkanir sem sést hafa á árinu.

Tvö félög hafa hækkað um níutíu prósent það sem af er ári en þetta eru Atlantic Petroleum og Vinnslustöðin. Hlutabréf í 365 hf., útgáfufélagi Fréttablaðsins, og Flögu lækkuðu hins vegar mest á fyrri helmingi ársins, um rúm 27 prósent.


Milljarðasjóðir eftir söluna

Fimm sveitarfélög sem seldu eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja munu hafa milljarða til að spila úr, eftir að skuldir hafa verið greiddar. Sveitarstjórnarmenn segja söluna tryggja þjónustu og öryggi byggðarlaganna.

BYGGÐAMÁL Fjárhagur fimm sveitarfélaga á Suðurnesjum og Suðurlandi hefur tekið stakka skiptum eftir samninga á sölu á eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja.

Sveitarstjórnarmenn segja sölu tryggja að hægt sé að greiða niður skuldir og ráðast í framkvæmdir. Hugmyndir eru uppi um að stofna sérstaka varasjóði með því fé sem fæst fyrir eignarhlutina.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra gekk að tilboði Geysir Green Energy í 15,2 prósent hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja 30. maí síðastliðinn.



PRÓUN EIGNARHLUTA SVEITARFÉLAGANNA Í HITAVEITU SUÐURNESJA

í milljónum króna

	EIGN %	GENGIÐ 1	GENGIÐ 6,72	GENGIÐ 7,0	GENGIÐ 7,1
Reykjanesbær	39,7%	2.964	19.923	20.751	21.047
Hafnarfjarðarbær	15,4%	1.149	7.724	8.045	8.160
Ríkið/Geysir	15,2%	1.133	7.617	7.933	8.046
Grindavíkurbær	8,5%	634	4.263	4.440	4.503
Vestmannaeyjar	6,8%	512	3.446	3.589	3.640
Sandgerðisbær	5,3%	396	2.666	2.777	2.817
Garður	4,6%	344	2.316	2.412	2.447
Vogar	2,7%	202	1.362	1.419	1.439
Árborg	1,3%	102	690	719	729
Kópavogsbær	0,2%	13	90	94	96
100%		7.454	50.101	52.183	52.929

Sló mann með glasi eftir hráka: Hann byrjaði og svo sló hún

DÓMSMÁL Tvítug stúlka hefur í Héraðsdómi Norðurlands eystra verið dæmd til að greiða átján ára pilti 116 þúsund krónur í miskabætur vegna áverka sem hann hlaut þegar hún braut glas á höfði hans í febrúar. Stúlkunni var hins vegar ekki gerð refsing þar sem sýnt þótti að hann hefði byrjað með því að hrækja framan í hana.

Fólkið var státt á skemmtistað þegar stúlkan rakst utan í piltinn. Hann brást hinn verst við og hrækta framan í hana. Hún sagði það þá hafa verið ósjálfráð viðbrögð að slá til mannsins, en svo hafi viljað til að hún hafði glas í hönd. Við ákvörðun refsingar var tekið tillit til þess að stúlkan „snögggreiddist vegna óforsvaranlegrar framkomu“ mannsins.

Tilboðið hljóðaði upp á rúma 7,6 milljarða króna á genginu 6,7 sem var margfalt matsverð fyrirtækisins. Capacent hafði þá metið fyrirtækið stuttu áður á genginu 3,1.

Geysir Green Energy er alþjóðlegt fjárfestingarfélag um sjálfbæra orkuvinnslu og er í eigu FL Group, Glitnis og VGK hönnunar og ætlar á næstu misserum að fjárfesta fyrir 70 milljarða um allan heim.

Síðustu daga hafa verið mikil átök um eignarhald á Hitaveitunni. Orkuveita Reykjavíkur fékk tilboð frá nokkrum sveitarfélögum um kaup á hlut þeirra í HS. OR gekk að því á genginu 7. Geysir Green Energy brást við því með að hækka tilboðið í 7,1 og að því gengu sjö sveitarfélög. Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær tóku þá ákvörðun að verja hagsmuni sína innan fyrirtækisins með því að lýsa því yfir að nýta forkaupsrétt sinn að kaupum hlutfjár ríkisins og sveitarfélaganna.

Um er að ræða 43 prósentu hlut sem metinn er á 23 milljarða króna. Eins og staðan er í dag lítur því út fyrir að aðkoma

Geysir Green Energy sé úr sögunni í bili. Gangi kaup sveitarfélaganna tveggja á hlut ríkisins og sveitarfélaganna eftir mun Reykjanesbær eignast 72 prósent í fyrir-tækinu en Hafnarfjarðarbær um 28 prósent.

5 kr. afsláttur þegar þú átt afmæli!

þeir sem eru með dælylki Atlantsolíu fá 5 krónu afslátt af lítraverði þegar þeir kaupa eldsneyti á afmældisdaginn sinn.

Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» þriðjudagur

Kaupmannahöfn	20°C hálfskýjað	London	19°C rigning	Friedrichshafen	29°C léttskýjað
Billund	18°C skúrir	Paris	22°C skúrir	Basel	27°C skúrir
Oslo	20°C skúrir	Eindhoven	23°C rigning	Alicante	30°C hálfskýjað
Stokkhólmur	19°C skúrir	Frankfurt	25°C skúrir	Algarve	27°C skúrir
Gautaborg	20°C hálfskýjað	Berlin	23°C rigning	Las Palmas	25°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


http://www.myphotos.com/metallica

MY PHOTOS

You aren't signed in Sign In Help

Home The Tour Sign Up Explore


Search Tóti's photos Search

 **Metallica tónleikarnir** View as slide (New window)

Collections Sets Tags Map Archives Favorites Profile


Taktu þátt á www.byr.is

Spennan að magnast




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
7 comments

Wannabe James




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
11 comments

Hvar er Danmörk?




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
2 comments

Stefán bróðir orðinn spenntur




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
1 comments

Hvar er Stebbi?




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
6 comments

Wish u were here




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
15 comments

**Hetjurnar mættar á sviðið
- Enter Sandman**




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
0 comments

Þessi með bandið er ég



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
3 comments

.....nothing else maaatters



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
12 comments

Metallica

– lærðu af þeim bestu

- Tónleikar með Metallica í boði BYRS - sparisjóðs.
- Sá eða sú heppna fær að bjóða sínum besta vini eða ættingja með.
- Innifalið er flug, hótél og gjaldeyris fyrir 50.000 krónur.
- Vinningshafi verður dreginn út í beinni á FM957 þann 10. júlí.

Taktu þátt á vefsíðu okkar www.byr.is

ATH! Skilyrði fyrir þátttöku er að annar aðili sem fer í ferðina sé orðinn fjárráða eða 18 ára og eldri.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

DYNAMO REYKJAVÍK

KJÖRKASSINN



Parf að bæta öryggi á sundstöðum?

Já 72,2%
Nei 27,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eru sektir vegna umferðarlaga-brota orðnar of háar?

Segðu þína skoðun á visir.is



Máli Líbúmannsins sem var dæmdur fyrir Lockerbie-sprenginguna áfrýjað:

Lockerbie-málið fyrir rétt á ný

SKOTLAND, AP Mál líbíska leyniþjónustumannsins, sem var dæmdur fyrir að sprengja upp flugvél yfir bænum Lockerbie í Skotlandi árið 1988, verður að öllum líkindum tekið upp að nýju. Sérskipuð dómnefnd í Skotlandi hefur mælt með því að málið fari fyrir áfrýjunardómstól vegna vafasamra sönnunargagna.

Líbúmaðurinn Abdel Basset Ali al-Megrahi hlaut lífstíðardóm fyrir verknaðinn. Hann var sá eini sem hlaut dóm, en 259 farþegar og ellefu manns á jörðu niðri létu lífið í sprengingunni. 179 þeirra voru Bandaríkjamenn.

Niðurstöðurnar voru reifaðar í



ABDEL BASSET ALI AL-MEGRAHI Líbúmaðurinn hlaut dóm árið 2001, en fær nú að öllum líkindum að áfrýja honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

800 blaðsíðna skýrslu. Fram kom að mögulega hefði rangur dómur fallið yfir al-Megrahi.

Al-Megrahi hefur alltaf haldið fram sakleysi sínu, en hann var

dæmdur fyrir ódæðið árið 2001. Umsókn um áfrýjun var hafnað ári seinna. Samlandi hans var einnig ákærður, en sýknaður. Líbísk stjórnvöld buðust til að borga fjölskyldum hinna látnu sárabætur, en neituðu þó allri sök.

Lögmenn al-Megrahi halda því fram að yfirvöld hafi átt við sönnunargögn, hunsað yfirlýsingar vitna og hafnað sönnunargögnum þess efnis að sprengingin hafi verið fjármögguð af Írönum og framkvæmd af Palestínunöfnum í hefndarskyni fyrir að Bandaríkjaher hafði skotið niður íranska farþegaflugvél nokkrum mánuðum áður.

-sgj

Héraðsdómur Suðurlands:

Dæmdur fyrir kannabisræktun

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir umfangsmikla kannabisræktun. Jafnframt fyrir að hafa ætlað að selja efnin.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa á tímabilinu ágúst 2005 til desember sama ár ræktað 163 kannabisplöntur í gamla sláturhúsinu í Laugarási á Suðurlandi. Þá var hann einnig ákærður fyrir að hafa um 1,3 kíló af marijúana og rúm fjögur kíló af kannabislaufum í vörslu sinni.

Auk þessa var maðurinn ákærður fyrir að stela rafmagni til ræktunarinnar.

-jss

JAPAN

Miyazawa látinn

Kiichi Miyazawa, sem var lengi einn valdamesti maður japanska stjórnarflokksins og forsætisráðherra á árunum 1991-1993, lést á fimmtudag, 87 ára að aldri. Miyazawa sat á þingi í 50 ár, 1953-2003. Í lok ferils síns var hann fjármálaráðherra í ríkisstjórn Keizo Obuchi frá árinu 1998.

Göngudeild fyrir spilafíkla undirbúin

Borgarstjóri segist hlynntur áformum um að opnuð verði sérstök göngudeild fyrir spilafíkla. Formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn segir um þúsund manns leita árlega hjálpar samtakanna. Þörf sé á frekari úrræðum fyrir það.

FÉLAGSMÁL „Það er nauðsynlegt að fara af stað með nýja göngudeild fyrir spilafíkla,“ segir Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS). Hann segir að ætlunin sé að opna slíka deild í haust. Viðræður við fagmenn séu hafnar og undirtektir yfirvalda við beiðni um fjárstuðning góðar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri er jákvæður í garð þessarar áforma. „Þetta er dulin fíkn en vandinn sem hlýst af henni er gríðarlega mikill,“ segir Vilhjálmur. Hann segir samþykki fyrir fjárstuðningi ekki enn fyrir hendi en hann telji sjálfur brýnt að starf til að sporna við fíkninni verði auglýst.

„Ég veit sjálfur af fólki sem hefur lent í miklum vandræðum vegna þessarar fíknar og geri mér grein fyrir því hve alvarlegt málið er. Það er engin tilviljun að Norðmenn eru að breyta lagaumhverfi um spilakassa,“ segir Vilhjálmur. Hann vísar þá í nýlega ákvörðun Norðmanna um að ríkisvæða rekstur spilakassa til að reyna að stemma stigu við spilafíkn þar á landi.

Borgarstjóri og Júlíus segjast báðir undrandi yfir þeim ummælum sem Gunnar Þorgeirsson, gjaldkeri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, lét nýverið falla í fjölmiðlum. Sagði hann að spilakassar væru ekki hættulegri en lottómiðar. Landsbjörg er einn þriggja eigenda Íslandsspila en aðeins Landsbjörg og Hapdrætti Háskólans hafa leyfi fyrir rekstri spilakassa hér á landi.



VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSOON

ÞÓRARINN TYRFINGSSON

JÚLÍUS ÞÓR JÚLÍUSSON

Í lögum um happdrætti er sagt skilyrði að leyfishafar spilakassa leggi fram fé til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna við spilafíkn og afleiðingum hennar. Júlíus segir að hingað til hafi samtök hans ekki hlotið neina styrki en eitthvað fái SÁÁ en það er einn af eigendum Íslandsspila. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, segir að fé hafi verið veitt til meðferðarúr-ræða við spilafíkn. Hann segir þó oft erfitt að veita spilafíklum aðstoð þar sem þeir sækist ekki mikið eftir henni sjálfir. „Það er samt ekki hægt annað en að gleðjast yfir því að fleiri úrræði muni standa til boða,“ segir Þórarinn.

Júlíus segir að árlega leiti um þúsund manns, bæði spilafíklar og aðstandendur þeirra, til samtaka sinna. Þörf sé á að veita þessu fólki frekari aðstoð.



SPILAFÍKLAR Árlega leita um þúsund manns, bæði spilafíklar og aðstandendur þeirra, aðstoðar hjá Samtökum áhugafólks um spilafíkn. Samtökin ætla að opna göngudeild fyrir spilafíkla í haust.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Stækkaðu við þig!

Fortjöld fyrir hjólhýsi og fellihýsi

PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utaná vagninum. Mjög fljótlegt að tjalda.

Pyramid



Verð frá: 49.900 kr.

Fortjöld fyrir hjólhýsi

Pyramid



Verð frá: 109.900 kr.

Útlegumaðurinn er ný sérverstur með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útfatnað, fylgihlutu og margt fleira. Kíktu við og skoðuðu úrvalið

Fossháls 5-7 | Sími 551 5600 | útlegumaðurinn.is
Opnið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16



Útlegumaðurinn

Landsmótið hefst á fimmtudaginn

Viltu keppa í sparkvallabolta?

Opnið sparkvallamót fyrir almenning
Upplýsingar og skráning á landsmot.kopavogur.is

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla



LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ

<http://landsmot.kopavogur.is>

Vaxandi áhyggjur eru af lundastofninum í Vestmannaeyjum:

Lundaveiði í lágmarki í sumar

NÁTTÚRA Veiðar á lunda hafa farið minnkandi í Vestmannaeyjum undanfarin tvö ár. Árangur af varpi hefur verið lítil sem hefur valdið því að lítið er til af ungfugli. Óskráð regla er að veiða helst ungfugl. Hann er tveggja til þriggja ára og ekki orðinn kynþroska og því er ekki verið að eyðileggja varp með því að veiða hann.

Lundinn er langlífur fugl og því skipta tvö til fjögur slæm ár ekki miklu máli að mati Páls Marvins Jónssonar, líffræðings hjá Rannsókn- og fræðasetrinu í Vestmannaeyjum.

„Aðaláhuggjuefnið er hins vegar þessi vöntun á fæðunni sem er silið,“ segir Páll. „Sili virðist ekki vera hér á svæðinu en það er meginuppistaðan í fæði lundans á Suðurlandi. Meðan hann er ekki í fæði hér er alltaf sú hætta fyrir hendi að lunda fækki eða hann hverfi af svæðinu.“

Bjargveiðimannafélag Vestmannaeyja hefur ályktað að láta lundann njóta vafans og minnka veiðar á honum. Ívar Atlason, formaður félagsins, segir ætlunina vera að ganga um náttúruna af skynsemi og veiða rétt svo í soðið meðan þetta ástand varir. „Þetta er ákveðin menning sem hefur skapast hér í Vestmanna-



FAIR LUNDAR Á FERLI Lítið sást af lunda í þessu bergi í vikunni en þarna ætti að vera krökkt af honum, að mati ljósmyndarans Óskars Friðrikssonar.

MYND/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

eyjum og við viljum ekki að hún leggist af,“ segir Ívar. Hefðbundin veiði hefst 1. júlí og lýkur í ágúst en mælt er til þess að farið verði hægt í sakirnar.

-pal

„Það borgar sig að finna næstu Olís-stöð!“



Fellihýsi
1. vinningur!



Fleetwood-fellihýsi
að verðmæti
1.595.000 kr.

Risagagrill
2. vinningur!



Permasteel-gagrill
að verðmæti
228.000 kr.

Lúxusgisting
3. vinningur!



fyrir tvo á Hótel Búðum
með kvöldverði og
morgunmat.

Farsímatilboð
fyrir stimpilkort!



Ævintýrakortin eru líka
lykill að frábærum
farsímatilboðum.

Taktu þátt í Ævintýraeyjuleiknum og safnaðu stimplum hjá Olís. Glæsilegir vinningar í boði.

Fjórfaldir Vildarpunktar í farteskið!

Þeir sem versla hjá Olís dagana 28. júní til 2. júlí fá hvorki meira né minna en fjórfalda Vildarpunkta í kaupbæti.



Vildarpunktur

OLÍS – við höldum með þér!



Það er til marks um gott innræti að koma vel fram við dýr.

Siðferðissamband manna við dýr

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Samband manns og dýra hefur í gegnum sögu og þróun mannsins verið með ýmsum hætti. Sambandið hefur löngum mótast af þeim notum sem maðurinn hefur haft af dýrum, en einnig hvort ógn stafar af þeim, annars vegar bein eða sem keppinautar um fæðu.

Hvort heldur sem maðurinn hefur sveigt dýr til þjónustu við sig eða veitt þau til fæðis og klæða, þá liggur í slíku sambandi ákveðin virðing fyrir dýrunum. Góður bóndi fer vel með skepnur sínar og góður veiðimaður veldur veiðidýrum sínum engri óþarfa þjáningu.

Þegar vestræn vísindi nútímans voru í mótun höfðu menn ýmsar sérkennilegar hugmyndir um dýr og umgengni við þau. Franski heimspekingurinn René Descartes var eindreginn tvíhyggjumaður og leit á sál og líkama sem óskýld fyrirbæri. Sársauki var eigind sálar og þar sem dýr burðudust ekki með sál væru þau einnig undanskilin sársauka. Í kjölfarið misþyrmdu fylgismenn hans dýrum í tilraunaskyni. Ekki af illgirni, heldur einfaldri blindu efalausrar sannfæringar sem því miður er oft rót verstu illvirkja mannskeppunnar.

Immanuel Kant snerist gegn þeirri hugmynd að fara mætti með dýrin hvernig sem manni sýndist. Forsenda þýska heimspokingsins var ekki sú að dýrin hefðu einhver réttindi, heldur var forsenda hans sú að með því að vera vond við dýr værum við að rækta í okkur vondar kenndir. Af þessum sökum væri það siðferðileg skylda okkar að koma vel fram við dýrin.

Flestum þeim sem hefur tekist að rækta með sér nokkuð gott hjartalag og góða almenna siðferðisvitund býður við illri meðferð á dýrum. Það er einhvern veginn innbyggt í okkur sem hluti af því að koma vel fram almennt talað. Þess vegna er ekki skritið að fréttir af tilgagnslausri misþyrmingu á hundi norður á Akureyri vekji hörð viðbrögð. Misþyrming eins og henni hefur verið lýst í umræðunni er skelfileg ónáttúra og ber vott um vanþroskað tilfinningalíf þeirra sem að slíku standa.

Hitt er svo annað að eftir því sem við fjarlægjumst notkun á dýrum til að fæða okkur og klæða, hafa orðið til ný not fyrir dýr sem farin eru að móta afstöðu okkar verulega. Þetta er félagsleg og tilfinningaleg notkun dýra sem gæludýra. Nú er það einmitt til marks um getu okkar til að mynda tengsl almennt að við bindumst gæludýrum okkar tilfinningaböndum. Við sýnum þeim væntumþykju og syrgjum þau að þeim gengnum.

Þessi notkun dýra er hins vegar stundum full upphafin. Hún er ekki fyrir dýrin. Hún er fyrir okkur og á okkar forsendum. Þannig ræktum við burt dýrslega eiginleika og mótum dýrin til að þóknast okkur og þörf okkar fyrir einhverja skilgreinda eiginleika. Ekki skal amast við því, en velta má fyrir sér hvort slíkt eignarhald sé spröttið af sérstakri virðingu fyrir dýrum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS 2008



Ríkisútvarpið-Sjónvarp auglýsir eftir lögum til þátttöku í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2008.

Þátttökueyðublað og reglur keppinnar er að finna á heimasíðu Ríkisútvarpsins <http://www.ruv.is/songvakeppnin>

Höfundar skili lögum til Ríkisútvarpsins ohf., Efstaleiti 1, 150 Reykjavík, merkt „Söngvakeppni Sjónvarpsins 2008“ eigi síðar en mánudaginn 3. september 2007.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki enn

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa ekki enn séð ástæðu til að uppfæra upplýsingar um fjárhagsleg tengsl, líkt og þeir sjálfir boðuðu (og þar með lofuðu). Valgerður Sverrisdóttir er til dæmis sögð eiga hlutabréf í Burðarási hf. en fyrirtækið heyrir sögunni til eftir að því var skipt upp milli Landsbankans og Straums í nóvember 2005. Upplýsingar um fjárhagsleg tengsl þingmannanna fimm sem sátu á þingi síðasta kjörtímabil eru sem sagt meira en tveggja ára gamlar og ekkert er að finna um fjárhagsleg tengsl nýliðanna Bjarna og Höskulds.

Jahá!

Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri og aðstoðarforstjóri Baugs, var sakfelldur í héraðsdómi í vikunni fyrir að draga sér peninga úr Baugi sem þá var almenningshlutafélag. Meðal þess sem réttinum þótti sannað að Tryggvi hefði keypt sér fyrir peninga Baugs voru sundlaugarskór sem kostuðu rúmar sjö þúsund krónur. Sundlaugarskór er nýyrði, það finnst hvorki í orðabókum né á leitarvélum og afgreiðslumenn í íþróttaverslunum setur hjóða þegar þeir eru spurðir hvort til séu sundlaugarskór.

Sölumaður í þjónustu ráðherra

Í ljósi vináttu og samstarfs í Þjóðvaka kom ekki á óvart að Jóhanna Sigurðardóttir hafi fengið Hrannar B. Arnarsson sér til aðstoðar í félagsmálaráðuneytinu. Hrannar hefur talsverða pólitíska reynslu sem þó bliknar í samamburði við reynslu hans af sölustörfum. Í ferilskrá Hrannars kemur fram að undir mismunandi titlum hefur hann stýrt sölumálum hjá Mömmu, 365, Eddu, Þjóðlífi og í eigin sölufyrirtæki. Og hvað ætli hann hafi gert samhliða námi og á sumrum? Jú rétt. Hann starfaði við sölumennsku.

bjorn@frettabladid.is



Reykvískur „sundurleitismi“

Á síðasta borgarstjórnarfundinum fyrir sumarfrí lögðu borgarfulltrúar Samfylkingarinnar fram tillögur um heildarendurskoðun á húsverndaráætlunum í Reykjavík. Markmið þeirra er að stuðla að betri sátt milli sjónarmiða verndunar og uppbyggingar og ekki síður horfa til bygginga sem hafa þýðingu sem fulltrúar byggingarstíls eða tímabils, óháð aldri.

Tillögurnar kváðu einnig á um að eigendur gamalla húsa njóti aukins stuðnings við viðhald, fegur og varðveislu eigna sem falla undir húsverndaráætlunina og að kannaðar yrðu leiðir til að húsverndaráætlanir hafi sterkari stöðu við útfærslu deiliskipulags.

Það var eitt af fyrstu verkum Reykjavíkurlistas að setja á laggir samstarfsnefnd sem mótaði húsverndarstefnu fyrir Reykjavíkurborg og gerði tillögur um verndun þess hluta byggingarararfsins sem hefur varðveislugildi. Sú vinna var í tengslum við endurskoðun Aðalskipulags og nú um mundir er enn verið að endurskoða Aðalskipulag Reykjavíkur og því lag að endurskoða húsverndaráætlanir í leiðinni.

Ljót hús

Húsvernnd er í deiglunni um þessar mundir og sitt sýnist hverjum um timburkofarómantik þeirra sem hana dýrka – og öðrum þykja nýbyggingar þær sem rísa í borginni á hverju ári æði misjafnar og lítið augnakonfekt. Við höfum öll skoðun á útliti húsa og oft er sagt um hús, bæði gömul og ný, að þau séu ljót. Ég segi á móti; þá er sagan okkar ljót. Reykjavík er ung borg en hún á merka byggingarsögu. Það er okkar saga og sumum kann að þykja hún ómerkileg og ljót en hún er okkar. Það er okkar að viðurkenna hana, varðveita hana og hampa henni. Húsvernnd í mínum huga er jafnvægislist á milli þess að byggja



ODDNÝ STURLUDÓTTIR Í DAG | Húsvernnd

upp og vernda. Miðbærinn er ekki minjasafn, hann er staður sem þrífst á því að fólk vilji sækja hann heim, vera þar og njóta þess. En það er engum vafa undirorpið að fólk dregst að miðbænum meðal annars vegna gömlu húsanu og andblænum sem þeim fylgir. Við sækjum í þetta byggð, mannlíf og hinn reykvíski „sundurleitismi“ eins og hann er stundum kallaður. Hann er séríslenskur og við skulum vera stolt af honum.

Ótal verkefni eru framundan og því einsýnt að borgaryfirvöld verða að marka sér skýra stefnu í húsverndarmálum. Oft var þörf en nú er nauðsyn á að skerpa skilning okkar á samhengi milli fortíðar og nútíðar, þar sem varðveisla á byggingararfinum og efling byggingarlistar í samtímanum haldast í hendur.

Draumur að rætast

Uppbygging í miðborginni hefur verið ævintýraleg og draumur margra borgarbúa og landsmanna allra um tónlistarhús er loksins að rætast. Lækjartorg og næsta nágrenni mun taka stakkaskiptum á næstu árum og gerbreyta ásvind miðborgarinnar. Ráðist hefur verið í að deiliskipuleggja reiti við Laugavegin sem munu opna möguleikana á uppbyggingu verslunarrýma í miðborginni en reynslan erlendis frá sýnir fram á að uppbygging nýrra verslunarkjarna í miðborgum er ávísun

á meiri viðskipti, líka fyrir smákaupmenn. Aukin viðskipti kalla á fleira fólk, fjölbreyttari verslanir og blómlegra menningarlíf.

Miðbærinn og Kvosin hafa átt í vök að verjast, meðal annars vegna þróunar byggðar í austurs og tilkomu stórra verslunarmiðstöðva. Ég held að það sé óhætt að tala um endurreisn miðborgarinnar með þeim framkvæmdum sem framundan eru. En borgaryfirvöld þurfa að vera vakandi fyrir því að uppbygging verslunar, íbúða og þjónustu haldist hönd í hönd við sjónarmið húsvernndar og að ætíð sé hlúð að byggingarsögunni, sama hversu gömul hún er.

Verndun og uppbygging

Það getur haft gildi í sjálfu sér að vernda gömul hverfi og hús en mikilvægt er líka að hafa í huga að hvert hús í Reykjavík er barn síns tíma og fulltrúi ákveðins byggingarstíls á sama hátt og hverfaskipulag ber vott um hýbláhætti hvers tíma. Viðhorf okkar til þessa breytast í tímans rás og því verða þau gögn og kannanir sem borgaryfirvöld styðjast við þegar skipulag er unnið að vera í stöðugri endurskoðun. Þess vegna er tekið sérstaklega fram í tillögum um heildarendurskoðun á húsverndaráætlunum Reykjavíkur að stefnumótun einkorðist ekki við gamla bæinn og miðborgina, heldur skuli öll borgin vera undir, bæði hverfi og byggingar. Ég vænti þess að tillögurnar fái jákvæða afgreiðslu við endurskoðun aðalskipulags og að þær komi til með að ná betri sátt milli sjónarmiða verndunar og uppbyggingar, borginni til hagsbóta.

Höfundur er borgarfulltrúi og talsmaður Samfylkingarinnar í málefnum miðborgarinnar.

Vandi Vestfjarða

UMRÆÐAN

Byggðamál

Vandi Vestfjarða er djúpstæðari en svo að hægt sé að segja að hann sé staðbundinn vandi sem heimamenn eigi að leysa af sjálfsdáðum, hann krefst sér-tækra aðgerða af hálfu stjórnvalda. Síðasta áratug fækkaði störfum á Vestfjörðum um mörg hundruð og íbúum líka. Tekjur eru nærri 20% lægri á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu og fasteignaverð hefur ekki hækkad þar svo nokkru nemi þó það hafi margfaldast á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarstjórnarmenn hafa sjaldan hallað orðinu á stjórnvöld þrátt fyrir þessa þróun mála og yfirleitt lotið þeim í auðmýkt. Viðbrögð þeirra við skrifum um að ástandið sé alvarlegt, eru oftast á þá lund að segja að svartagallsraus hjálpi ekkert í stöðunni. Það er rétt, en það er ennþá verra að neita að horfast í augu við staðreyndir. Það vekur líka ugg, ef sveitarstjórnarmenn halda að það sé heillarad að fá olíuhreinsunarstöð í einn fegursta fjörðinn vestra, Dýrafjörð. Vilja þeir virkilega eyðileggja ímynd Vestfjarða sem ósnortinnar náttúruperlu? Sú ímynd hefur verið markvisst eflid á liðnum árum og verði hún eyði-



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

lögð, verður aldrei aftur snúið. Meginorsök vanda Vestfirðinga er gríðarlegur samdráttur í aðalatvinnuveginum, sjávarútvegi, vegna sölu kvóta burt af svæðinu. Þau fyrirtæki sem þraukað hafa, hafa barist í bökkum og lagt upp laupana eitt af öðru, nú síðast rækjuvinnslan Miðfell, sem var enn eitt reidarslagið.

Löngu tímabært er að gera breytingar á því sovéska kvótakerfi sem er að kæfa byggðirnar en það þarf líka að efla framsækinn atvinnurekstur á Vestfjörðum. Bættar samgöngur skipta sköpum og tryggja þarf aðgengi af fjarskiptum og háhraðaneti. Þá myndi stofnun háskóla á Ísafirði breyta miklu, hækka laun á svæðinu og hafa mikil og jákvæð áhrif á allt mannlíf.

Íslandshreyfingin lagði þá til fyrir kosningarnar í vor að meðal sér-tækra aðgerða sem stjórnvöld gætu gripið til, væru skattaávilnanir til fyrirtækja á þeim svæðum sem standa höllum fæti. Hagstæðara skattaumhverfi myndi laða fyrirtæki að svæðinu og atvinnulíf yrði fjölbreyttara. Er ekki tíma-bært að athuga það á Vestfjörðum?

Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar.

MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA

DÍANA PRINSESSA FÆDDIST
ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1961.

„Fjölskyldan er það mikil-
vægasta í heiminum.“

Diana prinsessa var dád af
fólki úti um allan heim fyrir
framlag sitt til mannúðarmála
og mikla athygli vakti hversu
miklum tíma hún varði með
sonum sínum þrátt fyrir þá
stöðu sem hún gegndi.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. JÚLÍ ÁRIÐ 1886

Landsbankinn opnar fyrsta útibúið

Á þessum degi árið 1886 var Landsbanki Íslands stofnaður. Fyrsta útibú bankans var opnað í Bakarabrekkum sem síðar fékk nafnið Bankastræti. Markmiðið með stofnun bankans var að auka peningaviðskipti landsmanna og efla atvinnuvegi.

Fyrstu árin var bankinn aðeins opin tve daga í viku í tvo tíma í smátt skortur var á fjármagni og þörfin fyrir lánsfé tölverð. Íbúar dreifbýlisins fóru fljótlega að gagnrýna það að ekkert væri farið að sjást af útibúunum sem lofað hafði verið í Landsbankalögunum og Reykvikingar kvörtuðu undan því hversu sjald-



an útibúið þeirra væri opið.

Árið 1889 var opnunartími bankans í Reykjavík lengdur og eftir það var hann opin daglega Reykvikingum til mikils hægðarauka. Rétt fyrir aldamótin flutti bankinn síðan í stærra húsnæði á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis og hafa höfuðstöðvarnar verið þar síðan.

Dreifbýlisbúar fengu einnig sín langþráðu útibú því Landsbankinn opnaði á Akureyri árið 1902 og Ísafirði 1904. Síðan þá hefur útibúum bankans fjölgað stöðugt og eru þau nú orðin fjörutíu talsins úti um allt land.

MERKISATBURÐIR

- 1845 Alþingi kom saman í fyrsta skipti eftir að það var endurreist og var þingfundurinn haldinn í hátíðarsal Lærða skólans.
- 1881 Alþingi kom í fyrsta sinn saman í Alþingishúsinu við Austurvöll.
- 1928 Líflátshegning var numin úr íslenskum lögum en næstum því heil öld var þá liðin síðan henni hafði verið beitt síðast.
- 1960 Fidel Castro sló þjóðar-eign á Esso, Shell og Texaco á Kúbu.
- 1986 Guðrún Erlendsdóttir varð fyrsta íslenska konan sem var skipuð hæstaréttardómari.

AFMÆLI



Hreimur Örn
Heimisson
söngvari er
29 ára í dag.



Missy Elliot
söngkona er
36 ára í dag.



Eiríkur Örn
Norðdahl
ljóðskáld er
29 ára í dag.



Pamela
Anderson
leikkona er
40 ára í dag.



TVENNÐARLEIKIR Ingunn leikur sér töluvert með tvennur á sýningunni sem stendur yfir í tvær vikur.

BRAGGINN VIÐ ÖXARFJÖRD: ALLTAF SÝNINGAR Í FYRRI HLUTA JÚLÍ

Tvenndarleikir í tvær vikur

Ingunn Svavarsdóttir myndlistarkona verður með sýningu sem heitir Tilraunir í Bragganum við Öxarfjörð fyrstu tvær vikurnar í júlí. Ingunn er núna í tveggja ára masters-námi í myndlist úti í Newcastle í Bretlandi svo hún stoppar stutt heima þetta sumarið.

„Ég kalla þessa sýningu tvenndarleiki því ég er með svona tvennt í gangi á þessari sýningu,“ segir Ingunn. „Á sýningunni er ég aðallega að fjalla um það að Kaninn sé að hverfa úr landinu og er svo með svona mót-vægi við því. Verkin eru bæði gerð í tveimur hlutum og í tvöföldun á sama formi. Ég er líka svolítið að vinna með þetta nám sem ég er í og er með nokkurs konar óð til upplýsingarinnar. Til dæmis eitt rosalega stórt verk sem ég byrjaði á í fyrra og kláraði ekki fyrr en í janúar og svo annað pínulítið sem mót-vægi við því.“

Ingunn og fjölskylda hennar búa í kúluhúsi rétt hjá Bragganum sem þau gerðu upp sjálf. „Mig langaði til þess að koma mér upp aðstöðu til þess að prófa mig áfram eftir að ég sá það að ég gæti eitthvað í myndlist og við keyptum því þennan bragga af tengdaföður mínum og tónið í kring. Við fórum svo í það að rífa allt innan úr honum og byggja alveg upp á nýtt og nú er ég komin með þessa finu aðstöðu og sýningarsal.“

Fyrsta sýningin í Bragganum var haldin sumarið 2003 og þá fékk Ingunn fleiri listamenn í lið með sér. „Ég hef verið í góðu sambandi við aðra listamenn eins og Hlyn Hallsson, Björgu Einarsdóttur, Yean Quai og fleira gott fólk sem var með mér á fyrstu sýningunni. Hlynur fékk þá hugmynd að

við tækjum Maríu mey til umfjöllunnar sem við gerðum. Við tókum heilan vetur í að undirbúa þetta og ég fór að lesa heimikið í Biblíunni og um Maríu mey. Þegar við fórum svo að skoða hvenær við ættum að hafa sýninguna ákváðum við að hafa hana á þingmaríumessu sem er fyrstu tvær vikurnar í júlí. Síðan þá hef ég alltaf verið með sýningarnar á þessum tíma.“

Fjöldi fólks hefur komið á sýningarnar hjá Ingunni og hún er mjög ánægð með gestaganginn. „Ég var sveitarstjóri hérna í tíu ár og því alltaf að vinna í því að fá þetta viðurkennt sem alvöru sveitarfélag með ýmsa möguleika. Ég hef verið alveg óskaplega ánægð með að fá hingað alls konar fólk sem sumt er ekkert vant að fara á sýningar, bændur, húsfreyjur og annað fólk úr nágrenninu. Ferðamennirnir koma líka og ég hef fengið gesti frá, Sviss, Bandaríkjunum og Japan. Við erum miðja vegu milli Ásbyrgis og Kópaskers og Braggin sést vel frá veginum. Hann er appelsínugulur svo það fer ekkert á milli mála hvar hann er,“ segir Ingunn og hlær.

Námið sem Ingunn er í er heils árs nám svo hún þarf því að fara aftur út fljótlega eftir sýninguna en áður var hún búin með fjögurra ára nám við Myndlistarskólann

á Akureyri. „Ég var mjög góð í teikningu hérna í gamla daga og hef alla tíð haft mikla hugmyndaauði og aldrei vílað fyrir mér að láta draumana rætast. Mig langaði að prófa hvort ég gæti þetta og síðasta árið sem ég var sveitarstjóri sótti ég kvöldnámskeið á Akureyri á þriðjudögum til þess að komast að því hvort ég hefði eitthvað að gera í listnámi. Þar sem þetta hafði blundað í mér svona lengi finnst mér svo gaman að geta eitthvað gert þó að ég sé ekkert að segja að ég sé einhver snillingur. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því hvað það eru margir góðir listamenn í kringum mig, en það er bara gaman að vera einn hlekkur í keðjunni. Þetta er náttúrulega bara alveg fullkomið líf að búa í svona sveit og geta sinnt listinni,“ segir Ingunn og hlær.

emilia@frettabladid.is



LIST Í STRÍÐS STAÐ Á sýningunni fjallar Ingunn að meðal annars um það að Kaninn sé að hverfa á brott frá Íslandi.



Hjartkær bróðir okkar, mágur og frændi,
Sveinn Ágúst Haraldsson
Álfhólsvégi 121, Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 21. júní sl. verður jarðsönginn frá Grensáskirkju þriðjudaginn 3. júlí kl. 13.00.

Ingibjörg Haraldsdóttir
Hulda Haraldsdóttir Þorgeir Ólafsson
Hrönn Haraldsdóttir Trausti L. Jónsson
systkinabörn og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Konráð Guðmundsson
Holtagerði 42, Kópavogi,

lést 19. júní sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkar viljum við færa starfsfólki hjúkrunardeildar Elliheimilisins Grundar fyrir einstaka umönnun, og Magnúsi Tryggvasyni, Eiríki Magnússyni í ORA og öðrum vinum og vandamönnum fyrir veittan hlýhug.

Laufey Sigríður Karlsdóttir
Auður Konráðsdóttir Sigurður Stefánsson
Heimir Konráðsson Eyrún Ingibjartsdóttir
Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir
Áslaug Kolbrún Jónsdóttir Gunnar Harðarson
Kolbrún Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Pú sparar 525 kr/kg

**25%
afsláttur**

1.575 kr/kg. áður 2.100 kr/kg.
Borgarnes lambagrillkótilettur



Kjötselslínan frá Borgarneskjötörum á ótrúlegu verði!



Pú sparar 300 kr/kg

**50%
afsláttur**

299 kr/stk. áður 599 kr/stk.
Chicago Town American Super Supreme - 23 cm



Pú sparar 417 kr/kg

**25%
afsláttur**

1.252 kr/kg. áður 1.669 kr/kg.
Goða grísahnakki Piri Piri



**40%
afsláttur**

310 kr/kg. áður 517 kr/kg.
New Yorker hamborgarar



Pú sparar 338 kr/kg

**30%
afsláttur**

788 kr/kg. áður 1.125 kr/kg.
Matfugl Sole mió kjúklingalæri



249 kr/stk.

Bratz freyðibað - 473 ml.



199 kr/pk.

Blautklútar, Kalli Kanína, Tommi & Jenni og Tweety



299 kr/pk.

Disney eldhúsrúllur 3 stk.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 28. júní til 1. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Samfylkingin finnur til tevatnsins

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, gerði ýmislegt svo unnt væri að mynda vinstri stjórn eftir kosningarnar 12. maí. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* hafnar hann ásökunum um að hafa ekki viljað vinna með framsóknarmönnum heldur hafi hann þvert á móti kannað hug þeirra til samstarfs. Steingrímur segir flokk sinn nú í fyrsta skipti frjálstan að því að gagnrýna Samfylkinguna.

Þeirri pólitísku söguskýringu hefur verið haldið á lofti að með ummælum sínum um Framsóknarflokkinn hafi Steingrímur útilokað myndun vinstri stjórnar að loknum kosningum. Til dæmis hefur Össur Skarphéðinsson litið þannig á og miðlað þeirri skoðun af nokkrum þrótti með skrifum og í viðtölum.

Steingrímur hafnar þessu og skilur lítt í Össuri. „Hann var greinilega með það undirbúið að gera okkur að sökudólgi hvernig sem allt færi. Oftast er vitnað í það eitt að ég hafi kvartað undan auglýsingu Framsóknarflokksins í einum sjónvarpsþætti en það er smámál þegar stjórnarmyndun er annars vegar. Allir vita að einhver ein slík ummæli skipta ekki sköpum,“ segir Steingrímur og bendir á að sjálfur hafi Össur í gegnum tíðina sagt ýmislegt um aðra, til dæmis um Geir Haarde, og ef skýringin stæðist sætu þeir nú varla saman í ríkisstjórn.

Vildi ganga lengra

Steingrímur minnr á að hann hafi verið hvatamaður að myndun þess sem seinna var kallað kaffibandalagið. Á landsfundi VG haustið 2005 kallaði hann eftir að stjórnarandstaðan myndaði bandalag og á flokksráðsfundi tæpu ári síðar ítrekaði hann hugmyndina.

Framhaldið er þekkt, formenn stjórnarandstöðuflokkanna hittust yfir molasopa og kynntu síðar sameiginlegar tillögur í upphafi þings 2006. „Það var ágætis samband og samstarf á milli okkar,“ segir Steingrímur.

Hann segist þó hafa viljað ganga lengra en gert var, sinn hugur hafi staðið til að mynda skýran valkost gegn ríkisstjórninni og leggja fram sameiginlegan málefnum fyrir kosningarnar. Hann hafi ekki fengið hljómgrunn en að niðurstöðu varð að stjórnarandstöðuflokkarnir skuldbundu sig til að tala saman ef tækist að fella stjórnina. „Samfylkingin var aldrei tilbúin til að ganga lengra og við það sat.“

Steingrímur segir að ýmislegt hafi orðið til þess að kaffibandalagið varð óstöðugt á fótunum. „Það urðu sviptingar í Frjálslynda flokknum og það voru deilur innan Samfylkingarinnar. Við vissum vel af hópum þar sem ekki var hrifning yfir þessu og það kom fram með ýmsum hætti. Margrét Björnsdóttir sem er nán samstarfskona Ingibjargar Sólrúnar skrifaði mikla grein í Morgunblaðið og rökstuddi að Samfylkingin ætti að horfa til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn. Inn í þetta spilaði svo ýmislegt eins og þessi fáfengilega umræða um forsætisráðherra-stólinn í kryddsíldarþætti og merki-legt hvernig lagt var út af. Varla geta menn ætlast til að slíkt mál sé útkljáð í beinni útsendingu yfir kampavinsglösum á gamlársdag. Það er fáránlegt,“ segir Steingrímur sem nokkrum mánuðum síðar gerði Ingibjörgu Sólrúnu ljóst að hún væri eðlilegur forsætisráðherra-kandidat í samstarfi flokkanna.

Ingibjörgu boðið forsæti

Í framhaldi af landsfundi VG í febrúar fór fylgi flokksins á mikið flug og mældist á tímabili nokkuð yfir fylgi Samfylkingarinnar. Steingrímur segir að það hafi ekki orðið til að auðvelda sambúð flokkanna tveggja og reynst Samfylkingunni sálraent erfitt.

„Ég reyndi mitt besta til að fullvissa þau um að þetta yrði ekki vandamál enda var mér ljóst að fullt traust myndi skipta sköpum, bæði til að gera stjórnarmyndun raunhæfa og til að samstarfið myndi heppnast. Það var mjög mikið í húfi.“

Af þessu leiddi að Steingrímur hafði ítrekað frumkvæði að samtölum við Ingibjörgu vikurnar fyrir kosningar og hittust þau meðal annars tvisvar á heimili hennar skömmu fyrir kjördag.

„Þar fullvissaði ég hana um að ég hefði ekkert á móti því að þau gerðu kröfu um forsætisráðherraembætti í slíku samstarfi og að sú krafa væri fullkomlega eðlileg. Ég tala nú ekki um ef þau yrðu til mikilla muna stærsti flokkurinn í samstarfinu.“

Aðspurður segist Steingrímur hefði valið sér fjármálaráðuneytið í vinstri stjórn og VG gert kröfu um þungavigtarráðuneyti á sviði velferðar-, umhverfis- og atvinnumála.

Á fyrri fundi þeirra á heimili Ingibjargar lagði Steingrímur til að þau reyndu að bindast enn sterkari böndum enda útlit fyrir að úrslit kosninganna yrðu á þann veg að meirihluti yrði mjög naumur á annan hvorn veginn. Við slíkar aðstæður væri hætta á taugaveiklun og að það brýsti á flótti ef menn væru ekki búnir að binda sig betur saman.

„Það átti þá að vera trúnaðarbandalag á bak við tjöldin um að við reyndum að skuldbinda okkur til að fara ekki í viðræður við aðra án samráðs við hinn flokkinn. Þessu eyddi Ingibjörg en ræddi í staðinn möguleikann á að kanna hvort framsóknarmenn hefðu einhvern hug á samstarfi við okkur ef útkoman yrði slík að nauðsynlegt væri að horfa til þeirra.“

Framsókn áhugalaus

Steingrímur segir Ingibjörgu ítrekað hafa spurt hvaða möguleika hann teldi á samstarfsvilja framsóknarmanna og hann hafi ekki verið frábitnari samstarfi við þá en svo að hann tók að sér að kanna ástandið í flokknum í gegnum trúnaðarsambönd sem hann gat virkjað. Það var hálfum mánuði fyrir kosningar. „Ég lét kanna með samtölum við ónefnda framsóknarmenn innanlega í flokknum hvort eitthvað þýddi að senda formlegar meldingar. Niðurstöðurnar urðu þær að þar innanbúðar væru mjög skiptar skoðanir en það var mat þeirra sem best þekktu til að líklegast væri annað tveggja; að Framsókn hefði hug á að halda samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn áfram ef það væri í boði eða fara í stjórnarandstöðu. Ég kom því áleiðis til Ingibjargar og held að við höfum verið sammála um að það hefði ekkert upp á sig að reyna með formlegri hætti að melda til þeirra áhuga á viðræðum ef útkoma kosninganna yrði eitthvað á þessum nótum.“

Í kosningabaráttunni brutust út talsverð pólitísk átök á milli Framsóknarflokksins og VG, um stóriðjustefnu Framsóknar og stóriðjustoppstefnu VG. Á endanum tapaði Framsóknarflokkurinn miklu fylgi og í ljósi allra aðstæðna skýrði Steingrímur Samfylkingunni frá þeirri skoðun sinni að hann sæi tormerki á að hefja viðræður um myndun meirihlutastjórnar við Framsókn. „Það má heldur ekki gleymast að stjórnin hélt velli og opinberlega var það hún sem var að ræða um samstarf. Það kom aldrei til þess að taka þyrfti formlega afstöðu til þess hvort fara ætti í formlegar viðræður við Framsókn.“

Steingrímur segir þessa atburðarás sýna að hvorki hann né flokkur hans hafi verið afhuga ríkisstjórnarsamstarfi með Framsóknarflokknum, það sé þvættingur. „Því var aldrei hafnað af minni hálfu heldur beinlínis hið gagnstæða tekið fram. En við vorum heidarleg í því að segja að við sæjum tormerki á að slík stjórn gæti orðið til.“



NYÍR TÍMAR Steingrímur J. Sigfússon segir vinstri græn nú í fyrsta sinn frjálst af því að gagnrýna Samfylkinguna. „Það er innibyrð óánægja í okkar röðum með hve við forystufólkið höfum haldið niðri fagnrýni á Samfylkinguna.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Það kom aldrei til þess að taka þyrfti formlega afstöðu til þess hvort fara ætti í formlegar viðræður við Framsókn.

Minnihlutastjórn reifuð

Vinstri græn mátu pólitíska ástandið með þessum hætti daginn eftir kosningar og í vangaveltum um mögulega leiki í stöðunni varð til hugmynd að minnihlutastjórn. „Það var upphaflega frá mér komið,“ segir Steingrímur, „að kanna hvort Framsóknarflokkurinn væri tilbúinn til að veita minnihlutastjórn okkar og Samfylkingarinnar, eða þess vegna okkar, Samfylkingarinnar og Frjálslyndra, stuðning fyrst um sinn á meðan hlutirnir væru að jafna sig eftir kosningarnar. Á þeim tíma hefði Framsókn getað komið sínum málum í lag og við gert ráðstafanir gagnvart stóriðju-framhaldinu sem hefðu orðið Framsókn sem þátttakanda í ríkisstjórn mjög erfiðar. Flokkurinn hefði hins vegar frekar getað látið þær yfir sig ganga á hliðarlínunni sem óbundinn stuðningsaðili stjórnarinnar. Að baki bjó auðvitað sú hugsun að Framsókn hefði getað komið inn í stjórnina síðar, kannski hálfu, einu eða einu og hálfu ári síðar.“

Steingrímur kveðst hafa borið hugmyndina upp við Ingibjörgu Sólrúnu. Það gerði hann á fimmtán mínútna löngum fundi þeirra í Alþingishúsinu daginn eftir kosningar meðan þingflokkar beggja sátu á fundi. „Fjölmíðlar, þar á meðal Fréttablaðið, náðu myndum af þessum einkafundi okkar og greindu frá honum án þess að vita um fundarefnið fyrr en þá að einhverju leyti síðar. Þetta var af fullri alvöru gert og hugsað sem aðferð til að brjóta ísinn. Kannski hefðu málin þróast þannig að Framsókn hefði hafnað boðinu en sagst vera tilbúin að ræða við okkur um meirihlutastjórn. Þá hefðu menn staðið frammi fyrir því. Þetta var sem sagt hugsað sem

mildileg aðferð til að opna á aðkomu þeirra,“ segir Steingrímur.

Að hans sögn hafnaði Ingibjörg Sólrún ekki hugmyndinni en hafði á henni fyrirvara. Hún taldi að slík minnihlutastjórn yrði of veik og hafði áhyggjur af að Framsóknarflokkurinn gæti haldið stjórninni í gislingu með því að hafa neitunarvald í öllum málum. „Slíkt er misskilningur og ég treysti reyndar á að Samfylkingin vissi eitthvað um minnihlutastjórnir. Það er alls ekki svo að stuðningsflokkur hafi tögl og hagldir og geti stillt stjórninni upp við vegg. Oft snýst þetta við og stjórnin stillir stuðningsflokknum upp við vegg og spyr hvort hann ætli að bera ábyrgð á að stjórnin falli og leiða um leið stjórnarandstöðuna til valda. En þetta varð nú ekki, því miður og þarna held ég að hafi kulnað síðustu möguleikarnir á að til yrði öðruvísi ríkisstjórn en sú sem varð.“

Var þetta allt til einhvers?

Hvað sem leið viðbrögðum Ingibjargar er ljóst að minnihlutastjórn með stuðningi Framsóknarflokksins var aldrei raunhæfur möguleiki því framsóknarmenn sjálfir voru honum afhuga. Og ætli það hafi ekki farið heldur illa í þá að hafa heyrt fyrst af hugmyndinni í fjölmiðlum.

„Auðvitað hefði getað tekist betur til með kynninguna á þessu því fyrir tilviljun og slys fór þetta í fjölmiðla. En það er mikill misskilningur að það hafi staðið til að láta framsóknarmenn fréttu þetta þannig því ég setti samhlöða í gang ferli sem var ætlað til að koma þessu til Framsóknar á mildilegri hátt. Ætlunin var að koma þessu í gegnum ákveðnar boðleiðir sem voru opnar en því miður tóku

þeir þetta ekki til skoðunar heldur höfnuðu þessu fyrirfram og litu á þetta sem lítilsvirðingu eða móðgun.“

Þótt Steingrímur hafi aðhafst ýmislegt hvað varðar stjórnarmyndun, bæði fyrir og eftir kosningar, er hann ekki viss um að þær tilraunir hafi verið til einhvers. Hann grunar að núverandi ríkisstjórnarsamstarf hafi í raun verið komið á koppinn. „Ég velti fyrir mér hvort það hafi nokkru breytt hvað var sagt og gert, hvort þessi stjórn hafi ekki alltaf verið í spilunum. Ég treysti þó á, vitandi af áhuga margra í Samfylkingunni á að mynda þessa ríkisstjórn að tvennt gæti aftrað því; annars vegar metnaður Ingibjargar Sólrúnar til að verða forsætisráðherra og hins vegar andúð margra í Sjálfstæðisflokknum á að vinna með Samfylkingunni. Ég hélt að þetta tvennt til samans myndi kannski valda því að staðan yrði opnari en raun bar vitni og ég get alveg játað á mig þá bernsku að það kom mér á óvart hversu auðveldlega þetta rann svo saman hjá þeim.“

Þrátt fyrir ríka áherslu Steingríms á að mynda vinstri stjórn voru send reykmerki milli VG og Sjálfstæðisflokksins. Steingrímur segir ákveðnar boðleiðir hafa verið opnar en ekki hafi farið fram formleg samtöl. „Ég fullyrði og legg heiður minn að veði gagnvart því að þau samskipti voru innan eðlilegra marka miðað við þær aðstæður sem voru uppi. Þessar boðleiðir voru þannig að sjálfstæðismenn sendu óformlegar meldingar og voru með eftirgrennslan en þeim var gert það alveg ljóst að ef til stjórnarmyndunarviðræðna kæmi yrðu það mjög harðar viðræður. Og ætli gæti ekki verið að eitt af því sem hafði áhrif á að sjálfstæðismenn völdu Samfylkinguna var að þeim var til dæmis ljóst að við myndum segja þvert nei við virkjunum í neðsta hluta Þjórsár.“

Geta nú gagnrýnt Samfylkinguna

Í ljósi þess að VG stendur utan ríkisstjórnar þrátt fyrir að hafa aukið fylgið talsvert í kosningunum hafa stjórnmalaspekúlantar velt fyrir sér stöðu Steingríms í formannsembættinu og jafnvel sagt að hann hlyti að hætta. Sjálfur segist Steingrímur lítið hafa velt þeim hlutum fyrir sér. „Það er ekkert fararsnið á mér. Ég er nýlega búinn að taka að mér að leiða flokkinn næstu tvö árin og það er ekkert annað á dagskrá hjá mér en gera það og þar á eftir þess vegna út kjörtímabilið og í gegnum næstu kosningar. Margir utanaðkomandi velta stöðu minni og okkar vinstri grænna fyrir sér. Morgunblaðið og mjög margir í Samfylkingunni hafa mikinn áhuga á að losna við mig. Við segjum nú stundum í flokknum, svona hlæjandi, að það séu sjálfsagt bestu meðmælin með okkur meðan þessir aðilar víkja ekki að okkur hlýlegu orði. Hvað mig varðar sé þetta sönnun þess að ég eigi að halda áfram lengi enn. En ég hef ekki orðið var við nokkra einustu rödd í flokknum í þá veru að það hafi eitthvað gerst sem knýi á um uppstokkun í forystunni. Dauða mínum í stjórnmalum hefur áður verið spáð, til dæmis, eftir að ég beið lægri hlut í formannskosningu í Alþýðubandalaginu.“

Steingrímur segir nýja tíma hafna í stjórnmalunum, VG fái nú aukið svigrúm til að efla sig og sækja hart að ríkisstjórninni frá vinstri. Og Samfylkingin fái að finna til tevatnsins. „Menn kannski átta sig ekki á því rosalega frelsi sem við höfum fengið. Við erum í fyrsta skipti frjáls að því að gagnrýna Samfylkinguna eftir því sem okkur lystir og efni standa til. Við erum ekki lengur samherjar sömu megin víglínunnar í stjórnmalum.“

Spurður hvort flokksmenn hans hafi þurft að halda aftur af sér í gagnrýni á Samfylkinguna svarar Steingrímur játandi. „Við höfum þurft að gera það mjög mikið og það er innibýrgð óánægja í okkar röðum með hve við forystufólkið höfum haldið niðri gagnrýni á Samfylkinguna. Nú hafa þau valið sér þetta hlutskipti, þau gáfu upp á bátinn

drauminn um að vera stóra mótvægið við Sjálfstæðisflokkinn, að leiða ríkisstjórn á móti Sjálfstæðisflokknum sem þau gerðu svo lengi út á og gerði okkar stöðu miklu þrengri en hún er nú.“

Gasprið þjappar VG saman

En aftur að upphafinu, ætli Steingrímur erfi tilskrif og bolla-loggingar Össurar Skarphéðinssonar? „Nei, hann hefur alla tíð verið svona og er að mörgu leyti skemmtilegur félagi og ágætur svo lengi sem hann er í öðrum flokki og maður þarf ekki að eiga mikið undir honum. En ég viðurkenni að það kemur mér á óvart hversu langt hann gengur. Hann kemur ekki fram opinberlega öðru vísi en að leggja lykkju á leið sína og reyna að sparka í vinstri græn og mig persónulega. Ef Össur heldur að þetta leiði til þess að ég gefist upp eða að smátt og smátt

STUNGID UPPI Á MINNIHLUTASTJÓRN Á fundi í þinghúsinu daginn eftir kjördag bar Steingrímur upp þá hugmynd sína við Ingibjörgu Sólrúnu að þau könnuðu hvort framsóknarmenn gætu hugsað sér að verja minnihlutastjórn falli. Hugmyndin lak í fjölmiðla og Framsókn hafnaði áður en erindið var formlega borið upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

magnist upp óánægja í flokknum gagnvart mér út af gasprinu í honum þá er það mikill misskilningur. Ef ég þekki mitt heimafolk rétt þá þjappar þetta okkur saman frekar en hitt. Þrálátur tilraunir hans til að reka fleyga milli okkar Ögmundar hafa lengi verið aðhlátursefni í VG og sama gildir núna um mig og Svandísi. Hann og aðrir sem lifa í voninni um að stóraukinn styrkur VG muni ekki nýtast vegna væntanlegra innri erfiðleika eiga í vændum mikil vonbrigði.“



Allra veðra von

Notaðu viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar

Viðarvörn er ekki það sama og viðarvörn. Kjörvari er sérstaklega þróaður fyrir íslenska veðráttu þar sem mikilvægt er að gæðin séu í lagi.



Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von.



Náðu þér í nýja Kjörvara litakortið

Útsölastaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málaramestari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavörverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málaramestari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkrúki • Byko Akureyri • Verslunin Vailberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málaramestari, Grindavík

málning
- það segir sig sjálft -

Rykið dustað af dillum þjóðarinnar

Sumarhúsaparadís í Hollandi, bumbubani og fjórhjól? Hringir þetta einhverjum þjöllum? Hvað með fondúpott og vatnsrúm? *Lára Björg Björnsdóttir* fór í gegnum spjaldskrá íslenskra delna og tíndi fram tuttugu drauga úr fortíðinni.

Sumarhúsahverfi á meginlandi Evrópu

Hver man ekki eftir sumarhúsa-bygðunum í Hollandi, Þýskalandi eða Danmörku? Kempervennen hvað? Krúttlegum bústöðum, veitingastöðum, tennisvöllum og leikvöllum var hrúgað saman í virki. Sumarfrí var ekki sumarfrí nema fjölskyldan gæti notið guðsgrænnar náttúrunnar eins og blómi í eggi án þess að eiga það á hættu að mæta betlurum eða öðru fólki úr raunveruleikanum. Í sumum tilfellum var allt heila klabbíð sett undir glerþak sem hleypti þó sólargeislunum í gegn. Allir komu því sólbrúnir heim eftir að hafa legið saman í laut og hlustað á fuglasöng – í bergmáli glerkúlunnar.

Gufubað

Gufubað var ómissandi fyrir fólk sem var að byggja á 9. áratugnum. Í þá daga þótti það setja punktinn yfir i-íð að enda vinnudaginn á góðri gufu með nokkra kalda úr fríhöfninni. Gult handklæði og megrunarkaramellur í nesti. Eftir gufuna skellti heimilisfólk sér svo í sólstofuna og lét hitann rjúka úr sér í nýju baststólunum úr Hús-gagnahöllinni. Þegar á leið fylltust gufuböðin hins vegar af kössum og breyttust í geymslur. Basthúsgögnin enduðu á brenninni.

Fondú

Matarboð sem snerust um að stinga matarbitum á þrjónum ofan í pott fullan af sjóðandi olíu, súkkulaði eða osti voru vinsæl fyrir allmörgum árum. Á hátindi fondú-tímabilsins var matarboð varla matarboð án þess að boðið væri upp á fondú. Eftir tíð brunasár og ónýta borðdúka fékk þjóðin nóg.

Bumbubaninn

Þænum aðstandenda ístrubelgja var svarað þegar bumbubaninn kom á markaðinn. Jólágjöf ársins var reddað og fjölskyldan beidd í ofvæni eftir því að ístran á húsbóndanum hyrfi fyrir gamlárskvöld. Þegar komið var fram á vor og pápi gamli ekki kominn niður fyrir hundrað kílóa múrinn var bumbubananum hent á haugana á svipuðum tíma og McDonalds opnaði á Suðurlandsbrautinni.

Fjórhjólín

Þetta er eitthvert undarlegasta æðið sem dunið hefur á landanum. Þegar farið stóð sem hæst voru jafnvel dæmi um fimmtugar húsmæður í krumpu-göllum sem höfðu ekki plantað einni stjúpju við bústaðinn því þær voru of uppteknar við að þeysa á kvikindunum um holt og hæðir. Fermingarbörn fóru ekki varhluða af æðinu og góðæriskörn þessa tíma muna eflaust eftir að hafa verið dregin út á bílplan í miðri fermingarveislunni þar sem fjórhjólíð beidd þeirra með rauðri slaufu. Lög-reglan hafði í nógu að snúast að elta uppi börn í einbýlishúsaahverfum sem tættu upp mossa og runna á tryllitækjunum. Þau voru alla vega ekki að kveikja í sinu á meðan.

Soda Stream tækin

Þó að Soda Stream tækin hafi átt gott kombakk hérna um árið þá áttu sírópsdunkarnir með pumpunum ekki afturkæmt.

Heimaljósabekkir og háfjallaandlitsljós

Ljósabekkir til einkanota – enginn vill kannast við að hafa átt þá. Það var ekki nóg með að fulloröna fólk-

íð hafi tekið smá rispu í bekkjunum fyrir jól og fermingarveislur heldur sluppu börnin ekki heldur. Ef Lilli litli þótti föður, veikulegur eða ekki nógu frambærilegur fyrir fimmtugsafmæli Dobbu frænku var honum bara skellt undir lampann og viti menn! Á fimm mínútum leit hann út eins og eftir fimm daga á eyðieyju við miðbaug. Allir sátir.

Innlit-Útlit-isminn

Þjóðin stóð á öndinni þegar Vala Matt leiddi okkur um heimili betri borgara landsins og sýndi okkur hvernig ætti að búa smekklega. Þar leyfðu þjóðþekktir einstaklingar Völu að sjá heimili sín og þaðú jafnvel góð ráð. Gott ef litatónarnir í málningarbúðum voru ekki nefndir eftir liðinu í þáttunum. „Ég ætla að fá fimm lítra af Stefán Karls-hrímhvítum takk.“ Kerlaugar, náttúruflísar, glerskírúm, gegnheilt parket og fleira brílljant tryllti landann. En eftir nokkur ár fór gamanið að kárna og þátturinn var endanlega settur út af sakramentinu þegar Ásgeir Kolbeins og Arnar Gauti tóku þriggja ára gamla eldhúsinnettingu og trérimlagardínur af lífi í beinni. Í dag ríkir ögn meira umburðarlyndi og það er í lagi að vera með innréttingu frá 1993 og húsgögn sem heita ekki eftir borgum í Suður-Evrópu. Auðvitað eru sumir ekki búnir að ná þessu og þurrka rykið af viðuraplunum, stara út um gluggann á tólfstu hæð í Skuggahverfinu og syrgja gamla tíma þegar allt var krómað, hvítt og beisað.

Nuddnámskeið

Nuddnámskeið, olíur og bekkir voru vinsæl fyrir fimmtán árum eða svo. Margir fjárfestu í olíum, bekkjum og námskeiðum og hjón lífguðu upp á sambandið með nuddi og aftur nuddi. Síðan hætti fólk að nenna þessu og skildi bara.

Bollur

Bollan er forfaðir kokteilsins og þótti afar þægileg þegar von var á mörgum gestum. Það þurfti bara eina sterka flösku (tannlæknaspríri var vinsæll), nóg af gosi, áxveti og glerskál. Bollur voru þó ekki vinsælar daginn eftir. Hver hefur ekki heyrt einhvern segja, grænan í framan með höfuðið ofan í klósettinu, „Æi, það var einhver bolla í partíinu í gærkvöldi...“ Í dag vill fólk frekar vita hvað það er að drekka. Það þýðir samt ekki að fólk drekki minna, það getur bara ekki lengur kennt bollunni um hausverkinn heldur eigin stjórnlýsi.

Hot shot

Guðfaðir skotanna er án efa Galliano-drykkurinn Hot Shot. Sérstök glös og skeiðar fengust með flöskunni til að auðvelda lagskiptinguna og í þau var líkjörnum, kaffinu og rjómanum hellið og síðan skál- að í botn (áður en allir skelltu sér í gufunu).

Radarvarar í bílum

Þegar radarvarar litu dagsins ljós vaknaði lítill glæpamaður í rölegustu heimilisfeðrum. Með börnin í aftursætinu var gefið í botn á þjóðvegum landsins á meðan adrenalínið þaut um æðarnar. Svo virðist sem löggang hafi unnið tæknistríðið við öikumenn sem keyra of hratt og reyna að komast upp með það. Nú er ekki lengur hægt að gefa í eins og fjandinn sjálfur sé á eftir þér og kloss-bremsa þegar fyrsta pipið í tækinu hljómar. Löggang er löngu búin að ná þér á radarnum.



VIÐ FÉLLUM ÖLL Fái geta svarið það af sér að hafa dýft banabita ofan í kekkjótt súkkulaði í fondú-veislu eða skellt sér í andlitsljós í kjallaranum hjá nágbrannanum.

Herbalife

Það er ekki nóg með að þeir hafi fundið upp megrunarlyf heldur gat hver sem var grætt fúlgur fjár á því með því að gerast „sölumaður megrunar“. Herbalife-kóngar spruttu upp eins og sveppurinn góði og brátt gat fólk varla farið í skírnarveislu án þess að vera dregið út í horn af andsetnum sölumanni með megrunarduftið í jakkavasanum og dollaramerki í augunum sem sannfærði það um að nú væri kominn tími til að hætta við fasta fæðu og fá sér duftdrykki og vítamíntöflur. Í dag eru Herbalife-sölumenn annaðhvort flúnir land eða ganga á milli húsa og reyna að selja 100.000 króna vatnsryksugur.

Bryggjuhverfið

Stórmerkilegt hverfi sem var hannað með það í huga að vera snekkju-paradís þeirra sem vildu njóta þess að búa við sjóinn og átti að minna á strandbæ í Suður-Frakklandi. Því miður voru íbúar hverfisins sviknir af borgaryfirvöldum sem lofuðu fyrir mörgum árum að flytja í burtu sandverksmiðjuna sem stendur við hverfið. Verksmiðjan stendur þar enn og feykir sandi yfir íbúa þegar vindátt er óhagstæð. Þegar þannig viðrar má sjá þá rafa um með klúta fyrir vitunum svona eins og íbúar Peking gerðu vorið 2005 þegar fuglalfensan ógnaði mannkyninu.

Fuglaflensan

Og talandi um fuglaflensuna. Þvílík lumma! Það má segja að fuglaflensan sé dæla sem náði yfir alla heimsbyggðina. Hver gleymir alvarlegum yfirlýsingum fjölmiðla um að jarðarbúar stæðu frammi fyrir ólæknandi og bráðdrepani inflúensu sem myndi láta svarta dauða líta út eins og vægan hósta? Áhyggjufullur landlæknir lýsti því yfir að ef allt færi á versta



Innbakað kjöt

Beef Wellington þótti ekkert slor og í flestum fermingum og brúðkaupum á árum áður mátti sjá kjötflykki vafið deigi á öllum betri hlaðborðum. Hvers vegna rétturinn dó út er erfitt að segja til um en ætli pestó-brauðkörfur, ostar og pylsur frá bakameisturum landsins hafi ekki þótt sigurstranglegrir fyrir aðhaldið sem hálf þjóðin virðist vera í.

Málverkaeftirprentanir í römmum

Fæðing Venusar, Ópið og hinar rauðhærðu konur Gustavs Klimt eru ódauðleg listaverk en eftirprentanir í römmum sjást varla lengur. Þær voru þó merkilega vinsælar hérna áður fyrr – á sama

Grár sveppamassi var settur í vatnsglas og látinn standa í ísskáp. Safinn þótti hollur og góður og fólk drakk af bestu lyst. Bitar af herlegheitunum gengu manna á milli enda var nóg að fá brot af sveppunum því hann óx hratt. Sögusagnir voru uppi um að ekki væri hægt að drepa sveppinn nema grafa hann í jörðu. Stundum dugði það heldur ekki til og fræg er sagan af raðhúsálengjunni í Fossvogi þar sem sveppurinn teppalagði hvern bakgarðinn á fætur öðrum vegna þess að einhver íbúinn hafði reynt að grafa hann og drepa í skjóli nætur.

Strippbúllur

Fyrir nokkrum árum voru strippbúllur um alla borg. Viðskiptin blómstruðu á stöðunum í skjóli

● ● ● Í dag eru Herbalife-sölumenn annaðhvort flúnir land eða ganga á milli húsa og reyna að selja 100.000 króna vatnsryksugur.

tíma og helsta prýði bókaskápsins var Kvænnafræðarinn.

Vatnsrúmin

Þú finnur varla meiri 80s sprengju en vatnsrúmin. Hver man ekki eftir öðrum í jólum – sex stórmáltíðum og sjö konfektkössum síðar – þegar heimilisfaðirinn hafði það flott og lagðist á meltuna í jólagjöfinni frá sveinka. Hvað gerðist?

Mansjúríu-sveppurinn

Og þá er komið að heilsudellunni.

fatlausra ráðamanna sem héldu að dansararnir væru listamenn en ekki þrælur. Eftir að einkadansinn var bannaður fækkaði búllunum enda ballið búið... og þó. Í verksmiðjuverfi í Kópavogi er síðasta dansandi móhikanann að finna. Þessi móhíkani stendur í ströngu þessa dagana við að verja rekstur sinn og segir sig ekki þrælahaldara heldur lögghlýðinn borgara sem greiði vini sínum, bæjarfógetanum, skatta.

veg myndi heil kynslóð Íslendinga þurrkast út og aðeins gamalmenni og börn lifa af. Þeir sem höfðu efni á keyptu sér aukafyrstikistur fullar af frosnu kjöti og húsmæður í Vesturbænum fylltu skápana af haframjöli ef stjórnlýsi og almennt anarki myndi skapast af völdum flensunnar. Í dag er enn beðið eftir flensunni og hættan á útbreiðslu er til staðar. Það nennir bara enginn að hlusta lengur. Enda blaðran sprungin.



ora

Ástríða í matargerð

Rauð og fullþroskuð

Í Ora tómatsósu eru eingöngu notaðir fyrsta flokks tómatar sem eru rauðir og fullþroskaðir. Það skilar sér í einstökum gæðum því betri tómatar gera betri tómatsósu.

Hefurðu prófað?

www.**ora**.is



Frá Feneyjum til Grundarfjarðar

Júnímánudur hefur verið viðburðaríkur fyrir listapríeykið MOMMS. Félagar þess hafa siglt á síkjum Feneyja, sprellað hálfnaktir með heimsþekktu fyrirfólki og opnað pitsustað á Grundarfirði. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* heyrði einstaka ferðasögu hjá Morra, **Friðriki Svani Sigurðarsyni**.

Morri útskýrir að MOMMS sé nafn dregið af upphafsstöfum félaganna en með honum starfa Guðmundur Hallgrímsson (Mundi) og bandaríski myndlistarmaðurinn Schuyler Maehl. Mundi og Morri eru báðir í myndlistarnámi í Listaháskóla Íslands. Ævintýrin hófust fyrir alvöru þegar þeir, fyrir staka tilviljun, komust í kynni við austurrísku ólíkindatölin í listahópnum Gelitin sem settu upp rismikla sýningu í galleri Kling & bang í fyrrasumar. Vinskapur sá hefur leitt piltana víða, þar á meðal til New York og Vínar þar sem þeir hafa verið Gelitin innan handar við ýmis konar verkefni. Gelitin-hópurinn er heimsþekktur en fjórir félagar hafa starfað undir þeim merkjum frá árinu 1993 og á ferli sínum meðal annars sýnt á Sjanghæ-tvíæringnum, í Gagosian-galleríinu í New York og Pempidou í París.

Síkjasiðlingar í lendaskýlu

Gelitin er meðal þátttakenda í Feneyjatvíæringnum, einni elstu og virtustu nútímalistasýningu heims, sem nú stendur yfir en hátíð sú var opnuð í byrjun júní. „Þeir báðu okkur um að koma með til Feneyja en eins og áður vissum við ekkert hvað við vorum að fara að gera. Við mættum þangað alveg grænir,“ segir Morri og útskýrir að iðulega fylgi fjöldi fólks þessum víðförnu fjörmenninum, til dæmis vinir, makar og kollegar. „Við höldum að við ættum að hjálpa þeim við að byggja skúlpúr sem þeir eru með á sýningunni en það kom fljótlega í ljós að þeir voru með þrjú þaulvana smíði með sér. Þess vegna byrjuðum við bara að byggja okkur bát í staðinn.“

Bátssmíðin vakti lukku í hópnum og félagar þeirra ákváðu einnig að smíða risastóran fleka en í kringum hann og bátinn spannst gjörningur sem MOMMS-arnir fylgdu eftir. „Við komum fram á daginn og sigldum með fólk um hundrad metra milli bakkanna. Flekinn og báturinn voru reyndar alveg hríplek hró og það þurfti að ausa úr bátnum á leiðinni. Fólk fannst þetta mjög spennandi – það var eiginlega alltaf röð við bakkann. Fólk sá kannski þínu eftir því meðan það var um borð en varð svo aftur ánægð þegar það komst í land.“

Gelitin-félagarnir eru þekktir fyrir fremur líkamlega list og í hitanum á Ítalíu var óheppilegt að vera fullklæddur. „Við vorum ekki alveg berrassaðir, en mjög lítið klæddir,“ útskýrir Morri hæverskur en hann kveðst sjálfur ekki vera mjög strípihneigður. „Gelitin-hópurinn er einhvers konar pönkhópur, þeir eru mikið fyrir nekt. Þeir gera margt sem er mjög fyndið og skemmtilegt en þeir eiga það líka til að gera hluti sem eru alveg ótrúlegir og magnaðir.“

Vaska upp fyrir fröken Call

Sökum þess að Gelitin-hópurinn er afar hátt skrifaður hjá alþjóðlegu listaélitunni um þessar mundir var félögnum einnig boðið í móttökur og partí hjá ýmiss konar þotuliði. „Það var oft mjög fyndið,“ segir Morri kíminn. „Við þekkjum ekkert þessi nöfn og þess vegna gátum við alveg hegðað okkur eins og venjulegt fólk á meðan aðrir voru alveg með kúkinn í buxunum yfir þessu.“ MOMMS-menn heimsóttu meðal annars myndlistarkonuna Sophie Call, einn þekktasta konsept-listamann Frakkna en margir hafa hampað framlagi hennar til tvíæringssins. Samkoman var haldin heima hjá sýningarstjóra hennar sem var orðinn dálítið leiður á öllu saman undir lokin og ætlaði að henda fólki út. „Gaurinn var með svaka stæla og sagði okkur að hunskast burt þó við værum

þarna sallarólegir og skælbrosandi. Þegar við vorum á leiðinni út heyrðum við hann segja einhver rætin komment við félagan sinn um að þeir ættu kannski að fá okkur til að vaska upp. Svo við tókum hann á orðinu, drifum okkur inn í eldhús og fórum að vaska upp fyrir Sophie Call. Þau þorðu ekki að koma inn fyrr en eftir tíu mínútur – þá kom hún og sagði að þetta hefði bara verið grín.“

Morri segir að ómeðvitað hafi hópurinn staðið í hálfgerðum gjörningi á meðan á Feneyjaverunni stóð og þeir félagar hafi gert sitt til þess að „hræra aðeins upp í fólki“. „Við vorum alls ekki að reyna að hneyksla neinn, bara að hafa gaman,“ útskýrir Morri.

Næturævintýrin enduðu víða, til dæmis ofan í sundlaug hjá Jeffrey Deitch þar sem ofurfyrirsætan Naomi Campbell sást einnig á vappi. „Þetta var mjög óraunverulegt allt saman, svona bíómyndastemming. Reyndar kom það mér á óvart hvað það er mikill remlingur í tengslum við þennan tvíæring. Ég hélt að þetta væri miklu meira sjökk-erandi – að listin væri svo mögnuð. Það eru bara svo miklir peningar í umferð þarna. Mikill hluti af listinni er mjög fluttur en „save“. Og það er endalaust af galleristum, sýningarstjórnum og safnafulltrúum þarna – alls konar lið með flottar hárgreiðslur en ekkert sérlega skemmtilegt fólk.“

Morri segir að þeir hafi einnig gefið sér tíma til að heimsækja nokkrar sýningar, þar á meðal formlegt framlag Íslands, sýningu myndlistarmannsins Steingríms Eyfjörð „Lóan er komin“. „Sýningin var mjög fín. Miðað við það sem ég sá fannst mér hann meðal þeirra tíu bestu þarna. Sjálfur er ég búinn að fá alveg upp í kok af íslensku myndmáli en hann nálgast það öðruvísi. Steingrímur er mjög hómorískur og getur vel við unad með þessa sýningu.“

Allt rúllar

Sjálfur segist Morri alls ekki vita hvaða þýðingu þetta samstarf við heimþekktu Austurríkismennina hefur fyrir þá félagan. „Það eru allir að óska okkur til hamingju, þetta lítur ábyggilega vel út á ferilskránni en fyrir okkur er þetta bara ótrúlega gaman og við erum búnir að hitta fullt af frábæru fólki. Ég held að þannig eigi það að vera – fólk á bara að vera það sjálft og vera til í að framkvæma hlutina því þá rúllar allt. Svo snýst þetta ábyggilega um heppni líka.“ Hann vill lítið láta uppi með framtíðina og áréttar að hann og Mundi séu jú enn í skóla. „Það verður bara að koma í ljós,“ segir hann sposkur en upplýsir að MOMMS hafi verið

“Fólk á bara að vera það sjálft og vera til í að framkvæma hlutina því þá rúllar allt.”

boðið að taka þátt í sýningu á Írlandi á næsta ári og þá muni hlutverkin snúast aðeins við. „Gelitin-hópurinn er alveg æstur í að fá að koma með og vera aðstoðarmenn. Þeir eru alltaf að gera okkur einhverja greiða.“ Einnig er í bígerð að MOMMS verði Gelitin innan handar við sýningu í Nútímalistasafninu í París í vetur svo það er greinilega nóg framundan.

Vína-Pizza rís

MOMMS-þríeykið undi sér vel í Feneyjum en svo kom að því að önnur verkefni kölluðu á krafta hópsins. Mundi og Morri héldu heim á leið og stefndu á Grundarfjörð en Schuyler fór til Bandaríkjanna. Á Grundarfirði tóku félagarnir ásamt fleirum þátt í verkefni Dýonísía sem var nokkurs konar



SÍKJASÍGLINGAR Í FENEYJUM Mundi MOMMS-maður og Ali Janka úr Gelitin voru léttklæddir ferjumenn.

MYND/MOMMS

grasrótarlísta-hátíð sem haldin var víða um land dagana 9.-19. júní.

„Við ákváðum að reisa pitsustað og byggðum staðinn Vína-Pizzu á bílastæðinu fyrir framan Sögusetrið á Grundarfirði,“ útskýrir Morri en auk Munda tóku hugsjónamennirnir Finnbogi Péturs og Birgir frændi þátt í smíðinni. Staðurinn var byggður úr sextíu vörubrettum sem þeir félagar fengu lánuð niðri á höfn. „Þetta var alls ekki svo mikið púl, vörubretti eru mjög meðfærlig. Svo settum við parkett og náðum í húsgögn. Við fengum líka lánað grill.“ Listamennirnir skreyttu pitsukassa og settu upp sýningu á þeim inni á „staðnum“. Hinn 16. júní var veitingastaðurinn Vína-Pizza opnaður en fjöldi fólks nýtti sér þjónustu staðarins en þar voru seldar Goodfellas-pit-

varir við virka samkeppni í pitsusölu á þessum tíma en eigandi veitingastaðarins Kaffi 59, Anna Guðrún Aðalsteinsdóttir, segir að sér þyki framtak þeirra félagana afar sniðugt.

Vínalegrí en Feneyjar

Morri segir að víst séu Grundarfjörður og Feneyjar ólíkir staðir en þeim félögum hafi þótt hinn fyrrnefndi ólíkt vínalegrí auk þess sem Grundfirðingar státi af einu fallegasta fjalli Íslands, Kirkjufellinu sem gnæfir yfir bænum. „Það sköpuðust þó nokkrar umræður um þetta verkefni en við útskýrdum fyrir gestum okkar að þetta væri hluti af lista-hátíð sem stæði yfir um allt land. Ég heyrði síðan að gestir okkar útskýrðu fyrir öðrum að þetta væri ekki beint veitingastarfsemi heldur gjörningur. Það tóku okkur allir mjög vel og meira að segja „þjökk-gaurarnir“ komu og versluðu við okkur.“

Að kvöldi 17. júní var staðurinn síðan rifinn aftur og tóku starfsmenn unglíngavinnunnar á staðnum að sér að koma brettunum aftur niður á höfn. „Okkur langar að koma á framfæri þökkum til þeirra og áhaldahússins á Grundarfirði, Jónasar sem var tengiliðurinn okkar og Sögusetrinu sem leyfði okkur að nota planið. Svo langar okkur líka að þakka Gíslra götundansara sem var einn af fyrstu gestunum okkar,“ segir Morri.

Grundarfjörður var einn af átta bæjum sem hýstu Dýonísíu-verkefnið og segir Morri að dagskráin hafi heppnast vel í flestum þeirra. Framundan er vinna við bók um framtakið og síðan er fyrirhuguð sýning á afrakstri þess í vetur. Morri segir að sig langi tvímælaust aftur til Grundarfjarðar. „Ég hugsa að við förum þangað aftur, við eignuðumst góða vini þarna. Það eru líka alveg frábærir krakkar á Grundarfirði og við vonum að heimsókn okkar hafi kveikt einhvern lista-huga hjá þeim.“



VÖLUNDAR MEÐ VÖRUBRETTI

Hagleikssmíðirnir Finnbogi, Mundi, Birgir, Alex og Johnny Sexual lögðu sitt af mörkum við smíðina á Vína-Pizzu á Grundarfirði.

MYND/MOMMS



MORRI LEGGUR VINAPARKET Myndlistarfólk er ýmislegt til lista lagt. Pitsustaðurinn fékk líka grill og orgel til að halda uppi fjörinu.

MYND/MOMMS

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Hlíðarberg í Hafnarfirði er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. september 2007 eða eftir nánara samkomulagi.

Í starfi leikskólans er lítið til Reggiostefnunnar. Frá upphafi hefur leikskólinn verið í nánu samstarfi við grunnskólann í hverfinu og verið er að innleiða SMT hugmyndafræðina. Í skólanum starfar gott fagfólk með mikla reynslu og metnaðarfulla skólasýn.

Umsækjandi þarf að hafa til að bera eftirfarandi þætti:

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
- Reynslu af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnað og áhuga fyrir nýjungum

Í Hafnarfirði eru íbúar rúmlega 24.000 og rekur bærinn nú 15 leikskóla og er með þjónustusamning við einn til viðbótar.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er þjónustustofnun í þágu menntunar í bæjarfélaginu og þar starfa sérhæfdir starfsmenn sem veita faglega ráðgjöf og þjónustu sem hæfir hverju sinni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafía Guðmundsdóttir, leikskólastjóri í síma 664 5841 netfang hlíðarberg@hafnarfjordur.is Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélags og FL.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknum skal skilað á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður, eigi síðar en 15.júlí 2007.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



Stöður á tölvu- og upplýsingatæknideild

Lausar eru til umsóknar tvær stöður á tölvu- og upplýsingatæknideild. Um er að ræða 100% störf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir góðri hæfni til mannlegra samskipta, lipurð og ríkrí þjónustulund. Næsti yfirmaður er forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar.

Á tölvu- og upplýsingatæknideild starfa 5 manns í fjölbreyttu starfsumhverfi.

1. Starfsmaður á þjónustuborði tölvu- og upplýsingatæknideildar

Starfið felst í móttöku og skráningu á þjónustubeiðnum og grunnþjónustu við notendur tölvukerfis FSA.

Umsækjendur skulu hafa góða almenna tölvukunnáttu og kunna skil á MS hugbúnaði. Grunnþekking á netkerfum er æskileg.

Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið framhaldskólanámi af tölvubraut.

Launakjör eru skv. kjarasamningi KJALAR og fjármálaráðherra.

2. Tölvunarfræðingur á tölvu- og upplýsingatæknideild

Starfið felst meðal annars í uppsetningum á tölvum, prenturum og jaðarbúnaði í netumhverfi ásamt notendauppsetningum. Einnig er um að ræða notendabjónustu og þjónustu við sérhæfð hugbúnaðarkerfi.

Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða mikil starfsreynsla við tölvukerfi er nauðsynleg.

Launakjör eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu FSA skulu sendar Oddnýju Snorradóttur forstöðumanni tölvu- og upplýsingatæknideildar, Fjórðungs-sjúkrahúsínu á Akureyri, v/Eyrarlandsveg, 600 Akureyri. Umsóknir má einnig senda í tölvupósti á netfangið odda@fsa.is (tryggt skal að allar sömu grunnupplýsingar og eru á umsóknareyðublöðum komi fram í rafrænni umsókn).

Nánari upplýsingar um störfín veitir Oddný í síma 463 0277.

Umsóknarfrestur er til og með 16. júlí.



Lífefndafræðingur óskast til starfa

Rannsóknastofan í Mjódd óskar eftir að ráða lífefndafræðing til starfa sem fyrst. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir með upplýsingum um umsækjanda og sendist til Rannsóknastofunnar í Mjódd, Þönglabakka 6, 109 Reykjavík, eða á solrun@setrid.is fyrir 9. júlí n.k. Upplýsingar ekki veittar í síma.



Störf hjá IKEA

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum í útstillingadeild IKEA.

Útlitshönnuðir

Okkur vantar þrjá útlitshönnuðir sem vinna að sýnilegri framsetningu á vöruúrvali IKEA. Skipuleggja og koma í framkvæmd breytingum á verslun og starfsmannasvæðum í samræmi við stefnu og viðskiptadagatal IKEA.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði hönnunar/útstillinga
- Smekkvísi
- Áhugi á innanhússhönnun
- Áhugi á nýjum stefnum og straumum á sviði hönnunar og húsbúnaðar
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði
- Álagsþol

Grafísk hönnun

Laust er til umsóknar starf sem felur meðal annars í sér skiltagerð og myndræna framsetningu upplýsinga innan verslunar. Viðkomandi verður að geta tileinkað sér nýjungar á sviði grafískrar hönnunar og skiltagerðar.

Hæfniskröfur:

- Menntun í grafískri hönnun eða sambærilegt
- Áhugi á innanhússhönnun
- Áhugi á nýjum stefnum og straumum á sviði hönnunar og húsbúnaðar
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði
- Álagsþol

IKEA býður upp á fjölbreytt og lífandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknum má skila á þjónustuborði IKEA eða fylla út umsóknarform á www.IKEA.is fyrir 8. júlí. Nánari fyrirspurnir skal senda á netfangið fjola@ikea.is



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!

Hafðu samband og fáiðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Auglýsingadeild 365 miðla leitar að sölu- og markaðsfulltrúa til að selja auglýsingar í Fréttablaðið. Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, metnað og góða þjónustulund. Þeir þurfa að vera skipulagðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og geta unnið undir álagi.

Auglýsingadeild 365 miðla er ein öflugasta og framsæknasta söludeild landsins og hefur á að skipa hæfileikaríku starfsfólki. Vilt þú komast í þann hóp?

Umsóknum skal skila á 365midlar.is undir „starfsmenn - störf hjá 365“. Umsóknarfrestur er til 6. júlí n.k.

365

SÖLU- OG MARKAÐSFULLTRÚI

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Auglýsir eftir fjölbreytum starfsmanni til starfa í Heiðmörk

Starfssvið:

Umhirða útivistarsvæða
Grisjun

Hæfniskröfur:

Nauðsynlegt að umsækjandi eigi auðvelt með að vinna sjálfstætt og borið ábyrgð á einstökum verkþáttum. Þarf að geta unnið líkamlega krefjandi störf ss. skógarhögg.

Menntun:

Skógræktar og/ eða iðnmenntun er kostur.

Með umsókn skal fylgja eftirfarandi:

Yfirlit yfir menntun
Starfsreynslu síðustu 7 ára.

Launakjör:

Skv. samkomulagi

Umsóknir skulu sendast til Skógræktarfélags Reykjavíkur fyrir föstudaginn 13. júlí n.k.

Skógræktarfélag Reykjavíkur Elliðavatni 110 Reykjavík Sími 564 1770 skograekt.is

LANGAR ÞIG AÐ VERÐA TOLLVÖRÐUR



Nokkrar stöður tollvarða eru lausar til umsóknar hjá tollstjóranum í Reykjavík. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi störf sem henta bæði körlum og konum. Tollvörðum er boðið upp á öflugt nám á launum í Tollskóla ríkisins sem lýkur með útskrift. Tollskólinn veitir tollvörðum grunn- og sérmenntun í ýmsum greinum á sviði tollheimtu og tollgæslu. **Til að fá inngöngu í skólann þarf að þreyta þrjúþætt inntökuþróf.** Nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Nánari upplýsingar um starfið veita Hörður Davíð Harðarson, aðaldeildarstjóri tollfirtirlitsdeildar, í síma 560-0380 og Harpa Hallsdóttir, sérfræðingur á starfsmannasviði, í síma 560-0352.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst nk. Umsóknir merktar „tollvörður“ ásamt ferilskrá, læknisvottorði og ljósriti af ökuskríteini skal skila til starfsmannasviðs embættisins Skúlagötu 17, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is. Umsóknir geta gilt í sex mánuði.

Kröfur til umsækjenda:

Vegna flutninga er búslóð til sölu. T.d. sófasett, borðstofuset, skenkur, stofuborð og margt fleira. Verður til sýnis að Blesugróf 27, 108 Rvk, sunnudag frá 16-21 og mánudag frá 19-22. Annars uppl. í s. 868 0743.

Hljóðfæri



Da Cabo Þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.15.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Vélar og verkfæri

ATMOS loftpessur

Eigum á lager 4,5m³ til 11m³ loftpessur

Ráðgjöt /// Sala /// Þjónusta
Ól Ársalts 803 3016
Gunnar 804 6790

KRAFTVÉLAR
Dalveg 6-8 /// 201 Kópavogi

SDMO Rafstöðvar
1kva - 2kva hentug í ferðalagði

Ráðgjöt /// Sala /// Þjónusta
Ól Ársalts 803 3016
Gunnar 804 6790

KRAFTVÉLAR
Dalveg 6-8 /// 201 Kópavogi

Til bygginga

SMAHÝSI

Vantar þig hús á byggingarstað eða óðra geymsku. Smáhýsi frá 188.000 m.vtk.

STEELBUILDING
Austurvegur 83 - 830 Selfoss - Sími: 480 0480



Til sölu Ljós-Kremaður Travertín(Marmara) flísar. Stærð 61*61*1,5cm. Venjulegt verð 11.900kr nú aðeins 7.000kr!!! aðeins ca.250fm eftir!!! Uppl. í s. 893 8247.

Verslun

XXX DVD

Besta verðið!!
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS **2.950,-**

DVD FRÁ 1990.- KR

Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opíð frá kl. 15-23.30

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar ehf.

- Ræsingar
- Gluggabrotar
- Hreingerningar
- Teppahreinsun
- Flutningsþjónusta
- Gólfbórnun

Sími: 868 5599
www.hreingerningar.is

Garðyrkja

Smágröfuleiga Drenlagir Hellulagir

Tökum að okkur aðhliða lóðavinnu.

Upplýsingar í síma **824 7565** Beðgi! **696 6676** Bjóssi.

Umhverfisþjónusta ehf.
Þitt umhverfi - Þín þjónusta

25 ára reynsla
Hellulagir
Vegghleðslur
Sólpallar
Túnþökulagir
Jarðvegsvinna

520 1220
þjónusta@umhverfisprjodi.is
www.umhverfisprjodi.is

Sælugarðar ehf.
-allt fyrir garðinn

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagir
- Hellulagir
- Sólpallar

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsaásmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

Túnþökusala Oddsteins
Túnþökur og túnþökuröllur til sölu í garðinn eða sumarþóstaðinn!
Steini, s:663 6666



Sláttuvélar markaðurinn
Traktor 20hp Briggs & Stratton, vökvaskiptur, sláttubreidd 107 cm. Besta verð í bænum. Sláttuvélar markaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Tökum að okkur garðslátt og garðvinnu. Fáðu tilboð í síma 821 6129.

Tökum að okkur hellulagir, skjót og góð þjónusta. SS hellulagir. S. 691 8907.

Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

Fjárhagsröðuleikar, vantar þig aðstoð?
Kíktu á www.kafaskipti.is
Sími 517 1030.

Málarar

ÞAKMÁLUN
www.thakmalun.is

Áratuga ending
10 Ára ábyrgð.

Öll almenn þakvinnu!
Þakklæðningar
Þakviðgerðir
Almenn húsamálun

844-1011 / 697-3592

Málarar geta bætt við sig verkefnum, úti og inni, sandspórtslun. Föst verð og tímavinnu. S. 693 2625, Sigurður & 897 2945, Kristmundur. List-verk.

Meindýraeyðing

Garðúðun meindýraeyðir ehf.

Úða garða, öll almenn meindýraeyðing og illgresiseyðing. Eyði könguló af húsum, geitungabúum og starrfló. Með leyfi frá Umhverfisstofu. Sigurður Ingi Sveinbjörnsson, s. 567 6090 & 897 5206.

Búslóðaflutningar

Ertu að flytja austur á land?

Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Búslóðarflutningar
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

Húsviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. máln, mýrun, flísa- & parketlagir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinnu. S. 616 1569.

Smíðslausnir ehf. Erum lausir strax. Tökum að okkur uppsetningu hurða, milliveggja ásamt parketlögnum, panel, loftklæðingum, Innréttingum, glerjun og sólpöllum. S. 696 2400 Benni.

Hljóðfæri

Fender Telecaster (made in U.S.A.) Klassíski viðarliturinn, Hardcase fylgir. Hljómur gullfalleiga. S: 8678719 Verð: 110.000

Nudd

Message. Tel. 862 0283.

Spádómar

www.ortagalinnan.is



Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Englilíf s. 863 1987
Er spennandi lífi framundan?
Hvað viltu vita um framtíðina?
Anslag leiðsögn Fyrirbærir Trúnaður
Er við alla stöð frá kl. 11-01.
Lára spámiðil s. 863 1987
VISA/EURO



Iðnaður

M4 Landmælingar
Mannvirkjamælingar
Lóðir Hús Götur
tæki: Trimble S603, laser
magnusmasson@hotmail.com
Magnús 897 41 61

Önnur þjónusta

Vefumsjónarkerfi á betra verði. Nánar á tmsenmedia.com eða sími 662 2166

HEILSA

Heilsuvörur

LR-Henning kúrin er fljótverk og bragðgód leið til að losna við aukakílóin.
Ekki bíða lengur með að taka fyrsta skrefið í átt að léttara lífi.



Hafðu samband á lr-henning@internet.is og ég sendi þér allar upplýsingar.

Alveg nýtt á Íslandi - Lr kúrin.

Viltu léttu þig? Ég hef losnað við 13 kg á 8 vikum án svengdar og án sérstakrar hreyfingar. Til að fá fría prufu þá hringdu í Halldóru í síma 869 2024 eða sendu tölvupóst á halldoragv@internet.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Nudd nudd nudd. S. 659 9420.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SCHOOL ICELANDIC



INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

4 vik má-fös 18-19:30 að byrja 2/7 og 24/9, Ármúla 5. S. 588 1160/ff@icetrans.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILÍÐ

Húsgögn

Glæsileg Mahony skrifstof- húsgögn, til sölu

Sjá nánari uppl. og ljósmyndir á www.hannin.is undir glæsileg mahony skrifstofu-húsgögn + fundarborð, stólar, vandað simkerfi ofl. S. 898 2705.

Dýrahald

Járhundabúr - allar stærðir

Dýrabær Smáralind www.dyrabaer.is

Tvo ketti vantar nýtt heimili vegna ofnæmis. Hreinræktaður síamsstress og síamsblönduð læða. Bæði eru geld, bólusett og eyrnamerkt. Getta bæði verið inni- og útikettir. Frábærar kisu! Uppl. í s. 866 2901.

Afghanhound stelpa Til sölu 10 Mán. afghan tik innflutt frá Svíþjóð með heidursverðlaun á tveim sýningum hjá HRF. Uppl. í s. 690 0907.

Ýmislegt



- Beachcomber - Kanadískir heitir pottar Sumartilboð á heitum pottum. Eignum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi. Opíð alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta



Sjóstangveiði - Andrea Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar. www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

Gisting

Orlofshús á Akureyri Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikun á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Orlofsíbúð á Akureyri 13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

Hestamennska

Óður frá Brún Óður verður í Húnavatnssýslu í sumar. Laus pláss. Verð 25 þús.+vsk. Uppl. í s. 456 1231 & 893 1038.

Ýmislegt

Selló til sölu. Eins árs,kinverskt, lítið notað. Byrjendanoftabækur, bogi úr snákaviði og silfri og etv. taska fylgir. Verð: 289 þús. S:6628186

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

55m2 íbúð í Mosfellsbæ laus til leigu fyrir einstakling eða par. 80.000 á mán. innifalið rafm og hiti. Uppl. í s. 896 0415.

3 til 4 herbergja íbúð með húsgögnum til leigu í eitt ár eða lengur á besta stað í Hafnarfirði frá ágúst eða sept. leiguverð er 130.000 á mán. Upplýsingar í síma 822 1941.

Húsnæði óskast



Húsnæði óskast fyrir erlenda skiptistudenta Húsnæði óskast fyrir erlenda skiptistudenta við Háskóla Íslands frá 1. ágúst/1. september n.k. til loka desember/maí, en einnig kemur ágústmánuður eingöngu til greina. Óskað er eftir herbergjum á t.d gistiheimilum, einkaheimilum, íbúðum þar sem tveir eða fleiri geta deilt aðstöðu eða stúdíóbúðum. Herbergjið þarf að vera búið rúmi, skrifborði, stól og fataskáp. Stúdentinn þarf auk þess að hafa aðgang að fullbúnu eldhúsi og baðherbergi. Leiguverð er á bilinu 25.000 - 40.000 kr. á mann. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Erlu Björk/Vílborgu á Alþjóðaskrifstofu háskólastígsins í síma 525 4469/ 525 5853 eða með tölvupósti: ebjork@hi.is

50 ára karlmaður óskar eftir 2. Herb. íbúð strax. Reyklaus og reglusamur. Sími. 824 0556 Henryk.

Einbýlishús í Garðabæ Óska eftir stóru og góðu einbýlishúsi í Garðabæ til kaups. Er með rúmlega 100 fm. falletta íbúð á jarðhæð í Löngumýri ásamt rúmgóðum bílskúr sem uppgræiðslu. Íbúðin er laus nú þegar. Uppl. í s. 862 5545.

Óska eftir 2ja herb. íbúð í miðbænum frá 5.júlí-15.ágúst. Uppl. í s. 869 6750.

24 ára kk. óskar eftir stúdíóib., helst í Hfj. eða nágrenni sem fyrst. Skilvísium greiðslum heitið. S. 659 4505.

Sumarbústaðir

Til sölu heilsársúsi úr setrusviðarbjálka í Ásgarðslandi í Grímsnesi. Einnig er lóðin við hliðina til sölu, Óðinsstígur 20. Fallett og eigulegt hús. Nánari uppl. í s. 898 0719.

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Skrifstofuhúsnæði til leigu: 140fm í Síðumúla - 300fm í Skeifunni - 444fm á Stórhöfða. Uppl. í s. 568 6600. atvinnueign.is

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.
- Proventus -
Call Joao, tlf. 864-9873



AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi

Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfumenn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.

Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

Hársnyrtifólk ath. Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki í leigustóla á nýja og stórglæsilega hárgreiðslustofi í Smáralind. Sanngjörn leiga fyrir rétta aðila. Gríðarlega spennandi verkefni framundan. Uppl. í s. 692 1213.



Cafe Oliver Cafe Oliver óskar eftir matreiðslumönnum í framtíðarstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Atla í síma 694 7116. Chefs needed!



Störf í boði. Óskum eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Reglusamir og stundvísir menn aðeins. Upplýsingar í síma 567 7570.

STOREVISION NORDIC

MS-Visual Studio.NET Forritari StoreVision Nordic á Íslandi leitast að forritara til framtíðarstarfa, reynsla eða þekking á forritunarmálum MS-Visual Studio.NET og Delphi ásamt öðrum forritunarmálum eins og t.d. Java, Visual Basic ásamt MS-SQLServer og annarri almennri tölvuþekkingu er kostur. Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila. StoreVision rekur nú þegar starfsstöðvar á Íslandi, Danmörku, Bretlandi, USA og Hollandi og hluti af starfinu felst í að ferðast til þessara landa til að sjá um uppsetningar og aðlögun á okkar kerfum. StoreVision hannar og selur einstakt kerfi sem miðar að lækkun á rýmun í öllum tegundum verslana. Starfsvið nýs starfsmanns verður að aðlaga kerfi okkar að mismunandi afgreiðslubúnaði okkar viðskiptavina ásamt uppsetningum og annarri þjónustu tengdri þeim búnaði sem notaður er. StoreVision leitast að einstaklingi sem hefur hreint sakavottorð, er reyklaus og hefur hressa, léttu og skemmtilega framkomu. Viðkomandi þarf einnig að hafa fullt vald á enskri tungu. Nánari upplýsingar um starfið veitir Aron Hauksson í síma 517 0069 eða í tölvupósti aron@storevision.com Starfsúmsókn sendist á aron@storevision.com Umsóknarrestur er til 15. júlí, öllum starfsúmsóknum verður svarað eftir það. Fullum trúnaði er heitið.

RØRLEGGERE SØKES!

Roald Larsen AS er en Oslo basert total entreprenør, stiftet i 1937. Vi søker faglærte rørleggere for allsidig service arbeid i Oslo området, og dognvakt i turnus. Vi tilbyr startlønn 170.- NOK pr time og 10.000.- NOKI ansettelsesbonus, fri bil og arbeidstelefon. Ansettelsen er i egen rørløggeravdeling, med Islandsk formann. Vi kan være behjelpelig med å finne bolig. Evt spørsmål rettes Gudfinnur Olafsson: +47 4745 4923

Søknad merkes: RØRLEGGER, Sendt pr. mail: post@roaldlarsen.no, Pr. fax: +47 6384 1193, Pr post:Roald Larsen AS PB 91 1483 Skytta, Norge.

Veitingahúsið Nings Stórhöfða

Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

GK GLUGGAR

Smíðir eða laghentir menn og konur!

Óskum eftir að ráða vana smíði eða laghentir menn / konur til starfa við framleiðslu á gluggum og hurðum. Einnig er í boði vinna við nýbyggingu sem fyrirtækið er með í smíðum. Upplýsingar í síma 893 2045 Hallgrímur eða 566 6787 Gyða gkgluggar@gkgluggar.is



Vantar þig vinnu?

Okkur vantar hressst fólk í eldhús. Kvöld- og helgarvinna. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2211, á mánudag.

Bakarí í Garðabæ

Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Garðabæ. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 & aðrhvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 899 8212.

Bakarí í Kópavogi

Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Kópavogi. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 og aðrhvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 899 8212.

Ísbúð & Grill í Garðabæ

Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast. Vaktavinna. Einnig vantar fólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 899 8212.



Lagerstarfsmaður óskast

Málning hf. Kópavogi óskar eftir hörkuduglegum lagerstarfsmanni. Aldur ca. 20 - 25 ára. Mötuneyti á staðnum. Uppl. gefur Ólafur Helgason, lagerstjóri. Umsækjendur mæti á staðinn eftir kl. 13:00 nk. mánudag. Málning hf., Dalvegi 18, Kópavogi.

Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Tímaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í sölustarf á kvöldin. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Óska eftir manni í steinsögun og kjarnaborun. Helst vanur. Uppl. í s. 659 6343

Bílstjóri með meirapróf og lagerstarfsmaður. Stálsölufyrirtækið Ferro Zink hf. í Hafnarfirði óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til að annast akstur á vörum til viðskiptavina okkar. Óskum einnig eftir starfsmanni á lager. Við leitum að röskum og þjónustuliprum starfsmönnum í framtíðarstörf. Upplýsingar veitir Helgi í s. 896 9708.

Starfsfólk óskast í fullt starf og einnig kvöld & helgarvinnu. Uppl. á staðnum, Kaffi Milano, Faxafen 11.

Heiðarlegur og stundvís starfsmaður óskast í 50% starf við ræstingar frá 1. ágúst. Vinnutími 8.00 til 12.00. Nánari upplýsingar í síma 511 4111.

Smiðir

Getum bætt við okkur smiðum eða undirverktökum. Fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530 & 866 5622.

Óskum eftir starfsfólki á seinni-parts vaktir og um helgar. Lökaffi, Lækjargötu 2, Rvk. S. 820 7466.

Starfsmaður óskast í mötuneyti á Keldnaholti, verður að vera vanur matreiðslu. Góð laun í boði, dagvinna, frí allar helgar og rauða daga. Uppl. í síma 896 8244.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf: Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins. Erum einungis með faglaert fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000,- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING

Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhyllur 7 - 110 Reykjavík

32 ára kk, reyklaus í leit að vinnu f.h.d. Höfuðb.sv frá kl. 7/8 til 13 Uppl. í s. 691 9773. Menntun og meðmæli.

TILKYNNINGAR

Einkamál

18plús.is.

XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Celebrity.is

Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Tjáðu þig!

Stæsta
bloggsamfélagið!
Yfir 150.000
notendur!

Það er eitt sem
ég hef aldrei
skilið?!
Æææj! Það er
hverjig það er
hægt að ætlast
til a marr geti
verið
ALLSTADAR!?

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

Auglýsingasími

512

5050



- Mest lesið



Gerum gott úr þessu

Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til
endurvinnslu

Menningar- hátíð í Salnum

föstudaginn 6. júlí kl. 17

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla



LANDSMÓTUMFÉ
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ

<http://landsmot.kopavogur.is>

Stökktu til Costa del Sol

4. júlí í 2 vikur
frá kr. **39.990**

Allra síðustu sætin

Verð kr. **39.990**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn,
2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætum til Costa del Sol þann 4. júlí í tvær vikur. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/
íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Snobb er tilgangslaust því öll störf eru þjónustustörf

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ÞARF Á RÁÐHERRUM, RÖKURUM, ROKKURUM OG RUSLAKÖRLUM AÐ HALDA



Góð og gáfuð kona sagði eitt sinn við mig að snobb væri með því kjánalegasta sem hún vissi því öll störf væru hvort sem er þjónustustörf. Þetta þótt mér stórmerkileg sýn á tilveruna og fór að velta þessu fyrir mér.

Auðvitað eru öll störf þjónustustörf. Það er í raun sama hvað það er sem við fáumst við með starfi okkar, allir eru á einn eða annan hátt að reyna að verða öðrum til gagns eða gamans.

Sum störf flokkast sérstaklega undir þjónustustörf og þá er átt við það þegar fólk sinnir öðru fólki á augljósan máta. Til dæmis með því

að færa kaffi, skipta á rúnum eða finna vörur í hillu.

En af hverju ekki að bæta þessu heiti við fleiri störf?

Nú sit ég til dæmis hér og skrifa þennan pistil svo að þú getir hvílt kollinn þinn frá öðrum hugsunum. Þannig er ég pistlahöfundur í þjónustustarfi.

Skrítlurnar hér að neðan voru teiknaðar af fólki sem fékk listræna hæfileika í vöggugjöf og notar þá til að skemmta þér og mér. Alþingismenn og rafvirkjar skoða líka skrítlurnar og flissa andartak en svo fara þeir að þjónusta okkur á sinn hátt. Þetta segir sig sjálft. Það er sama hvert við litum. Öll störf eru þjónustustörf.

Hvers vegna þá að snobba meira

fyrir einu starfi en öðru? Hvers vegna er „finna“ að vinna á lögfræðistofu en hjúkrunarheimili fyrir aldraða? Við getum ekki án hvors annars verið. Hvað myndum við gera ef allir rakarar heimsins hentu skærunum? Við litum út eins og hænurassar í vindi. Tannlæknar leggja niður störf. Við myndum hætta að brosa. Sorphirðufólk, halda sig heima. Það myndi allt fyllast af rusli.

Og því er drambið falli næst. Hugsanlega endum við á hjúkrunarheimilum þar sem náð okkar og miskunn er í höndum þeirra starfsmanna sem síst er snobbað fyrir og því er um að gera að láta af þeim ljóta sið sem fyrst því öll störf, já... öll störf eru þjónustustörf.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



FRÉTTABLAÐIÐ


– smáauglýsingar sem allir sjá

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

SO YOU THINK YOU CAN **DANCE**

20 MANNA ÚRSLIT Í JÚLÍ



SKEMMTILEGRI JÚLÍ

SJÁÐU STÖÐ 2, STÖÐ 2 BÍÓ OG STÖÐ 2 SIRKUS Á SUMARTILBOÐI.
AÐEINS 5.160 KR.



skemmtilegri



SUPERNOVA - framhaldsmynd mánaðarins



SIMPSONS - í fyrsta sinn á íslensku 27. júlí



THE RICHES - miðvikudagskvöld



ÖRLAGADAGURINN - sunnudagskvöld



MATUR OG LÍFSTÍLL - fimmtudagskvöld



EXTREME MAKEOVER - þriðjudagskvöld



MEN IN TREES - mánudagskvöld



MONK - sunnudagskvöld

Sýningar á sögulofti

MR. SKALLAGRÍMSSON

Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Uppselt
5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt
Ágúst: 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjótréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is



LANDNÁMSSETUR
ÍSLANDS

Veislusetrið



**Brúðkaups-
veislur**
Önnumst alla
þætti veislunnar

Veislupjónusta
Veislusalur

Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102



MED FATBOY SLIM Trabant í stuði með Fatboy Slim, sem heitir réttu nafni Norman Cook, eftir tónleika á litlum stað í Brighton.

Paris sökuð um lygar

Paris Hilton hefur verið sökuð um að hafa logið að spjallþáttastjórnandanum Larry King í viðtali sem tekið var við hana nokkrum dögum eftir að henni hafði verið sleppt úr fangelsi. Í viðtalinu sagðist Paris aðspurð aldrei hafa prófað eiturylf á sinni ævi en í kjölfarið hafa ýmsir fjölmiðlar ytra rifjað upp gamlar sögur af stúlkunni.

Á internetinu má finna myndbrot af Paris þar sem hún talar við vini sína um að prófa hinar og þessar grastegundir sem og að reykja svokallaða „töfrasveppi“ sem valda yndislegri vímu. Einnig voru rifjaðar upp lýsingar sjónarvotta á því þegar hún spurði systur sína Nicky að því hvort hún hefði áhuga á að reykja „besta gras í heimi“.

PARIS HILTON Sagði Larry King að hún hefði aldrei prófað eiturylf en var væntanlega að ljúga því.



Í **LONDON** Trabant í almenningargarði í London en þar í borg hélt sveitin vel heppnaða tónleika.



Á **BARNUM** Félagarnir í Trabant slappa af á bar í Manchester eftir erfiða tónleika.



PLAYSTATION 3
SUMARVINNU-
BÓNUS!

Leggðu sumarlaunin þín inn á XY reikning og þú getur unnið PlayStation 3 leikjatölvu eða 10.000 kr.!



www.XY.is

Allir fá 4 bíomiða og ef þú ert að stofna XY reikning í fyrsta skipti færðu líka flottan XY Ósómaból.

Peir sem leggja laun inn á XY reikning í júní fá 4 bíomiða senda heim til sín í byrjun júlí. Aðalvinnungarnir verða dregnir út 6. ágúst.

GLITNIR



ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna ársins 2008.

Þjóðhátíðarsjóður, sem starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977 með áorðnum breytingum, var stofnaður í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

Tilgangur sjóðsins er:

- að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Á fimm árum frá og með árinu 2007 mun sjóðurinn hafa um 20 m.kr. á ári til úthlutunar styrkja. Úthlutunum úr sjóðnum lýkur að þeim tíma liðnum, þ.e. árið 2011 og er þá reiknað með að sjóðurinn hafi þegar úthlutað öllu fé sínu í samræmi við tilgang hans.

Umsóknir

Gerðar eru skýrar faglegar og fræðilegar kröfur til umsækjenda.

Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum.

Þau má finna á vefsíðu Seðlabanka Íslands

<http://www.seðlabanki.is/?PageID=28>. Enn fremur má nálgast eyðublöð í afgreiðslu Seðlabankans, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2007 og er stefnt að því að úthlutað verði úr sjóðnum 1. desember 2007 með athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Umsóknir skal senda Þjóðhátíðarsjóði, Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir ritari sjóðsins í síma 569 9622 eða netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs



TRABANT Hljómsveitin Trabant á Rockness-hátíðinni í Skotlandi.

Drullugir upp fyrir haus

Hljómsveitin Trabant er nýkomin heim úr mánaðarlangri tónleikaferð um Bretlandseyjar þar sem hún spilaði á rúmlega tuttugu tónleikum.

Doddi trommari játar að vera orðinn ansi lúinn eftir törnina. „Það er ekki mikill tími til að slappa af. Menn eru komnir á fullt í alls konar dóterí annað. Manni hefði ekki veitt af því að fara í mánaðar sumarfrí út á land en það er ekki alveg í boði,“ segir Doddi.

Drullumall á Glastonbury

Lokatónleikarnir í reisunni voru á Glastonbury-hátíðinni, þar sem Björk og Gus Gus komu einnig fram. „Það gekk ágætlega. Þetta er svo fáránlegur staður og ekkert sem maður hefði getað ímyndað sér. Þetta var algjört drullumall og algjört kaos en ógeðslega gaman eftir á. Við komum heim drullugir upp fyrir haus. Allar töskurnar voru drullugar og þarna er engin aðstaða nema fyrir topp-



FATAHREINSUN FRÆGRA Ragnar Kjartansson söngvari lét hreinsa jakkafötin sín að sjálfsögðu í fatahreinun fræga fólksins í London.

band. Allir aðrir voru þarna í skítunum saman. Þetta var mjög fallett, þannig séð, og fyndin stemning á þessari hátíð,“ segir hann.

Á undan Daft Punk

Dodda eru minnisstæðir tónleikar

á Rockness-hátíðinni í Skotlandi við hliðna á Loch Ness-vatninu. „Daft Punk var á eftir okkur og við spiludum inni í þessu frábæra setti þeirra. Þeir eru með brjálæðislegt „show“ og þarna var tölvvert meira af fólki að horfa á okkur. Við spiludum í furðulegustu skúmaskotum í þessum túr og lentum í alls konar aðstæðum. Stundum kom enginn að horfa á okkur og stundum kom slatti af fólki. Það var rosalega gaman í London enda höfum við verið að spila mest þar. Þar var frábær stemning en annars var þetta gott fyrir auðmýktina.“

Emotional í Bretlandi

Síðasta plata Trabant, Emotional, kom út í Bretlandi um miðjan júní á vegum Southern Fried Records og hefur fengið góðar viðtökur. Framundan hjá sveitinni er að halda áfram að semja efni á nýja plötu, auk þess sem hún spilar á listahátíðinni Lunga á Seyðisfirði laugardaginn 21. júlí. Þar koma einnig fram Bloodgroup, Skátar, Jeff Who? og Mínus.

freyr@frettabladid.is

Landsmótið hefst á fimmtudaginn

Viltu keppa í sparkvallabolta?

Opið fyrir alla - skráning á landsmot.kopavogur.is

Velkomin á Landsmót - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

<http://landsmot.kopavogur.is>

LANDSMÓTUMFI
KOPAVOGI 8.-9.JULÍ

Bara fyrir iPod

Út er komin platan 100 íslensk 80's lög í útgáfu sem aðeins er hægt að nota fyrir iTunes og iPod. Er þetta í fyrsta sinn sem útgáfa sem þessi kemur út hér á landi.

„Þetta er diskur til að setja í tölvu og hlaða inn á iPod. Þarna koma allar upplýsingarnar fram með mynd af disknum og þarna sést hverjir semja lögin og flytja þau,“ segir Höskuldur Höskuldsson hjá Senu. „Við erum búnir að gæla við þetta lengi og þessi pakki er sniðinn fyrir þetta, enda er þetta músík fyrir alla.“



80'S LÖG Vinsæl lög frá níunda áratugnum eru á plötunni.

Langferðalög - Ný plata með

kk & maggi eiríks

síðasta platan í þrílóginni „Ferðalög“

Ferðalögin 22 sem hér eru samankomin voru flestöll sungin inn í upptökuveri austur í Kína síðastliðinn vetur og því sjálfsgagt að kalla diskinn „Langferðalög“. Þetta er þriðja og síðasta platan í þrílóginni „Ferðalög“ og án efa sú besta. Hún inniheldur mörg af ástsælustu sönglögum síðustu áratuga í einföldum og alþýðlegum útsetningum.

Eins og á fyrri „ferðalaga“plötunum eru allir textar og gítargrip í bæklingnum.

Úr Plötudómi Morgunblaðsins um 22 Ferðalög:

Þjóðargersemi

... lögin sem mamma söng, amma líka og jafnvel langamma sumra okkar.

... öll verða þau að nýfægðum gljáandi perlum í meðförum tvíeykisins.

... plata sem kynslóðirnar eiga eftir að geta sameinast um og sungið með á gleðistundu.

... hér kominn kjörgripur fyrir ferðamenn og erlenda Íslandsvini.

... þökk sé þessu gulli af plötu.Hafið þakkið fyrir þjóðargersemina

KK og Maggi Eiríks spila og árita plötuna á eftirtöldum stöðum um næstu helgi:

Bókabúð Máls og Menningar, Laugavegi 18
Hagkaup, Smáralind
Hagkaup, Kringlunni

Föstudaginn 6. júlí kl. 17
Laugardaginn 7. júlí kl. 15
Laugardaginn 7. júlí kl. 16



22 frábær lög

Nú er ég léttur
Minnung um mann
Litla, sæta, ljúfan góða
Gunnna var í sinni sveit
Maistjarnan
Lítill drengur
Á heimleið
öfl.

Útgáfutónleikar í dag

Fossatúni, Borgarbyggð

Kl.15 - Verð 1500 kr.

7-14 ára 750 kr.

6 ára og yngri frítt

ZONET

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSRUMSÝNING!

JOHN MCCLANE ER MÆTTUR AFTUR!

ÞORIR ÞÚ AÐ MÆTA?

DIE HARD 4.0

Coca-Cola zero YIPPEE KI YAY 14 LÚXUS

SHREK HINN ÞRIÐJI

PREMONITION

EVAN ALMIGHTY

12

MARTRÖÐ EÐA RAUNVERULEIKI?

2 FYRIR 1

SMÁRRÁBÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
DIE HARD 4.0 kl. 2-5-8-10-45 14	DIE HARD 4.0 kl. 3-5-40-8-20-11 14
DIE HARD 4.0 LÚXUS kl. 2-5-8-10-45	PREMONITION kl. 3-5-45-8-10-15 12
SHREK THE THIRD kl. 1*-3-5-7-9-10-11-10	FANTASTIC FOUR 2 kl. 3-6-8-20-10-30
SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL. TAL) kl. 1*-3-5-7	THE HOAX kl. 3-5-30-8 12
FANTASTIC FOUR 2 kl. 1:30-3:40-5:50-8-10-10	28 WEEKS LATER kl. 10:30 16
HOSTEL 2 kl. 9 18	

HASKÓLABÍÓ Sími 530 1919	Álfabakka Sími 462 3500
DIE HARD 4.0 kl. 2:30-5:15-8-10:45 14	DIE HARD 4.0 kl. 3:20-5:40-8-10:20* 14
PREMONITION kl. 3:45-5:45-8-10 12	PREMONITION kl. 8-10 12
FANTASTIC FOUR 2 kl. 4-6-8-10	FANTASTIC FOUR 2 kl. 6
HOSTEL 2 kl. 8-10 18	EVAN ALMIGHTY** kl. 4
THE LIVES OF OTHERS kl. 3-5:30 14	*KRAFTSÝNING *2 fyrir 1 Mastercard

MIÐASALA Á **midí.is** BÍÓJS

SHREK, Fíona, Stigvélakiótturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

ástin er blind stefnumótamynd ársins!

BLIND DATING

OCEAN'S THIRTEEN

CODE NAME THE CLEANER

BLIND DATING kl. 2-4-6-8-10-10 10	OCEAN'S 13 VIP kl. 3-5:30
SHREK 3 M/- Ensku TAL kl. 2-4-6-8-10-10 L	PIRATES 3 kl. 2-5:30-9 10
SHREK 3 VIP kl. 8-10:10	ZODIAC kl. 9 16
SHREK 3 M/- ÍSL. TAL kl. 12-2-4-6 L	ROBINSON... M/- ÍSL. TAL kl. 2-4 L
OCEAN'S 13 kl. 6-8-10-30 7	

ÁLFABAKKA

SHREK 3 M/- ÍSL. TAL DIGITAL kl. 12-2:15-4:15-6:15 L	SHREK 3 M/- Ensku TAL kl. 6-8-10:10 L
SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL kl. 12-3-8:15-10:20 L	BLIND DATING kl. 8-10:10 10
CODE NAME CLEANER kl. 12-2-4-6-8-10:10 10	PIRATES 3 kl. 2 10
OCEAN'S 13 DIGITAL kl. 8-10:30 7	
PIRATES 3 DIGITAL kl. 5 10	

KRINGLUNNI

KEFLAVÍK

DIE HARD 4 kl. 5:30-8-10:30 14
SHREK HINN ÞRIÐJI kl. 2-4-6-8 L
FANTASTIC FOUR kl. 2 L
HOSTEL 2 kl. 10 16

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

BRUCE WILLIS DIE HARD 4.0

SHREK HINN ÞRIÐJI

EVAN ALMIGHTY

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með þessum

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

EVAN ALMIGHTY kl. 12-MasterCard Forsýning L
DIE HARD 4.0 kl. 4.30, 7.30 og 10-POWER 14
SHREK 3 enskt tal kl. 2, 4, 6, 8 og 10 L
SHREK 3 íslenskt tal kl. 2, 3.50, 5.40 og 8 L
FANTASTIC FOUR 2 kl. 2 og 10 L

Rödd Bjarkar aðalatriðið

Björk Guðmundsdóttir segir í viðtali við tímaritið Plan B að rödd hennar hafi verið aðalmálið í gegnum tíðina, ekki hverja hún hitti eða hvað hún gerði.

„Allir segja: „Hún er svo heppin: hún klæddist svanakjólnum og lamdi blaðamanninn,“ og allt þetta klisjukenna bull. Málið er að alveg síðan ég var í Sykurmolunum hefur allt snúist um röddina mína,“ segir Björk. „Sumir Íslendingar halda að ég hafi ákveðið ferilinn fyrirfram og að ég hafi komist í kynni við rétta fólk en það er alrangt. Eftir að ég gaf út Debut vildi fólk vinna með mér og tala við mig eða láta mynda sig með mér, að mér fannst vegna raddarinnar, ekki vegna alls



BJÖRK Björk Guðmundsdóttir hefur ekki mikinn áhuga á meginstraumnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

hins. Fólk eyðir samt miklum tíma í að spá í hina hlutina.“

Björk segist aldrei hafa haft áhuga á meginstraumnum í tónlistarsköpun sinni. Hefði hún viljað

fylgja honum hefði hún gert hlutina allt öðruvísi en hún hefur gert. „Ég hefði tekið þátt í fullt af auglýsingum. Ég hefði samið alls konar tónlist fyrir Hollywood-myndir. Ég hefði eytt einum mánuði í að búa til hverja plötu og 23 mánuðum í að kynna hana í fjölmiðlum,“ segir hún. „Innst inni trúir ég því að tónlist sé fyrir alla. Eins mikið og ég hef gaman af öðruvísi, sérvitri tónlist og fíla fólk sem gerir plötur sem seljast bara í þremur eintökum, trúir ég á þennan milliveg þar sem hægt er að fara báðar leiðir. Upphaldstónlistin mín snýst um að sérkenninum er ekki fórn að og í staðinn nær hún þessum töfrastaði í miðjunni.“

Örvhentur eins og Hendrix

Einar Þór Jóhannesson, gítarleikari Dúndurfrétta, fór á kostum þegar sveitin spilaði The Wall í Laugardalshöll á miðvikudagskvöld. Einar Þór er örvhentur, rétt eins og átrúnaðargoð sitt Jimi Hendrix.


„Við vorum alveg í skýjunum hvað þetta kom vel út,“ segir Einar Þór um tónleikana. „Stemningin var engu lík og betri en maður hefur komist í tæri við áður. Að sjá næstum fulla Laugardalshöll í bandbrjál-uðu stuði, það var ekki leiðinlegt.“

Gæsaúð allan tímann

Dúndurfréttum til halds og trausts var Sinfóníuhljómsveit Íslands og var Einar Þór himinlifandi með framlag hennar. „Þessi Sinfóníuhljómsveit er alveg rosalega góð og maður var með gæsaúð frá upphafi til enda. Stjórnandinn Bernharður Wilkinson stóð sig líka eins og hetja. Ég er búinn að spila The Wall nokkrum sinnum en þetta var eins og maður væri að spila hana í fyrsta sinn.“

Spilaði eftir minni

Einar Þór segir það ofboðslega langt síðan hann hlustaði á plötu Pink Floyd, The Wall og hann hafi því spilað lögin eftir minni í Höllinni. Hann er mikill aðdáandi Pink Floyd og segist einu sinni hafa verið nálægt því að sjá hana á tónleikum. „Ég náði næstum því að sjá þá í Hyde Park fyrir tveimur árum á Live Eight. Ég stóð fyrir utan ásamt fimmtíu þúsund öðrum og heyrdi tónana en sá ekki neitt. Það var voðalega sárt en þetta gekk næstum því.“



EINAR ÞÓR JÓHANNESSON Gítarleikari Dúndurfrétta hefur farið á kostum með hljómsveitinni Dúndurfréttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hendrix og Gilmore góðir

Einar Þór byrjaði að spila á gítar þrettán ára og heillaðist fljótlega af gítarsnillingunum Jimi Hendrix, David Gilmore, Gary Moore og Steve Lukather úr Toto. Allir þessir kappar hafa eða höfðu sinn eigin stíl en Einar segist eiga erfitt með að skilgreina eigin gítarleik. „Maður spilar bara eftir því í hvernig skafi maður er. Maður getur verið sémilegur og maður getur verið finn,“ segir hann af ein-skærri hógværd. **freyr@frettabladid.is**

Blúsinn trekkir að á Ólafsfirði

„Hátíðin er alltaf að vaxa. Í fyrstu var þetta ein kvöldskemmtun en nú er þetta þriggja daga hátíð með öllu tilheyrandi,“ segir Gísli Rúnar Gíslason, aðalskipuleggjandi Blúshátíðarinnar á Ólafsfirði, en hún var haldin í áttunda sinn um helgina

Margir landsþekktir tónlistarmenn komu fram á hátíðinni í ár og þó að blúsinn hafi verið í forgrunni eins og ávallt er óhætt að segja að boðið hafi verið upp á tónlist af ýmsu tagi á Ólafsfirði um helgina. „Það var farið út í flesta sálma um helgina og djassarar og popparar



DEITRA FARR Söngkonan er mjög þekkt innan blúsheimisins og þykir búa yfir óviðjafnanlegri rödd.

ættu að hafa getað fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Á meðal þeirra sem komu fram

á hátíðinni í ár voru Pálmi Gunnarsson, Friðrik Ómar Hjörleifsson, Guðrún Gunnarsdóttir og margir fleiri. Hápunktur hátíðarinnar var síðan í gærkvöldi þar sem blúsdrottningin Deitra Farr kom fram ásamt stórsvetinni The Riott, sem Jón Ólafsson, Björn Thoroddsen og fleiri mættir listamenn skipa. Samhliða blúshátíðinni var haldinn stærðarinnar útimarkaður í auk þess sem leiktæki voru á staðnum fyrir yngri kynslóðina. „Þessi hátíð er farin að skipta sífellt meira máli og blæs miklu lífi í þetta bæjarfélag á hverju ári,“ segir Gísli Rúnar.

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

Sýnd með íslensku og ensku tali

SHREK HINN ÞRIÐJI

ATH. SÝND KL. 2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins



ÁSKELL HEIÐAR Heldur stórtónleika á Borgarfirði eystri. Tvö systkini hans koma fram á tónleikum.

Stórtónleikar fyrir austan

„Við stefnum að sjálfsögðu að því að fylla húsið enda er þetta metnaðarfullt prógramm,“ segir Áskell Heiðar Ásgeirsson sem stendur fyrir tónleikum á Borgarfirði eystri 28. júlí næstkomandi. Á tónleikum verður Magni Ásgeirsson í aðalhlutverki ásamt Megasi og meðlimum Hjalma. Auk þeirra koma fram Lay Low, Jónas Sigurðsson og Aldís Fjóra Ásgeirsdóttir sem er heimamanneskja sem verið hefur í söngnámi í Dan-

mörku. Svo skemmtilega vill til að Aldís Fjóra og Magni eru bæði systkini tónleikahaldarans Áskells Heiðars.

Þetta er þriðja árið í röð sem stórtónleikar eru haldnir í gömlu bræðslunni á Borgarfirði eystri helgina fyrir verslunarmannahelgi. Það var Emília Torriani sem reið á vaðið fyrir tveimur árum og í fyrra sneri hún aftur en þá með skosku hljómsveitina Belle & Sebastian með í för.


Áskell Heiðar er ánægður með dagskrá tónleikanna í ár. „Já, heldur betur. Þetta er það ferskasta í íslenski tónlist í dag. Magni verður með efni af nýju plötunni sinni og Megas líka. Lay Low er auðvitað búin að slá í gegn og Jónas gaf út áhugaverða plötu fyrir síðustu júl, hann kemur með hljómsveit með sér frá Danmörku. Þetta verður mjög flott.“

Miðasala á tónleikana er hafin á Miði.is. - hdm

Velheppnað popp

Hin 19 ára gamla græneygða Robyn Rihanna Fenty frá Barbados sló í gegn fyrir tveimur árum með Karíbahafslitáða r&b sumarsmellinum Pon De Replay og fylgdi honum eftir með S.O.S. í fyrra. Good Girl Gone Bad er hennar þriðja plata og það er ekkert lát á smellunum. Lagið Umbrella sem hún syngur ásamt Jay-Z stefnir í að verða eitt af lögum sumarsins 2007.

Rihanna er á samningi hjá hinni fornfrægu hip-hop útgáfu Def Jam sem Jay-Z stýrir, en þrátt fyrir það og þá staðreynd að Timbaland stjórnar upptökum á nokkrum laganna á Good Girl Gone Bad þá er tónlistin á henni hreinræktað popp. Taktarnir eru einfaldir og útsetningarnar eiga meira sameiginlegt með stúlknaðveita-poppi Atomic Kitten og Girls Aloud heldur en Missy Elliott eða Mary J. Blige. En þetta er mjög vel heppnuð popplata. Hún samanstendur af kraftmiklum og dansvænum lögum og ballöðum. Lagasmíðarnar eru gripandi og útsetningarnar eru nógu frískar til að halda athyglinni. Og þetta er ekki plata með örfáum smellum og fyllt upp í með rusli eins og er svo algengt í iðnaðarpoppinu. Hér er fullt af fínum lögum og platan hefur góðan heildarsvip.



TÓNLIST

Good Girl Gone Bad
Rihanna

★★★

Good Girl Gone Bad ristir ekki djúpt, en löggin eru góð og útsetningarnar eru nógu frísklegar til að halda athyglinni. Gott dæmi um vel heppnað vinsældarpopp.

Rihanna er líka ágæt söngkona. Hljómurinn í röddinni hennar minnir svolítið á Beyoncé. Hún skilar sínu vel þó að hún sé ekki að vinna nein söngafrek. **Trausti Júlíusson**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparnir **50 Cent** er í samningaviðræðum um að taka að sér hlutverk í kvikmyndinni **Righteous Kill**. Þar myndi hann leika á móti stórtónleikunum **Robert De Niro** og **Al Pacino**. Tökur á myndinni hefjast í september. De Niro og Pacino leika lögreglumenn sem elta uppi raðmorðingja. 50 Cent, sem heitir réttu nafni Curtis Jackson, mun leika eitruþjófmann sem hjálpar þeim við rannsókn málsins. De Niro og Pacino léku síðast saman í glæpamyndinni **Heat** árið 1995. Sama ár lék 50 Cent í myndinni **Get Rich Or Die Tryin**.



Fjögurra daga hátíð í Kópavogi

Komdu á Landsmót!

Velkomin á Landsmót - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

<http://landsmot.kopavogur.is>



LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ

Frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

skoðaðu dagskrána á heimasíðu mótsins



LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ

<http://landsmot.kopavogur.is>

Harry Potter
TÖLVULEIKURINN

UPPLIFÐU TÖFRA HOGWARTS!

ÞÚ SENDIR SMS SKEYTID **BTCHPF** Á NÚMERID **1900**

ÞÚ FÆRD SPURNINGU OG SVARAR MEÐ því að SENDA SMS SKEYTID **BTC A, B EÐA C** Á NÚMERID **1900**

ADALVINNINGUR: **PSP TÖLVA + HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX LEIKINN**

KEMUR Í VERSLANIR Á ALLAR LEIKJATÖLVUR 29. JÚNÍ

BT

10. HVER VINNUR

Fullt af aukavinnum: Harry Potter tölvuleikir, GSM símar, Harry Potter á DVD.

LÉTT BYLGJAN
967

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Bilavarahlutir

BILSTEIN

Höggdeyfar

Poulsen
partur af lífinu

Poulsen Skeifan 2
Sími: 530 5900 - www.poulsen.is

SENDU SMS **JA DHF** Á **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BIÓMIÐ!

VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, DVD MYNDR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

9. HVER VINNUR!

Vinningar verða afhendir hjá Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Yippee-Ki-Yay, Mo...!

JOHN MCCLANE ER MÆTTUR AFTUR! ÞARF AÐ SEGJA MEIRA!

DIE HARD 4.0

HEIMSFUMSÝND 27. JÚNÍ UM LAND ALLT!



> Áhugaverður riðill hjá Stjörnunni

Kvinnalið Stjörunnar í handknattleik mun taka þátt í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Forkeppnin fer þannig fram að fjögurra liða riðill er leikinn á sama staðnum eina helgi í byrjun september og tvö efstu liðin komast upp úr riðlinum. Stjörnustúlkur lentu í riðli með liðum frá Kýpur, Hvíta-Rússlandi og Ítalíu. Ítalska liðið hefur fyrsta rétt til þess að halda riðilinn og kypverska liðið kemur þar á eftir. Því verður tæplega leikið á Íslandi.



sport
sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN KJARTAN HENRY FINNBOGASON: KOMINN HEIM EFTIR DVÖL Í NOREGI OG SVÍPJOB

Á von á tilboði frá Brann og IFK Göteborg

Knattspyrnukappinn Kjartan Henry Finnbogason er nýkominn heim frá Noregi og Svíþjóð þar sem hann æfði fyrst með Brann og síðan með IFK Göteborg. Kjartan segir ferðina hafa verið árangursríka en honum stóð til boða að heimasækja fjölda liða. Kjartan er án samnings eftir að samningur hans við Celtic rann út. Skoska félagið vildi halda Kjartani en hann vildi róa á önnur mið þar sem hann fengi fleiri tækifæri.

„Þetta gekk rosalega vel. Ég var reyndar mjög veikur í Noregi með 39 stiga hita og sýkingu í eyranu en æfði samt og gekk þokkalega. Ég var orðinn heilsu-hraustari í Svíþjóð og náði þá að sýna frekar hvað í mér býr. Svíarnir voru mjög ánægðir með mig og ég fór út að borða með Hakan Mild, sem stýrir málum hjá félaginu, kvöldið áður en ég fór heim og ég geri ráð fyrir að heyra í þeim fljótlega,“ sagði Kjartan Henry sem var mjög hrifinn af því sem hann sá í Gautaborg.



„Flest hjá félaginu kom mér á óvart og ég var hrifnari en ég átti von á. Ég gæti vel hugsað mér að spila þar,“ sagði Kjartan sem reiknar með því að fá tilboð frá báðum félögum. Hann mun aftur á móti ekki svara neinum tilboðum strax þar sem hann er á leið til enska félagsins Bristol City 10. júlí.

„Það er mjög spennandi dæmi en það væri flott að fá tilboð frá hinum félögum líka. Maður vill að sjálfsögðu hafa sem flesta valmöguleika,“ sagði Kjartan Henry en norska félagið Álsund hefur einnig sýnt honum mikinn áhuga og á Kjartan von á tilboði frá því félagi en játaði að vera ekki sérstaklega spenntur fyrir því félagi.

„Annars hef ég engar áhyggjur af mínum málum. Það lítur út fyrir að ég hafi úr nokkrum tilboðum að velja og það er staða sem ég vildi komast í. Annars hefur það ekkert breyst að ég er mjög spenntur fyrir að fara til Englands og verður gaman að sjá hvernig mér gengur hjá Bristol,“ sagði framherjinn að lokum.

Fernando Torres: Á leið til Liverpool

FÓTBOLTI Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Fernando Torres væri á leið til Liverpool og að enska félagið myndi greiða Atletico Madrid 26,5 milljónir punda fyrir kappann. Torres yrði þar með dýrasti leikmaður í sögu félagsins en Djibril Cisse er dýrasti leikmaðurinn en hann kostaði 14 milljónir punda.

Það sem yfir enn undir að þetta sé rétt er sú staðreynd að Atletico keypti Diego Forlan í gær frá Villarreal á 14 milljónir punda en hann á að leysa Torres af hólmi.

Liverpool er einnig talið vera á höttunum eftir Gabriel Heinze, varnarmanni Man. Utd, en það gæti tekið tíma enda fara leikmenn sjaldan á milli þessara erkifjenda.

Freistandi tilboð frá Viborg


Unglingalandsliðsmaðurinn Rúrik Gíslason er að öllum líkindum á leið til danska úrvalsdeildarfélagins Viborg. Danska liðið hefur boðið honum góðan þriggja ára samning. Tilboðið er betra en Rúrik gerði ráð fyrir.

FÓTBOLTI Flest bendir til þess að unglingalandsliðsmaðurinn Rúrik Gíslason muni semja við danska úrvalsdeildarfélagið Viborg í næstu viku. Félagið hefur boðið Rúrik álitlegan þriggja ára samning sem hann er að fara yfir þessa dagana.

„Tilboðið hljómar mjög vel og það kom mér á óvart hversu gott það er. Það er betra en önnur tilboð sem ég hef fengið. Það er ekki að skemma fyrir og sýnir einnig að félagið hefur greinilega mikinn áhuga á að fá mig,“ sagði Rúrik við Fréttablaðið í gær en hann mun svara danska liðinu í næstu viku.

„Þetta er áhugaverður klúbbur sem mér leist vel á. Ég æfði með liðinu í nokkra daga og líkaði það sem ég sá og þeim virðist einnig hafa líkað það sem þeir sáu af mér,“ sagði Rúrik en hann hefur undanfarin ár verið í herbúðum Charlton en tókst ekki að brjóta sér leið í aðallið félagsins. Hann segist ekki geta setið á bekknum mikið lengur.

„Nú er kominn tími fyrir mig að fara að spila. Það er mjög mikilvægt ef ég ætla að taka skrefið frá því að vera efnilegur yfir í að vera góður leikmaður. Það er



Á LEIÐ TIL DANMERKUR? Rúrik Gíslason hefur verið í herbúðum Charlton síðustu ár en er að öllum líkindum á leið til Danmerkur.

ekki alltaf auðvelt skref að taka,“ sagði Rúrik en fjölmörg félög í Skandinavíu hafa sýnt honum

áhuga síðustu vikur en Viborg virðist ætla að hafa vinninginn.
henry@frettabladid.is



FELIPE MASSA Náði sínum fjórða rásþól í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tímatakan í Formúlunni: Frábær akstur hjá Massa

FORMÚLA 1 Brasilíumaðurinn Felipe Massa keyrði manna hraðast á rauða Ferrari-bílnum sínum í tímátökunni fyrir franska kappaksturinn í gær.

Hinn magnaði Lewis Hamilton á McLaren var með næstbesta tímann og félagi Massa, Kimi Raikkonen, varð þriðji í tímátökunni. Heimsmeistarinn Fernando Alonso lenti í vandræðum með vélina og endaði í tíunda sæti. Fari svo að Alonso þurfi að skipta um vél fyrir keppnina fellur hann sjálfkrafa niður í tuttugasta sæti.

„Það er ekki alltaf hægt að hafa hlutina fullkomna en liðið stóð sig frábærlega,“ sagði Hamilton sem getur aukið forskot á Alonso í dag.

Róbert Kubica á BMW er fjórði á rásínunni og Fisichella á Renault fimmti. Nico Rosberg á Williams endaði með níunda besta tímann í Frakklandi í gær.

- hbg

Fjögurra daga hátíð í Kópavogi

Komdu á Landsmót!

Velkominn á Landsmót
-frábær fjölmiðlahátíð fyrir alla



http://landsmot.kopavogur.is



Draumavagninn þinn á frábæru sumartilboði!

Nú er einstakt tækifæri til að ná afar góðum samningum við sölumenn okkar sem eru í sólskinsskapi og veita aldeilis frábær tilboð á síðstu Camplet tjaldvögnunum og Starcraft fellihýsunum. Fyrstur kemur fyrstur fær. Þetta er tækifæri ársins til að ná sér í kostgrip á frábæru verði!

MotorMax

MotorMax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400

MotorMax Egilsstöðum - Sími 470-5080 / 470-5070 - MotorMax Akureyri - Sími 460-4350

www.motormax.is



HELGI SIGURÐSSON Skoraði eina mark leiksins á Turner's Cross-vellinum í gær en markið góða dugði ekki til að skjóta Val áfram í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Síðari leikur Vals og Cork City fór fram ytra í gær:

Valur úr leik þrátt fyrir sigur í Írlandi

FÓTBOLTI Mörkin tvö sem Valur fékk á sig á heimavelli gegn írsku liðinu Cork City reyndust liðinu dýrkeypt því þau fellu liðið úr Intertotokeppninni á endanum. Valur stóð sig vel í síðari leiknum sem fram fór ytra í gær og vann 1-0 með marki Helga Sigurðssonar en það dugði ekki til þar sem Cork vann fyrri leikinn á Laugardalsvelli 2-0.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, stílti upp sama liði og vann FH á eftirminnilegan hátt á dögum-

um. Hliðarendapiltar byrjuðu leikinn geysilega vel og eftir aðeins tuttugu mínútur var Helgi búinn að koma þeim yfir. Eitt mark í viðbót hefði tryggt Val framlengingu og nóg eftir. Því miður fyrir Val náði liðið ekki að bæta við marki.

Cork mætir sænska liðinu Hammarby í næstu umferð en með liðinu leika Framararnir Gunnar Þór Gunnarsson og Heiðar Geir Júlíusson en Hammarby sló út færeyska liðið Klakksvík.

- hbg



Ég ætla ekkert að hætta að vinna þótt hann sé á leiðinni.

HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

SYN2
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

GOTT FOLK

KR-ingar standa saman allir sem einn

Stuðningsmannasveit KR, *Miðjan*, hefur vakið mikla athygli fyrir vasklega framgöngu í sumar. Strákarnir og stelpurnar í Miðjunni hætta aldrei að syngja og skiptir engu hver staðan er á vellinum. *Hjalti Þór Hreinsson*, íþróttafréttamaður Fréttablaðsins og Leiknismaður, ákvað að finna hvernig það er að vera hluti af Miðjunni og gerðist KR-ingur í fyrsta sigurleik liðsins gegn Fram.

FÓTBOLTI Ég vissi varla almennilega hvað ég var að hella mér út í þegar ég samþykkti að taka þetta verkefni að mér. Knattspyrna er ekkert án stuðningsmannanna og blessunarlega eru litríkir og skemmtilegir hópar starfræktir hjá mörgum félögum. Ég ákvað að skella mér í hóp vöskustu stuðningsmanna deildarinnar sem er hin margrómaða stuðningsmannasveit KR, *Miðjan*.

Ég tek það fram að ég er ekki stuðningsmaður KR, ég er stoltur Leiknismaður. Engu að síður var það með mikilli eftirvæntingu að ég mætti „út í KR“ eins og það er kallað í Vesturbænum, einum og hálfum klukkutíma fyrir leik.

Grenni í teinóttu

Þar tók hinn bráðskemmtilegi Ingvar Örn Ákason á móti mér, betur þekktur sem Byssan, og fyrsta verk var að finna treyju handa blaðamanninum. Tók það nokkra stund en ég fékk að lokum forlata keppnistreyju, númer 3. Tók ég mig bara vel út í henni verð ég að segja. Það er rétt sem þeir segja, maður er grenni í teinóttu. Það er jú toppurinn að vera í teinóttu.

Miðjan fékk nafn sitt af nokkrum strákum sem stóðu í miðri stúkanni fyrir tíma sæta og annarra þæginda. Þar var kominn saman vinahópur en nú hefur heldur betur fjölgað í hópnum en líklega er aðalkjarninn um 20 manns. Mér er sagt í spjalli við strákana fyrir leikinn að þetta séu nokkrir vinahópar, eða einn stór, en fjöldinn sem mætir á leiki sé frekar misjafn.

„Það er alltaf auðveldara að smala saman fólki þegar vel gengur,“ segja þeir og mér finnst það ekki skrítið. Það var samt eitthvað



SANNUR KR-INGUR Ég er hér í miðju ásamt tveimur aðalsmönnum úr Miðjunni, Óla, einnig kallaður Súli, sem er til vinstri og Ingvari Ákasoni eða Byssunni sem er til hægri. Ég fékk lánaðan fána og við stilltum okkur upp, galvaskir KR-ingarnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

við þennan leik, það hlaut bara að vera að lukkuðisrinar sýndu sig hjá KR, og það var vel mætt hjá Miðjunni.

Fjölmennið kom saman í KR-klúbbnum í Frostaskjólínu þar sem ég gerði mig heimakominn. Formaður KR-Sport tjáði mér að ég liti vel út í treyjunni. Ánægð-

Miðjan syngur mörg stórskemmtileg lög meðan á leikjum KR stendur:

„Við erum KR, Reykjavíkurstoltið“

„O-óóóó!! O-óóóó!!
Við erum KR
Reykjavíkurstoltið
Sanna stórveldið
O-óóóó!! O-óóóó!!“

„Steiiiiiiiiiiii Gísla,
eins og hrísla. Já, það er aðeins

einn Steini Gísla...“

„Við erum KR - Reykjavík,
klæddir í svart og hvítt
Þið getið ekkert sagt því við
höfum unnið allt
Við erum KR - Reykjavík.“

„Teitur, Teitur Þórðarson,
Teitur, Teitur Þórðarson...“

„Deyja fyrir klúbbinn, ég sagði
deyja fyrir klúbbinn.“

„Við erum svo miklu betri,
Já, við erum svo miklu betri.“

ur að heyra það. Þarna sitja menn og fá sér sannkallaðan lúxusmat að borða á kostakjörum og sporðrenna svo einum eða tveimur köldum til að velgja raddböndin og losa aðeins um taumana.

Þarna var karpað um byrjunarliðið sem kom mörgum í opna skjöldu. Skemmtilegar umræður sköpuðust og menn höfðu mismunandi skoðanir á þeim leikmönnum sem byrjuðu leikinn.

Ég rölti síðan upp í stúku um fimmtán mínútum fyrir leik. Eitt af aðalsmerkjum Miðjunnar er að þeir nota engar trommur eða önnur hljóðfæri, bara raddböndin. Það skapar að mínu mati virkilega skemmtilega stemningu, sérstaklega þegar menn eru jafn duglegir að syngja og þessi hópur, sem samanstandur af strákum og stelpum og er talsverður aldursmunur á þeim sem í hópnum eru.

Þekkti ekki sjálfan mig í KR-treyjunni

Mér leið skringilega í KR-treyjunni, mjög skringilega. Ég kannadist varla við sjálfan mig í speglinum en ég ákvað þegar ég tók verkefnið að mér að gefa mig allan í það og því tók ég rækilega undir þegar söngurinn hófst.

„Við erum KR, Reykjavíkurstoltið, sanna stórveldið,“ og svo

framvegis. Það er líka magnað að heyra Óla stóra, eins og hann er gjarnan kallaður, kyrja allt byrjunarlið KR og svo endurtekur Miðjan nafnið svo glymur um Vesturbæinn. Stórskemmtilegt. Ég sá að vinir mínir í blaðamannastúkanni skemmtu sér konunglega yfir því að sjá mig og sjálfur glotti ég við tönn við að heyra mig óskra „Áfram KR!“

Miðjan situr ekki, hún stendur, og það allan leikinn. Hún syngur líka allan tímann á meðan á leiknum stendur. Það kom mér reyndar ekki á óvart að söngurinn stoppaði ekki og ég var orðinn vel hás eftir leikinn, ekkert að því. Eitt af mögnuðustu augnablikum þessarar upplifunar fannst mér þegar við, fólkið í miðjunni, sungum um Teit Þórðarson í nokkra stund. Í miðju lagi veifar hann síðan til okkar eins og hann sé að þakka fyrir hollustuna sem honum er sýnd. Teitur er mikils metinn innan KR og ég fann það á stuðningsmönnum að þeir vilja ekki sjá það að hann fari.

Fagnaði marki KR sem óður maður

„Eitt stig fyrir stórveldið,“ var sungið þegar KR jafnaði leikinn í 1-1. Þegar sigurmark KR kom á lokasekúndum leiksins ætlaði svo allt um koll að keyra og ég lifði mig svo mikið inn í verkefnið að ég

stóð mig að því að fagna markinu eins og óður maður. Hálf Miðjan var komin niður að vellinum þar sem fagnað var þar til flautað var til leiksloka og skemmtanahöldin héldu áfram fram eftir, að mér skilst. Ekki nema von þegar fyrsti sigur sumarsins er staðreynd.

Það sem einkenndi Miðjuna var samheldnin, sem greinilega er ríkjandi innan KR. Bubbi segir, í að mínu mati langbesta stuðningsmannalagi sem heyrst hefur á Íslandi, að „Við stöndum saman allir sem einn“. Klárlega orð að sönnu eftir því sem ég kynntist.

Mér var mjög vel tekið, ég útskýrði fyrir mönnum hvað ég var að gera, og var strax orðinn einn af þessari risastóru svart/hvítu fjölskyldu. Það er þó ekki tekið út með sitjandi sældinni að vera KR-ingur. Gengið í sumar hefur verið dapurt og því er ótrúlegt að heyra Miðjuna syngja allan leikinn og styðja sína menn áfram.

Ég heyrði Teit hrósa Miðjunni í KR-útvarpinu eftir leikinn og þá hugsaði ég með mér hvort ég væri einhvers konar happafengur fyrir KR í leiknum gegn Fram? Spurning hvort KR kaupir krafta mína áfram? Ég væri líklega til enda skemmti ég mér konunglega í góðum félagsskap.

hjalti@frettabladid.is



MÁLIN RÆDD Fyrir leikinn hittist KR-klúbburinn og ræðir byrjunarliðið, leikinn, gengið, og allt á milli himins og jarðar. Fólk fær sér einnig að borða og kannski einn eða tvo öl með. Ég sá engan drekka mikið og því var alls ekki um neina ölvun að ræða. Miðjan var KR til sóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Landsmótið hefst á fimmtudaginn

Viltu keppa í götuhlaupi?

Opið götuhlaup fyrir almenning. Upplýsingar og skráning á landsmot.kopavogur.is

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla



LANDSMÓTUMFI
KÓPAVOGI 5.-8.JÚLÍ

<http://landsmot.kopavogur.is>



REYKJAVÍKURSTOLTÍÐ Ég tók virkan þátt í söngnum út leikinn og skemmti mér konunglega. Studdi mína menn, þennan daginn, dyggilega af öllum kröftum. Það var lagt upp með að lifa sig inn í verkefnið og ég gekk alla leið. Það þarf talsverða auðmýkt í að birta mynd af sér kyssandi merki annars félags en maður styður en ég var alvöru KR-ingur þessa kvöldstund.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

BT

NÝJA TOSHIBA LÍÑAN ER LENT Í BT!



TOSHIBA

PSAECE-00U00HN5
 TOSHIBA SATELLITE A200-1CZ
 Intel® Core 2 Duo T5500
 - 1.66 GHz / 667 MHz / 2 MB
 - 1280 x 800 upplausn
 nVidia GeForce Go 7300 320MB
 2GB Vinnsluminni (1024x2-667)
 200GB SATA Harður diskur
 1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
 Dual Layer DVD skrifari
 Innbyggt þráðlaust net
 Nýtt A4 lyklaborð (Full Size)
 Innbyggður 5 - 1 kortalesari
 4xUSB2 / FireWire / TV out
 Aðeins 2.72kg á þyngd
 2gja ára alþjóðleg ábyrgð

PASSADU GÖGNIN, TAKTU AFRIT!

320GB

FYLGIR

LACIE

14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

149.999

Intel Core 2 Duo

Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraútkast, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

nVidia GeForce 7300

Aflmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

2GB Vinnsluminni

Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

200GB Harður diskur

Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 200GB hörðum disk.

Innbyggð netmyndavél og mic

Tölvan kemur útbúinn netmyndavél og hljóðnema. Nú þarftu ekki að kaupa þetta aukalega.

BT
LÁN™

14.891*

12 mánaða

8.145**

24 mánaða

5.896***

36 mánaða

HARÐUR DISKUR

500GB



14.999

Seagate

ST3320620A
Seagate Barracuda
500GB SATA2 16MB
7200rpm 16MB cache flýtiminni

500GB FLAKKARI

SPARAÐU 3.000 KR

19.999

LACIE

301103E-LAC
500GB LACIE F.A. PORSCHE USB2

HARÐUR DISKUR



9.999

Seagate

ST3320620A
Seagate Barracuda 320GB
ATA100 7200rpm
16MB cache flýtiminni

NETMYNDAVÉL



Logitech

961556-0509
Upplausn 640 x 480
Heyrnatól fylgja
Sjálfvirk uppsetning
Einfalt að festa á fartölvu
eða tölvuskjá

3.999

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
 FSC AMILO LA1703 AMD
 AMD Sempron 3500+
 15,4" CrystalView skjár
 - 1280 x 768 upplausn
 UniChrome Pro skjástýring
 512MB DDR2 vinnsluminni (533)
 80GB SATA Harður Diskur
 Innbyggt þráðlaust net
 DVD Skrifari - Dual Layer



15,4"

69.999

AMD Sempron

Aflmikill örgjörvi frá AMD. Útbúinn PowerNow! Technology.

15,4" CrystalView skjár

Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

7.056*

12 mánaða

3.896**

24 mánaða

2.843***

36 mánaða

BT
LÁN™

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

CCN:ISL-110103-001
 FSC AMILO PI CORE2 VISTA
 Intel Core 2 Duo T5500
 15,4" WXGA Crystal View
 ATI Mobility Radeon x1400 128MB
 1024MB DDR533 Vinnsluminni
 160GB SATA 5400rpm Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Innbyggt þráðlaust skjá kort
 Firewire - DV Ready
 Kortalesari 4 - 1



15,4"

119.999

Intel Core 2 Duo

Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraútkast, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

ATI Radeon X1400 128MB

Aflmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

IPOD 2GB

Frábær kaupauk! FYLGIR 21.999

11.953*

12 mánaða

6.552**

24 mánaða

4.751***

36 mánaða

BT
LÁN™

AARON ECKHART

Aaron er fæddur í Kaliforníu en ólst upp að hluta í Ástralíu. Hann tók sér þriggja ára hlé eftir menntaskóla til að leika sér á bretti á öldunum við Hawaíi og boða mormónatrú í Frakklandi og Sviss. Hann lauk BA-gráðu í kvikmyndafræðum 26 ára en sneri sér að leiklist eftir það. Aaron er best þekktur fyrir aðalhlutverkið í Thank You for Smoking en hann var tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn. Aaron leikur í Paycheck á Stöð 2 kl. 23.55.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HEILLADIST AF TAGGART

Skoskur hreimur og ágætir eftirmenn

Þættirnir Taggart standa ennþá fyrir sínu á dagskrá Ríkissjónvarpsins þrátt fyrir að forsprakinn sjálfur sé farinn yfir móðuna miklu fyrir nokkru síðan.

Breskir sakamálaþættir klicka nánast aldrei og eru Taggart-þættirnir gott dæmi um það. Einnig má nefna hörkuþætti á borð við Lögmál Murphys og Njósnaeildina, sem er bresk útgáfa af 24, bara miklu raunsæri og eðlilegri.

Taggart sjálfur var stórskemmtileg týpa, á sinn einstaklega öngva máta, og er mikill missir að honum. Eftirmenn hans og -konur eru því miður ekki eins litríkar persónur, þótt þær séu ágætir til síns brúks. Til að bæta upp fyrir missinn hafa framleiðendurnir ákveðið að láta fleiri löggvar rannsaka málin og virkar það ágætlega. Hver þeirra hefur sinn sérstæða persónuleika og þó að engin þeirra komist í hálfkvisti við Taggart, duga þær samt vel til að halda manni við efnið.

Skoski hreimurinn sem er svo ríkjandi í þáttunum er jafnframt virkilega góð tilbreyting frá amerískunni sem er töluð í langflest



TAGGART Þættirnir um Taggart hafa staðið fyrir sínu í Ríkissjónvarpinu þó að forsprakinn sé horfinn yfir móðuna miklu.

um þáttum í sjónvarpinu. Þegar efnið er nógu gott til að stýða við bakið á slíkum eðlahreim getur útkoman ekki klickað.

EKKI MISSA AF



► **20.05 Meistari dýrahingsins** SJÓNVARPIÐ



► **20.35 Cold Case** STÖÐ 2



► **22.00 The Aviator** STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.15 Night Stalker** SIRKUS



► **19.45 Top Gear - Lokapáttur** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar 08.01 Matti morgunn 08.13 Kóalabraeður 08.23 Pósturinn Páll 08.38 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Alvöru dreki 09.23 Sígdalr teiknimyndir 09.30 Suðandi stuð 09.54 Arthúr

10.25 Hvað veistu? e.
11.00 Út og suður (4:16) e.
11.30 Formúla 1 Beint.
14.00 Kringlukastarinn
14.20 Gullmolar frjálsra íþróttar
14.50 Á flakki um Norðurlönd (2:8) e.
15.20 Keith Jarrett - Spunlistin e.
16.50 Yfirvofandi hamfarir e.
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Stundin okkar (7:32)
18.25 Hæsnakofinn (12:13)
18.35 Krakkar á ferð og flugi (6:10)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Út og suður (5:16)

► **20.05 Meistari dýrahingsins** (7:10)
20.55 Úthverfið (Barrio) Spænsk verðlaunamynd frá 1998. Þetta er saga af þremur vinum í úthverfi Madríd sem eru fátækir og þrá það heitt að komast burt.
22.30 Handan við tímans haf (Across the Sea of Time) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995. Rússneskur piltur fer til New York að reyna að hafa uppi á ættingja sínum.
23.20 Sönn íslensk sakamáli - Fullkominn glæpur (3) e.
23.50 Útvarpsfréttir í dagskrálok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 The Perfect Man
08:00 Triumph of Love
10:00 Ice Princess
12:00 The Truman Show
14:00 Triumph of Love
16:00 Ice Princess
18:00 The Truman Show
20:00 The Perfect Man

22:00 The Aviator Aðalhlutverk: Kate Beckinsale, Leonardo DiCaprio, Cate Blanchett. Leikstjóri: Martin Scorsese. 2004. Bönnuð börnum.

00:45 Boat Trip
02:20 Fled
04:00 The Aviator



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Funky Valley, Tófrastígvélin, Barney, Fifi and the Flowerots 1, Pocoyo, Addi Panda, Véla Villi, Stubbamir, Doddi litli og Eymastór, Kalli og Lóla, Könnuðurinn Dóra, Camp Lazlo 1, Camp Lazlo 1, Tracey McBean 2, Ævintýri Jonna Quests, Sabrina - Unglings

12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
14.30 So You Think You Can Dance (5:23)
15.20 Pirate Master (3:14)
16.10 Beauty and the Geek (5:9)
17.05 Matur og lífsstíll
17.45 Oprah
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.15 60 mínútur Þegar Joe Darby kom upp um skelfilegar pyntingar í Abu Ghraib fangelsinu óraði hann ekki fyrir viðbrögðunum. Hann lifir nú í felum þar sem stuðningsmenn hersins hafi heitið því að koma fram hefndum. Einnig verður fjallað um nafnlausu sæðisgjafa sem nota netið til að hafa uppi á börnunum sínum og gífurlega stórt skjalasafn um Hitler verður skoðað ítarlega.

20.00 Örlagadagurinn (5:31) Örlagadagur Jónu Ingibjargar Jónsdóttur kynfræðings var þegar hún auglýsti fullnægjamaðskæði fyrir konur og þjóðin stóð á öndinni.

► **20.35 Cold Case** (22:24) Lily rannsakar tveggja ára gamalt morð þar sem fórnarlambið var í tengslum við rússnesku mafíuna. Getur verið að það hafi reitt einhvern í mafíunni til reiði? Bönnuð börnum.

21.20 Rome (9:10)

22.20 Poirot-After The Funeral Poirot snýr aftur og þarf nú að leysa flókið mál sem krefst þess að hann nýti alla sína sérfræðikunnáttu. Aðalhlutverk: David Suchet, Geraldine James, Robert Bathurst. 2005.

23.55 Paycheck Hörkuspennandi framtíðarmynd sem vakti verðskuldaða athygli. Michael Jennings er tölvusnillingur og mjög eftirsóttur á því sviði. Hann tekur að sér umdeilt verkefni gegn ráði samstarfsmanna og fær það heldur betur í bakið. Aðalhlutverk: Ben Affleck, Aaron Eckhart, Uma Thurman. 2003. Bönnuð börnum.

01.50 Secret Smile (1:2)

03.00 Secret Smile (2:2)

04.10 Poolhall Junkies

05.45 Fréttir

06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTÍVI

SIRKUS TV

16.00 Live From Abbey Road (9:12) (e)
16.55 Pussycat Dolls Present: The Search (8:8) (e)
17.40 Arrested Development (17:18) (e)
18.05 Arrested Development (18:18) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Bestu Strákarnir (9:50) (e)
19.30 My Name Is Earl (19:23) (e)
19.55 Kitchen Confidential (6:13) (e)
20.25 Young Blades (8:13) (e)

► **21.15 Night Stalker** (8:10) (e) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á máluðum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengt morðinu á eigin konu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Morð sem Kolchak sjálfur er grunaður um. Nú reynir á hann að komast að sannleikanum áður en hann endur sjálfur á bakvið lás og slá. Bönnuð börnum.

22.00 So You Think You Can Dance (4:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri dansstækni í hverri viku. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn. 2007.

22.50 So You Think You Can Dance (5:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri dansstækni í hverri viku. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn. 2007.

23.35 Kitchen Confidential (6:13) (e)

00.00 Hooking Up (3:5) (e)

00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur - mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

10.10 Vörutorg
11.10 Rachael Ray (e)
14.10 One Tree Hill (e)
15.00 Queer Eye (e)
16.00 America's Next Top Model (e)
17.00 Design Star (e)
18.00 The Bachelor: Rome (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er niúnda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Ítalski prinsinn heimsækir fjölskyldur stúlkanna fjögurra sem eftir eru. Það er ýmislegt sem á eftir að koma honum á óvart en hans biður síðan stór ákvörðun.

18.55 Hack (e) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjó dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglu-mannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.

► **19.45 Top Gear - Lokapáttur** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum okutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðum umfjallanir.

20.40 Robin Hood (6:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rætur þá ríku til að gefa hinum fátækum. Hrói og hans menn rekast á dularfulla feðga í skóginum og finna nýja leið til að komast inn fyrir kastaladyrnar í Nottingham.

21.30 Nora Roberts Collection - Angels Fall Glæný bíómynd með Heather Locklear og Jonathon Schaeck í aðalhlutverkum. Reece (Locklear) flytur frá Boston í leit að nýju lífi eftir að hafa lífað af skotárás þar sem allir starfsfélagar hennar voru myrtir. Hún sest að í smábænum Angels Fall. Henni er rétt farið að líða vel á nýja staðnum þegar undarlegir hlutir gerast og Reece fer að efast um eigin geðheilsu. Myndin er byggð á spennusögu eftir Noru Roberts og þetta er fyrsta myndin af fjórum sem Skjár-Einn sýnir eftir sögum hennar. Nora Roberts er vinsælasti höfundur rómantískra spennusagna í heimi. Hún hefur sent frá sér meira en 160 titla sem selst hafa í 300 milljónum eintaka um allan heim.

23.00 C.S.I. (e)

23.50 Runaway (e)

00.45 Jericho (e)

01.35 Vörutorg

02.35 Óstöðvandi tónlist

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

SUMARBIÓTÍN

27.06. - 01.07. | Á SÝN 5. JÚLÍ
SHELLMÓTIÐ - Vestmannaeyjum
6. flokkur karla

SYN
besta sætið

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00
Örslagadagurinn

Sírrý heldur áfram að hlýða á átak-anlegar sögur um örslagadaginn í lífi fólks. Í þætti kvöldsins hittir Sírrý fyrir Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur kynfræðing en hennar örslagadagur var þegar hún auglýsti fullnægingarnámskeið fyrir konur og þjóðin stóð á öndinni.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Út og suður Sjónvarpið kl. 19.35

Að þessu sinni eru viðmælendur Gísli Þeir Gunnsteinn Ólafsson, tónlistarkennari og hljómsveitarstjóri, og Haukur Júlíusson ýtustjóri. Gunnsteinn er maðurinn á bak við þjóðlagasafnið á Siglufirði þar sem forn íslensk þjóðlög óma úr munni kvæðamanna á öllum aldri. Allt önnur hljóð eru í Hauki þó hann eigi það sammerkt með Gunnsteini að hampa sögu sinnar atvinnugreinar með því að bjarga merkilegum vélum frá glötun.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Morgunandakt	18.25 Auglýsingar
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.26 Í tilefni dagsins
09.03 Framtíð lýðræðis	18.52 Dánarfregni og auglýsingar
10.15 Úlfaldar og mýflugur	19.00 Söngur af sviði: Allra meina bót
11.00 Guðsþjónusta í Grensáskirkju	19.50 Óskastundin
12.00 Hádegisútvarp	20.35 Minningar um merkisfólk
12.20 Hádegisfréttir	21.15 Í grænni lautu
12.45 Veðurfregni	21.55 Orð kvöldsins
13.00 Bókmenntir og landafræði	22.15 Leitinn að eldsneytinu
14.00 Sumarsalat	23.00 Andrarímur
15.00 Kampavín og kalóriur	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.10 Smartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

11.30 Copa America 2007 (Bólívia - Úrúgvæ) Útsending frá leik Bólíviu og Úrúgvæ í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

13.10 Copa America 2007 (Venesúela - Perú) Útsending frá leik Venesúela og Perú í Suður - Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

14.50 Shellmótið (Kaupþingsmótið)

15.20 Gillette World Sport 2007

15.50 PGA Tour 2007 Bein útsending (Buick Open)

18.50 Augusta Masters (Augusta Masters Official Film - 2002) Masters mótið er eitt af risamótunum fjórum í golfi og óhætt er að segja að þar séu hefðirnar í hávegum hafðar. Þetta er eina risamótið sem fer ávallt fram á sama velli, Augusta National, í Georgíu sem hannaður var af Bobby Jones. Sigurvegarar mótsins fá ævilangan þáttokur-rétt á mótinu auk græna jakkans.

19.50 Copa America 2007 (Brasíla - Chile) Útsending frá leik Brasílu og Chile í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

22.05 Copa America 2007 (Mexíkó - Ekvador) Útsending frá leik Mexíkó og Ekvador í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.30 Prinsessens dáb **7.00** Sommernorgun þá Fredensborg **7.30** Prinsesseliv **8.00** Gäver og gæster **8.30** Ankomster **9.20** Før Prinsessens dáb **9.30** Prinsessens dáb **10.30** Dábsdagen þá Fredensborg **11.00** Prinsessen holder fridag **12.55** Min store drøm **13.25** OBS **13.30** EM Tríathlon **14.00** Tæt på Dyrene **14.25** Lille menneske **15.15** Boxen **15.30** Postmand Per **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nikolaj og Julie **18.00** Jane Eyre **19.00** TV Avisen **19.15** SøndagsSporten **19.20** Prinsessens dábsdag **20.20** Elsker dig for evigt **22.10** Gudstjeneste i DR Kirken **22.55** Mit livssyn **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummerum

NRK1

6.05 Peppa Gris **6.10** Max og jeg **6.15** Teddy og Annie **6.30** I Mummidalen **6.55** Klassiker frá Disney **7.05** Den amerikanske dragen **7.35** Jimmy Neutron **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Frilandslagen **9.00** Sport i dag: Verdensserien i sandvolleyball **11.00** Gjensynet **12.00** Sport i dag: Verdensserien i sandvolleyball **14.15** Jan i naturen **14.30** Grace Kelly - en fyrstines skjebne **15.30** Åpen himmel **16.00** Ella på to steder **16.25** Sola er en gul sjiraff **16.35** Bare blåbær **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.55** På tur med Lars Monsen **18.25** Broadway - musikalens storstue **19.25** Miss Marple **21.00** Kveldsnytt **21.20** NRKs motorkveld **21.50** Rallycross: EM-runde fra Sverige **22.15** Ingen grunn til begeistring **22.45** Larry Sanders-show

SVT 1

7.15 Smá Einsteins **7.35** Lilla blá draken **7.45** Trazan Apansson och Banarne **8.15** Sommarandakt **12.15** The Deal **13.35** De lyckliga skårgård **14.05** Den goda mannen **14.35** Sommar vid Svartisen **15.00** Baret och orden **15.30** Garage - Ålska film! **16.00** Pippi Långstrump **16.25** Kätjakaj och BenteBent **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Musikministeriet **19.30** Världens modernaste land **20.15** De skapade historia **20.45** Kvinnor i Östafrika **21.15** Rapport **21.25** Paulo Coelho - ordens alkemist **22.15** Stina special: Al Gore **4.00** Gomoron Sverige


Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsing
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið



Með bílinn handa þér

HYUNDAI

www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

ENN Á TALI MEÐ HEMMA GUNN

16-18.30 ALLA SUNNUDAGA

HLUSTAR ÞÚ Á EINA VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
HELGARSTUD MEÐ HEMMA GUNN.BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



LÆRDÓMUR VIKUNNAR



Ætli góða veðrið sem hefur ríkt á höfuðborgarsvæðinu sé hreinlega ekki stóra fréttin. Ég hef verið í fríi allan seinnipart vikunnar og notið þess að smíða, mála og taka til í garðinum. Eflaust er hægt að draga þann lærdóm af þessu öllu að sólin kemur fyrir rest og að ég gæti hvergi annars staðar búið sé tekið tillit til veðurfars.

Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Prátt fyrir að gengi KR-inga það sem af er Landsbankadeild karla hafi ekki verið eins og stuðningsmenn liðsins hefðu óskað sér hafa fáir þeirra snúið baki við sínu liði. Stuðningsmaður liðsins númer eitt, **Ingvar Örn Ákason**, oft nefndur „Byssan“, ákvað að sína stuðning sinn á borði fyrir leikinn gegn Fram á fimmtudag og lagði 30 þúsund krónur undir á sigur sinna manna á getraunavefnum betsson.com. Stuðullinn 2,05 gaf Byssunni rúmar 60 þúsund krónur í vasann og undirstrikaði um leið að það þarf ekki alltaf að vera hvítleitt að vera stuðningsmaður KR.



Handboltakonan og kennarinn **Hekla Daðadóttir**, systir knattspyrnumannsins fyrrverandi **Ríkharðs Daðasonar** og dóttir alþingiskonunnar **Ragnheiðar Ríkharðsdóttur**, hefur smitast af mótorkross-bakteríunni sem nú fer eins og eldur um sínu á landinu og hefur hún þegar fjárfest í alvöru keppnishjóli. Hekla var aðeins búin að eiga hjólið í tvær vikur þegar hún var að þeytast á því í keppnum og tók hún meðal annars þátt í móti í 2. umferð Íslandsmótsins í Ólafsvík í gær. Hekla skemmtir sér svo vel í sportinu að hún ákvað einnig að kaupa hjól fyrir sex ára gamlan son sinn.



Glæsileg setningarhátið

fimmtudaginn 5. júlí kl. 20

Velkomin á Landsmót
-fráber fjölskylduhátið fyrir alla



http://landsmot.kopavogur.is

LANDSMÓTUMFÍ
KOPAVOGI 5.-8. JÚLÍ

Lokað vegna sumarleyfa frá og með 28. júní.

Opnum aftur 6. júlí



na na thai
Thai Restaurant & Store

HIN HLIÐIN JÓN TRAUSTI SIGURÐARSON, BLAÐAÚTGEFANDI OG LAGANEMI

Vann við að skera púrrulauk

Hvað er að fréttu? Ég var að gefa út sextugasta tölu- blað Grapevine og er að vinna í því að láta Sprengju- höllina spila á sem flestum stöðum um verslunar- mannahelgina.

Augnlitur: Blár.

Starf: Blaðaútgefandi og laganemi.

Fjölskylduhagir: Bý með yndislegri stúlkunni sem heitir Inga Lára.

Hvaðan ertu? Ég er sveitamaður úr Laugardal í Árnes- sýslu. Ég hef hins vegar búið víða á landinu, að Norð- urlandi frátöldu, en Laugardalurinn á mig.

Ertu hjátrúarfullur? Það er algerlega út í hött að vera hjátrúarfullur.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ætli það séu ekki House, MD og Arrested Development.

Uppáhaldsmatur: Saltað hrossakjöt. Verður að vera alveg akkúrat.

Fallegasti staður: Laugardalurinn. Hvor sem er.

iPod eða geislaspilari: Hvorugt. Ég nota gsm-síma

með innbyggðum mp3 spilara. Síminn er reyndar líka með myndavél og skrefateljara, en hvorugt hefur nýst mér hingað til.

Hvað er skemmtilegast? Íslensk tónlist árið 2007. Mér finnst hún aldrei hafa verið skemmtilegri en akkúrat núna.

Hvað er leiðinlegast? Ég vann einu sinni við að skera púrrulauk. Það var óhemju leiðinlegt og endaði með miklum leiðindum.

Helsti veikleiki: Skyndiávarðanir. Það er þær slæmu.

Helsti kostur: Skyndiávarðanir og aðlögunarhæfni. Hvor kostur um sig er þó tveggja sverð.

Helsta afrek: Að gefa út fyrsta tölu- blað Reykjavík Grapevine sumarið 2003. Það var erfitt.

Mestu vonbrigðin: Að komast að því að yngri systir mín var orðin stærri en ég þegar við vorum bæði á viðkvæmasta aldri. Ég var lengi að jafna mig.

Hver er draumurinn? Einu sinni dreymdi mig um að vinna í útlöndum. Ég hætta í skóla 16 ára og fór að

vinna við það að flytja píanó í Ameríku. Það var ekki draumurinn, en mig dreymir samt enn.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Verandi frekar leiðinlegur maður sjálfur, hef ég reynt að vege það upp með því að umgangast bara fyndið fólk. Læknarnemar eru líklega skör fyndnari en allir hinir.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Mér leiðist afskaplega

að hlusta á málhalla útvarpsmenn, atvinnupólitíkusa og fólk sem nennir að hafa skoðanir á hlutum sem það ekki hefur vit á.

Hvað er mikilvægast? Að stoppa og njóta. Það er verið að reyna að kenna mér þá list.



ALDÍS PÁLSDÓTTIR: LJÓSMYNDARI Á FRAMABRAUT Í DANMÖRKU

Vinnur með hirðljósmyndara dönsku konungsfjölskyldunnar

„Ég er ráðin inn sem ljósmyndari en þetta er reyndar svo nýskeyð að það á eftir að koma betur í ljós hvernig starfinu verður háttað,“ segir Aldís Pálsdóttir, ljósmyndari í Danmörku. Aldís var í vikunni ráðin til starfa hjá Steen Evald sem er annar tveggja opinberra ljósmyndara dönsku konungsfjölskyldunnar.

„Steen hefur bæði það hlutverk að taka myndir fyrir þau persónulega og svo opinberar myndir. Það eru til dæmis myndir sem sendar eru til allra sendiráða, þessar innrömmuðu kóngamyndir, myndir á frímerki og fleira. Þetta eru sem sagt myndir sem þau vilja birta,“ segir Aldís sem er spennt fyrir nýja starfinu. Steen Evald er henni reyndar að góðu kunnur því hún vann með honum sem nemi fyrir nokkrum misserum, þegar hún var að ljúka námi í ljósmyndaskóla í Kaupmannahöfn.

Næg verkefni bíða Aldísar á nýja vinnustaðnum því Evald er bókaður upp fyrir haus að hennar sögn. „Það eru einhverjar tókur í gangi á hverjum degi,“ segir hún og viðurkennir að hún hafi ekki einu sinni enn haft tíma til að kynna sér hvenær næsta myndataka fyrir konungsfjölskylduna væri skipulögð. „Seinast þegar ég vann hér fórum við kannski annan hvern mánuð. Þá var Steen reyndar bara að vinna fyrir Friðrik krónprins og Mary. Nú myndar hann líka drottninguna sem ætti að verða skemmtilegt. Ég er annars mjög spennt fyrir þessari vinnu. Ég fékk að upplifa mjög margt þegar ég var hér síðast og áhuginn virðist vaxa á hvert svo það verður mjög spennandi að sjá hvernig þetta verður núna.“



VINNUR MEÐ KONUNGLEGUM LJÓSMYNDARA Aldís Pálsdóttir starfar fyrir Steen Evald sem tekur myndir af meðlimum dönsku konungsfjölskyldunnar.

Aldís byrjaði í ljósmyndaskóla í Viborg á Jótlandi árið 2001. Frá 2004 hefur hún síðan verið búsett í Kaupmannahöfn ásamt kærasta sínum, Sindra Birgissyni, sem nýlega lauk námi í leiklistarskóla. Aldís kláraði skólann í október 2005 en uppgötvaði um svip að leyti að hún var ófrísk. Síðan hún útskrifaðist hefur Aldís því að mestu leyti verið í fæðingarrolfi og eytt tímanum með dótturinni Magneu.

Hún hafði einmitt verið að

velta því fyrir sér hvað hún ætti að taka sér fyrir hendur nú þegar dóttirin er komin á leikskólaaldur. Aldís segist hafa velt því fyrir sér að hafa samband við Steen Evald en hafði ekki enn komið sér til þess þegar hann hóaði í hana og bauð henni vinnu. „Ég sat bara heima og var að klóra mér í hausnum þegar hann hafði samband. Ég var svo mætt daginn eftir.“

Fram að þessu höfðu Aldís og fjölskyldan verið að fluga að flytjast til Íslands enda viður-

kennir hún að þau séu komin með svolitla heimþrá. „En það verður víst að bíða aðeins.“

Nýju vinnunni fylgja talsverð ferðalög og ekki er útilokað að Aldís takist að sannfæra hinn konunglega ljósmyndara um að koma til Íslands. „Hann átti víst að taka tiskubátt á Íslandi í júní en það fékkst ekki hótelplass fyrir allan hópinn enda var þetta í kringum 17. júní. Ég get örugglega hvatt hann til að gera aðra tilraun.“

hdm@frettabladid.is

Ingvi Hrafn óttast ekki laxaleysið

„Ég hef ekki nokkrar áhyggjur af ástandinu. Ég er sannfærður um að það kemur sprenging á næstunni, spurningin er aðeins hvenær hún verður,“ segir sjónvarps-, laxveiði- og athafnamaðurinn Ingvi Hrafn Jónsson, sem eins og undanfarin ár er við stjórnvölinn í Langá í Borgarfirði í sumar.

Sem kunnugt er hefur laxveiði á landinu verið með minnsta móti það sem af er sumri og er Langá þar engin undantekning. Að sögn Ingva hafa 20 laxar veiðst það sem af er, sem er það minnsta sem hann hefur upplifað á þeim 35 árum sem hann hefur hrærst í bransanum. „Laxinn er núna um tíu dögum seinni en í meðalári og það gerist einfaldlega stundum að hann er seinna á ferðinni. Stundum er hann tíu dögum fyrr, eins og gerðist hjá mér fyrir nokkrum árum, og þá gaf júnímánuður 2000 laxa. Meðalmánuður er um og yfir 100 laxar,“ segir Ingvi Hrafn.



LÍTIL VEIÐI Laxár landsins hafa gefið óvenju lítið af sér það sem af er sumri.

INGVI HRAFN JÓNSSON Segir laxasprengingu í vændum.

Margar kenningar hafa verið uppi um mögulegar orsakir þess að laxgengdin er eins lítil og raun ber vitni en ljóst þykir að miklir þurrkar og sólríkur júnímánuður hafi áhrif, enda flestar ár vatnsminni en venjulega á þessum árstíma. Ingvi Hrafn hefur fulla trú á að laxinn skili sér.

„Einu áhrifin sem þetta hefur er að veiðin í júní er léleg en þá verður þeim mun meira í hinum mánuðunum. Og ég hef opið til 20. september þannig að það er nægur tími til stefnu,“ sagði Ingvi Hrafn og glotti.

- vig

Nú er opið alla sunnudaga á Dalvegi 4. í Kópavogi.

Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.
Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Ljúffengar lambalundir á grillið.

Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.

Þægindi!

aðeins

20
mínútna

eldunartími



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



Ævintýralegar sælkerabúðir

Opið virka daga frá kl. 10:00 - 18:30
Laugardaga frá kl. 11:00 - 17:00
Sunnudaga frá kl. 11:00 - 17:00





BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

Biljónsdagbók 1.7.2007

OMXI15 var 8.279,60, þegar Elzbieta kom með morgunkaffi út á austursvalirnar við Smáragötuna, og S&P500 var 1.502,56 þegar ég var búinn að koma Elzbietu í skilning um með hjálp pólsk-íslenska orðalistans frá pólsk-íslensku vinnu-miðluninni í Grudziadz að vantaði smjör og marmelaði. Elzbieta varð miður sín út af þessu á þriðja degi í vistinni og tautaði í sífellu „przepraszam“ um leið og hún hvarf inn um svaladyrnar. Huggulega vaxin, hún Elzbieta. Ótrúlegt að eitthvað sem hægt er að horfa á og drímabát skuli geta leynst á pólskri „Flateyri“ eins og Grudziadz. En væ nott? Mallí er frá Raufarhöfn. Mér þótti hún fín. Þá.

ÉG TÓK ÞAÐ RÓLEGA. Við hjá Chinese Viking Ventures hækkuðum í gær yfirtökutilboð í smokkaverksmiðju í Lianyungang. Rússarnir eiga að fá það í dag. Iwaunt Moore segir að þeir séu harðir en eigi eftir að linast. Hann sér mikla peninga í þessu; það stefni alltaf allt upp á við þegar smokkar séu annars vegar. Ég vildi að við Mallí gætum sagt það sama. Smokkaverksmiðjan á Kópaskeri var algjört flopp fyrir mig og Byggðastofnun og íbúnum um hætti að fjölga.

GUNNI NÁGRANNI kom í síðdegisöllara, þykir gott að gleyma samfélagslegu ábyrgðinni yfir glasi af bjór. Hann er þjakaður af samfélagslegri ábyrgð. Það stórsér á honum. Hann getur ekki keypt bindi hjá Sævari Karli án þess að millifæra strax á eftir 1.000 kr. til Mæðrastyrksnefndar. Ég útskýrði fyrir honum að „samfélagsleg ábyrgð“ væri bara branding konsept eins og Kolviður. Enginn ætlaðist til – og síst af öllu Viðskiptaráð Íslands – að menn létu þetta eyðileggja fyrir sér ánægjuna af því að geta veitt sér allt sem hugurinn gírnist og aðrir verða að borga fyrir þá. Samfélagsþroski gerði ekki neitt fyrir EBITDA.

GUNNI hefur núna mestar áhyggjur af því að vera ekki í nógu kolefnisjafnvægi. Hann hellti yfir mig sótsvörtum skömmum þegar ég sagði að við Mallí hefðum ekki látið hræra okkur út í þennan kolefnisjafning. Þegar ég bauð honum kótiletur af viðarkolagrillinu sagðist hann því miður ekki geta verið þekktur fyrir að borða grillmat hjá fólki sem hefði ekki áhuga á að kolefnisjafna sig.

ÉG HEF ekki fengið neitt boð í laxveiði í sumar. Ég skil ekkert í þessu. Baddi er búinn að fá nú boðskort, maður sem er alltaf til vandræða í veiðihúsum, tætti upp í fyrra rándýrt leðursófa sett við Vatnsdalsá. En það var ekkert boðskort til mín í póstinum í dag. Getur verið rétt, sem Gunni sagði, að bíssnessmenn, sem væru ekki að kolefnisjafna, færu á svartan lista?

www.icelandexpress.is/afangastadir

Farðu þvers og kruss um Skandinavíu!



Flug með Iceland Express, bíll frá Budget og heim frá öðrum áfangastað

» Skandinavía er dásamleg og Iceland Express býður þér ódýrt flug til Stokkhólms, Gautaborgar, Óslóar, Kaupmannahafnar og Billund. Skelltu þér út, leigðu ódýran bílaleigubíl og kannaðu fögur svæði Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur, allt í sömu ferðinni. Svo er ekkert mál að fljúga til eins áfangastaðar og fara heim frá öðrum.

Þú bókar ódýrt fargjald til Skandinavíu á www.icelandexpress.is og bílaleigubílinn á www.icelandexpress.is/bilaleiga



» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá heimingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Eftalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is



Iceland Express

